Við gerð frumvarpsins hefur þeirri reglu verið fylgt að samþykkja ekki nýjar stöður á vegum ríkisins nema í undantekningartilvikum og þá eftir ítarlegar viðræður ráðuneyta. Fjöldgun ríkisstarfsmanna er fyrst og fremst tengd nýjum lögbundnum viðfangs-efnum og nýjum stofnunum. Vegna þessa fjölgar stöðum hjá ríkinu nokkuð, t. d. vegna reksturs geðdeildar Landspítalans sem staðið hefur fullbúið um nokkurn tíma, en þar er gert ráð fyrir 40 nýjum stöðum. Stefnt er að auknum umsvifum í krabbameinslækningum og starfsmönnum í stofnunum afbrigðilegra barna fjölgar nokkuð. Einnig fjölgar starfsmönnum við afleysingahjónustu í sveitum vegna laga um það efni, svo að annað dæmi sé nefnt. Í öllum tilvikum fjölgar starfsmönnum í mörgum áföngum og er fjárveitingum þannig hagað, að ráðning starfsmanna dreifist yfir árið.

Fjárveitingarbeiðnir nær allra ríkisstofnana voru verulega skornar niður við frumvarpsgerðina, eins og oft áður, en sérstök ástæða er til að nefna eftirfarandi atriði sem miða að hagræðingu í ríkiskerfinu og takmörkun ríkisútgjalda:

1. Útgerð skipa Landhelgisgæslunnar er fyrirhuguð þannig, að þrjú skip verði í rekstri á árinu og að auki er ætlast til þess að skipin verði til skiptis í höfn um sumartímamann meðan sumarleyfi standa yfir. Í fluggæslu er gert ráð fyrir rekstri einnar Fokker-flugvélar og tveggja þyrta. Rekstrartilhögun þessi felur í sér allnokkurn samdrátt og þá nýtingu á tækjakosti sem heppilegust er talin. Í fjárlögum 1980 var ákveðin sala eldri Fokker-vélar stofnunarinnar og sala á Árvakri. Að auki er nú gert ráð fyrir sölu á varðskipinu Þór á árinu 1981.
2. Framlög til útgerðar skipa Hafrannsóknastofnunar eru miðuð við 9 mánaða úthald, auk þess sem stefnt er að aukinni hagræðingu á rekstri skipanna.
3. Stefnt er að því að endurskipuleggja skólalald hússtjórnarskóla og eru fjárveitingar til þeirra verulega lægri að raungildi en á yfirstandandi ári.
4. Áformað er að uppgjör Innheimtustofnunar sveitarfélaga við Tryggingastofnun ríkisins verði tíðari en nú er og Tryggingastofnun og ríkissjóður verði ekki fyrir heinum fjárútlátum vegna meðlagsgreiðslna.

5. Verið er að kanna leiðir til að draga úr kostnaði við rekstur tilraunabúa landbúnaðarins.
6. Áformað er að taka upp þá reglu, að innheimtumenn ríkissjóðs skili öllum innheimtum tekjum jafnóðum til ríkissjóðs en fái fjárveitingar úr ríkissjóði til reksturs embætta sinna.
7. Unnið verður að endurskipulagningu Bifreiðaeftirlits ríkisins með það fyrir augum að draga úr kostnaði við skoðun bifreiða í samræmi við álit nefndar sem skilaði tillögum um breytta starfsemi Bifreiðaeftirlitsins á s. l. vetri.
8. Ákvæði laga um styrki til jarðræktar, framræslu og búfjárræktar verða tekin til athugunar í tengslum við nýja stefnumótun í landbúnaðarmálum.
9. Haldið verður áfram úttekt á starfsemi ýmissa ríkisstofnana, m. a. á rekstri Orkustofnunar, rekstri Pósts og síma, Jarðvarmaveitna ríkisins, Jarðborana ríkisins, Ríkisútvarpsins og fleiri stofnana.
10. Athugað verður um sameiningu stofnana, sem hafa með höndum skylda starfsemi, í því skyni að draga úr stjórnunarkostnaði, og á þetta t. d. við um Landmælingar Íslands og Sjólmælingar Íslands; embætti yifrdýralæknis og Sauðfjárveikivarnir.

Framlög til framkvæmda nema alls 87,6 milljörðum króna og er það 53% hækkun frá fyrra ári. Að raungildi er aukning opinberra framkvæmda ekki þetta mikil þar sem fjárhagslega óarðbærar framkvæmdir, t. d. sveitarafvæðing og styrking dreifikerfis í sveitum, eru nú í stórauðnum mæli fjármagnaðar með beinu framlagi úr ríkissjóði í stað lántöku.

Umfangsmestar eru opinberar framkvæmdir á sviði orkumála. Verulegum áfanga verður náð í byggðalínuframkvæmdum í árslok 1981, en þá er stefnt að tengingu Hafnar í Hornafirði við landskerfið. Ákvörðun um næstu stórvirkjun verður væntanlega tekin á komandi ári.

Í frumvarpinu kemur fram að lántökur til A- og B-hluta ríkissjóðs nema alls 58 milljörðum króna. Þar af eru lántökur til orkumála 37,2 milljarðar króna. Auk þess verður aflað 49,2 milljarða króna lánsfjár til framkvæmda á vegum Landsvirkjunar. Þetta sýnir vægi orkumála í framkvæmdum. Brýnt er að leita skynsamlegra markmiða í orkubúskap landsmanna og leita hagkvæmustu leiða að þeim markmiðum. Það er verulegt áhyggjuefni hve orkuframkvæmdir eru fjármagnaðar í ríkum mæli með lánsfjármagni en að litlu leyti með eigin fé orkufyrirtækjanna.

Lánsfjáröflun ríkissjóðs á árinu 1981 er nú í athugun í tengslum við heildaráætlun um innlenda og erlenda lánsfjáröflun til opinberra aðila og atvinnufyrirtækja.

Ríkisstjórnin og bankastjórn Seðlabankans hafa ákveðið að opnaðir verði spari-reikningar í bönkum og sparisjóðum með fullri verðtryggingu. Ekki er enn fengin mikil reynsla af þessu nýja innlánsformi en ljóst er að leita verður allra leiða til að efla innlandan sparnað.

Í frumvarpinu er að því stefnt að endurgreiðslur lána í A-hluta ríkissjóðs nemi 2 milljörðum króna umfram lántökur. Lánsfjármál taka vaxandi rými í fjárlögum og má í því sambandi nefna að afborganir af lánnum eru alls áætlaðar 21,5 milljarður króna og vaxtagreiðslur 19,6 milljarðar króna eða alls 41,1 milljarður króna, og eru þá ótaldir vextir- og afborganir B-hluta fyrirtækja.

Fjárfestingar- og lánsfjáráætlun fyrir árið 1981 verður lögð fram í nóvemberbyrjun á Alþingi og verður þá hægt að meta framkvæmdir ríkisins með hliðsjón af heildarmagni framkvæmda í landinu, en miðað er við að fjárfestingar nemi rúmlega fjórðungi þjóðartekna.

YFIRLIT OG SAMANBURÐUR VIÐ FJÁRLÖG 1980

Meginforsendur frumvarpsins

Fjárlagafrumvarpið er fellt að ákveðnum forsendum um þróun launa, verðlags og gengis frá 1980 til 1981. Launaáætlun fjárlaga 1980 var miðuð við hækkun launa á árinu 1980 þannig að vegin hækkun frá upphafi til loka árs næmi um 14%. Nú er ljóst að sú launaþróun sem orðið hefur til septemberloka 1980 auk spár um 10,5% hækkun verðbótavísitölu 1. des. n. k. leiðir til verulega meiri hækkunar launa en reiknað var með, eða 21—22% að meðaltali á árinu, og eru þá ákvæði kjarasamnings fjármálaráðherra og BSRB ótalin. Laun einstakra stofnana eru sett fram í frumvarpinu á áætluðu áramótaverðlagi n. k. og er hækkun launa 1. des. n. k. þá áætluð 10,5%. Áætluð vegin launahækkun á árinu 1981 er 15% en þar við bætast áhrif kjarasamningsins frá ágúst s. l. Á sérstökum lið fjármálaráðuneytis eru 25,6 milljarðar króna til ráðstöfunar vegna launamála á árinu 1981. Þegar gengið var frá frumvarpinu höfðu enn ekki tekist samningar milli Alþýðusambands Íslands og Vinnuveitendasambands Íslands. Ógerlegt er við gerð frumvarpsins að áætla þann kostnaðarauka sem væntanlegir samningar munu hafa í för með sér beint og óbeint fyrir ríkissjóð. Frumvarpið byggir á því að innlent verðlag hækki um 42% milli árana 1980 og 1981. Fjárveitingar til almenns reksturs stofnana taka þó mið af 46—48% hækkun frá fjárlögum vegna meiri verðbólgu á árinu 1980 en fjárveitingar á fjárlögum 1980 miðuðust við.

Tekjuáætlun þessa frumvarps er meðal annars reist á þeim forsendum um breytingar kauplags og verðlags sem að framan eru raktar, þ. e. að tekjur og verðlag hækki að meðaltali um 42% milli árana 1980 og 1981. Áætlanir um helstu stofna óheimna skatta eru miðaðar við að velta aukist um 1,3% að raungildi frá fyrra ári. Í áætlun um aðflutningsgjöld er gert ráð fyrir 1,5% aukningu almenns vöruinnflutnings og að innflutningsverð hækki um 8% í erlendri mynt en 42% í krónum. Ekki er reiknað með meiri háttar tollabreytingum á árinu enda kom síðasti tollalækkunaráfangi skv. samningum Íslands við EBE og EFTA til framkvæmda 1. janúar 1980. Því er reiknað með óbreyttri samsetningu innflutnings frá þessu ári að öðru leyti en því að gert er ráð fyrir nokkrum samdrætti í innflutningi bíla og olfu eins og nánar er vikið að í athugasendum um tekjuáætlun. Áætlanir um tekju- og eignarskatta einstaklinga eru miðaðar við að skattbyrði sem hlutfall af tekjum greiðsluárs haldist óbreytt milli árana 1980 og 1981. Áformað er að verulegar breytingar verði á tekjuhlið fjárlagafrumvarpsins við meðferð þess á Alþingi. Lagt verður fram frumvarp um ýmsar breytingar á lögum um tekju- og eignarskatt í ljósi fenginnar reynslu af fyrstu álagningu samkvæmt þessum nýju lögum. Nokkrir skattar, sem falla eiga úr gildi um næstu áramót, m. a. skattur á skrifstofu- og verslunarhúsnæði, jöfnunargjald, aðlögunargjald af innflutningi, sérstakt vörugjald, álag á ferðagjaldeyri og sjúkratryggingagjald, verða til nánari athugunar á næstu vikum. Gert er ráð fyrir að skattvísitala verði ákveðin 145 stig, og er það heldur minni hækkun en nemur hækkun kauptaxta milli árana 1979 og 1980 (48%) en heldur meiri hækkun en forsendur frumvarpsins um tekju- og verðlagsbreytingar milli árana 1980 og 1981 eru byggðar á (42%). Er þá jafnframt haft í huga að ýmsar breytingar verði gerðar á lögum um tekju- og eignarskatt, lögum um sjúkratryggingagjald og hugsanlega fleiri skattalögum. Á hinn bóginn er gert ráð fyrir að nýbyggingagjald verði afnumið. Í tekjuáætlun er tekið tillit til áorðinna gjaldskrárbreytinga og jafnframt reiknað með að þeir skattar sem fylgja verðlagi hækki í samræmi við verðlagsforsendur frumvarps og að gjaldskrár verði breytt samkvæmt því. Að öðru leyti er miðað við óbreytt lög og reglur um mikilvægustu skatta frá því sem er í september 1980.

Athygli er vakin á að rekstrarliðir og tekjur B-hluta fyrirtækja, sem ekki fá rekstrarframlög úr ríkissjóði, eru á því verðlagi sem notað var við tillögugerð. Að venju verður nánar fjallað um fjármál þessara fyrirtækja af fjárveitinganefnd.

Uppsetning frumvarpsins og greinargerð þess er því sem næst óbreytt frá frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 1980. Þó hefur í greinargerðinni verið leitast við að gefa gleggri mynd af fjárveitingum með því að sýna samanburð við fjárlög í töfluyfirlitum.

Gjaldahlið

Heildarútgjöld á rekstrarreikningi eru 526 515 m.kr. og er hækkun um 183 275 m.kr. frá fjárlögum eða 53,4%. Af heildarhækkun útgjalda nemur hækkun markaðra tekjustofna 13 092 m.kr. eða 35,2%. Hækkun að frátöldum mörkuðum tekjustofnum verður þannig 170 183 m.kr. eða 49,6% eins og sést af eftirfarandi yfirliti.

| | Fjárlög | Frumvarp | Hækkun | |
|---------------------------------------|---------|----------|---------|------|
| | 1980 | 1981 | M.kr. | % |
| Útgjöld á rekstrarreikningi | 343 240 | 526 515 | 183 275 | 53,4 |
| Þar af markaðir tekjustofnar | 37 113 | 50 205 | 13 092 | 35,2 |
| Útgjöld án markaðra tekjustofna | 306 127 | 476 310 | 170 183 | 55,6 |

Forsendur frumvarpsins fela m. a. í sér að framlög til helstu fjárfestingarlánasjóða eru skert. Þessi lækkun nær m. a. til sjóða sem hafa markaða tekjustofna og nemur sú lækkun 335,9 m.kr., sbr. töfluyfirlit 9 og 10. Yfirlit hér á eftir sýnir skiptingu ríkisútgjalda 1981 á helstu gjaldategundir ásamt samanburði við fjárlög 1980. Á eftir töflunni fylgja skýringar á helstu orsökum útgjaldahækkunarinnar.

| | Fjárlög | Frumvarp | Hækkun | |
|----------------------------------------------|---------|----------|---------|------|
| | 1980 | 1981 | M.kr. | % |
| Rekstrarliðir og rekstrartilfærslur: | M.kr. | M.kr. | M.kr. | % |
| Laun | 96 237 | 155 089 | 58 852 | 61,2 |
| Önnur rekstrargjöld | 21 607 | 33 976 | 12 369 | 57,2 |
| Viðhald | 9 942 | 15 202 | 5 260 | 52,9 |
| Vextir | 15 882 | 19 588 | 3 706 | 23,3 |
| Almannatryggingar | 86 535 | 129 612 | 43 077 | 49,8 |
| Niðurgreiðslur | 24 400 | 31 000 | 6 600 | 27,0 |
| Útflutningsbætur | 8 400 | 12 000 | 3 600 | 42,9 |
| Oliustyrkur | 4 000 | 5 000 | 1 000 | 25,0 |
| Efnahagsráðstafanir | — | 12 000 | 12 000 | |
| Aðrar rekstrartilfærslur | 25 097 | 35 308 | 10 211 | 40,7 |
| Samtals | 292 100 | 448 775 | 156 675 | 53,6 |
| Frá dregst: sértekjur | 6 117 | 9 860 | 3 743 | 61,2 |
| Mimunur | 285 983 | 438 915 | 152 932 | 53,5 |
| Framkvæmdaframlög: | | | | |
| Hreinar ríkisframkvæmdir | 18 971 | 28 878 | 9 907 | 52,2 |
| Framkvæmdir kostaðar af fleiri aðilum .. | 12 938 | 17 400 | 4 462 | 34,5 |
| Fjárfestingarstyrkir til sveitarfélaga | 1 868 | 2 636 | 768 | 41,1 |
| Fjárfestingarstyrkir til einstaklinga | 256 | 324 | 68 | 26,6 |
| Framlag til fjárfestingarlánasjóða | 15 280 | 23 333 | 8 053 | 52,7 |
| Framlög til lánagreiðslna og endurlána .. | 7 944 | 15 029 | 7 085 | 89,1 |
| Samtals | 57 257 | 87 600 | 30 343 | 53,0 |
| Heildarútgjöld í A-hluta | 343 240 | 526 515 | 183 275 | 53,4 |

Laun. Launaliður frumvarpsins nemur alls 155 089 m.kr. en nam í fjárlögum 1980 96 237 m.kr. Hækkunin nemur 58 852 m.kr. eða 61,2%. Hækkun launa skýrist með eftirfarandi yfirliti og greinargerð.

| | Fjárlög | | Frumvarp | |
|-----------------------------------------|---------|---------|----------|-------|
| | 1980 | 1981 | Hækkun | |
| | M.kr. | M.kr. | M.kr. | % |
| Launaliður alls | 96 237 | 155 089 | 58 852 | 61,2 |
| Vegna launahækkana á fjárlagaárinu | 11 900 | 25 570 | 13 670 | 114,8 |
| Laun á áramótaverðlagi hvors árs | 84 337 | 129 519 | 45 182 | 53,6 |

Launaáætlun fjárlaga 1980 var miðuð við að laun hækkuðu á árinu 1980 í samræmi við niðurtalningarstefnu ríkisstjórnarinnar. Hækkun þessi jafngilti um 14% á árinu og voru 11 900 m.kr. áætlaðar á sérstökum lið til að mæta henni. Nú er ljóst að hækkun launa verður nokkru meiri á árinu 1980, eða um 21—22% að meðaltali, en sú hækkun skýrist af 6,67% hækkun verðbótavísitölu launa 1. mars 1980, 11,7% 1. júní, 8,57% 1. september og spá um 10,5% hækkun 1. des. n. k. Hækkun launataxta opinberra starfsmanna frá áramótum 1979/1980 til áramóta 1980/1981 nemur því 42,9%. Það er sú hækkun sem notuð er til viðmiðunar við hækkun launa einstakra stofnana, þar sem laun á einstökum stofnunum eru tilgreind í fjárlagafrumvarpinu á verðlagi í lok árs 1980. Á hliðstæðan hátt voru laun tilgreind í fjárlögum 1980. Á liðnum 09-989 undir fjármálaráðuneytinu er áætlað fyrir 25 570 m.kr. Fjárhæðinni er ætlað að mæta þrem útgjaldabáttum á árinu 1981. Þyngst vegur almenn launahækkun opinberra starfsmanna vegna verðbótabáttar launa á árinu 1981 að upphæð 20 490 m.kr. Áætlað er að vegin launahækkun verði um 15%. Þá hafa áhrif kjarasamnings opinberra starfsmanna og fjármálaráðherra frá ágúst 1980 ekki verið metin til útgjalda einstakra stofnana en samningarnir í heild eru taldir valda ríkissjóði 4 500 m.kr. viðbótarkostnaði á fjárlagaárinu. Að lokum er áætlað fyrir 580 m.kr. til að mæta launaútgjöldum bæjarfógeta- og sýslumannsembætta. Ráðstöfun þessa fjár á sér stað í tengslum við endurskoðun á fjármeðferð embættanna.

Hækkun launaliðar frumvarpsins, að frádreginni þeirri fjárhæð sem ætluð er til að mæta launahækkun á fjárlagaárinu 1981, nemur 53,6%. Þetta er meiri hækkun en hækkun almennra launataxta gefur tilefni til, en það er 42,9% eins og áður sagði. Hækkun umfram launataxta skýrist í meginráttum af eftirfarandi fjórum þáttum.

1. *Ný starfsemi, framkvæmd gildandi laga og nýjar stöður.* Alls nemur hækkun launaliðarins vegna nýrra staða um 1 500 m.kr. Þar af eru 805 m.kr. vegna stöðufjölgunar á ríkisspítölum og heilsugæsiustöðvum, 44 m.kr. vegna aðstoðar við þroskahefta, 172 m.kr. vegna forfalla- og afleysingaþjónustu í sveitum, 25 m.kr. vegna Vinnueftirlits ríkisins, 149 m.kr. vegna stofnana afbrigðilegra barna, 22 m.kr. vegna stöðufjölgunar í Heyrnleysingjaskólanum og 283 m.kr. vegna ýmissar annarrar starfsemi.
2. *Tilfærsla verkefna á launalið.* Nokkrir veigamiklir útgjaldabættir eru færðir til í frumvarpinu og hækka þar af leiðandi launalið frumvarpsins. Flugmálastjórn er nú gerð að A-hluta stofnun en launaliður þeirrar stofnunar er alls 1 777 m.kr. Starfslaun presta og prófosta teljast til launa í stað rekstrargjalda og nema 78 m.kr. og laun hjúkrunarnema, meðan á bóklegu námi stendur, féllu niður í fjárlögum 1980 en nú er áætlað fyrir þeim samtals 265 m.kr. Þá má geta þess að útgjöld vegna réttindanáms kennara teljast til rekstrargjalda á yfirstandandi ári en kostnaður samfara þessari starfsemi er að langmestu leyti vegna kennslukostnaðar og nemur um 61 m.kr. Hluti framlags til eftirlaunasjóðs aldraðra er talinn til yfirfærslu 1980 en flokkast nú með launum og nemur hækkun af þessum sökum 397 m.kr. Alls má því rekja 2 578 m.kr. til þessa þáttar.

3. *Endurmat og leiðrétting launaliða.* Með hliðsjón af þróun launaliðar fjárlaga 1979 og 1980 hefur þótt nauðsynlegt að leiðrétta launagrunn nokkurra stofnana. Í þessu tilliti vega langþyngst yfirvinna og álagsgreiðslur á ríkisspítölum en alls nema útgjöld umfram taxtabreytingar vegna þessa um 900 m.kr., sbr. greinargerð um ríkisspítala. Launaliður grunnskóla fór allverulega fram úr fjárlögum 1979 og horfur eru á að svo verði einnig 1980. Leiðrétting á grunni skólanna auk nokkurrar magnbreytingar hefur í för með sér um 800 m.kr. viðbótarútgjöld. Launaútgjöld vegna framhaldsskólastigsins aukast um 1 240 m.kr., þar af um 470 m.kr. vegna Ármúlaskóla sem á komandi skólaári verður rekinn sem framhaldsskóli. Þá bendir innritun nema í framhaldsskóla fyrir skólaárið 1980—1981 til verulegrar fjölgunar nema frá yfirstandandi ári. Auk þessa hefur komið fram vanáætlun á launum nokkurra skóla sem nú er leiðrétt. Flokka-tilfærslur vegna áunninna réttinda kennara leiða einnig til hækkunar launa. Til þessara atriða má rekja um 770 m.kr. Gengisuppfærsla á laun sendiráða eykur launaútgjöld um 207 m.kr. Samtals nema þessir liðir því 3 147 m.kr.
4. *Hlutastörf, flokkaskrið o.fl.* Í fjárlögum 1980 var nokkur stöðufjölgun heimiluð á ríkisspítölum, heilsugæslustöðvum, vegna forfalla- og afleysingaþjónustu í sveitum o.fl. Fjárveitingar til þessara staða eru þó takmarkaðar við ráðningu hluta úr ári. Á árinu 1981 er áætlað fyrir stöðunum allt árið. Ávallt er um flokkaskrið og aðrar tilfærslur að ræða sem skýra nokkra hækkun launa umfram beinar taxtahækkningar. Hér má nefna áhrif kjarasamninga og verðbótavísitölu á laun Sóknarfólks frá fyrri hluta árs 1979, kjarasamninga lækna frá 1979 sem einnig voru vanmetnir í fjárlögum 1980 o. fl. Til þessa þáttar má telja um 1 500 m.kr. af launahækkuninni. Fjárveiting vegna launa til nokkurra stofnana felur í sér samdrátt á starfsemi og tiltekna hagræðingu. Í þessu sambandi má nefna framlög til landhelgisgæslu, skipaútgerðar hafrannsóknastofnunar og til hússtjórnarskóla, en gert er ráð fyrir að starfræksla þeirra skóla breytist frá því sem nú er. Um einstakar aðgerðir á þessu sviði er fjallað í greinargerðinni undir einstökum ráðuneytum.

Önnur rekstrargjöld. Þessi liður hækkar um 12 369 m.kr. eða 57,2%. Almenn verðlagsbreyting þessa liðar frá 1980 til 1981 er talin um 42%. Við gerð frumvarpsins hefur verið gengið út frá nokkru hærri verðbreytingu, eða 46—48%, og er það gert vegna þess að verðbreyting á árinu 1980 fór verulega fram úr því sem miðað var við í fjárlögum 1980. Nokkrar tilfærslur eiga sér stað milli rekstrargjalda og annarra rekstrarliða. Þyngst vega rekstrargjöld flugmálastjórnar en rekstrargjöld þeirrar stofnunar nema 753 m.kr. Þá hækka rekstrargjöld héraðsskóla og nokkurra annarra stofnana umfram viðmiðunarhlutfall en í ljósi reynslu ársins 1980 voru rekstrargjöld vanáætluð. Rekstrargjöld nokkurra fjárfrekra stofnana lækka að tiltölu. Ber þar að nefna Hafrannsóknastofnun, Landhelgisgæslu og Vegagerð ríkisins.

Viðhald. Hækkun viðhaldsliðar er 5 260 m.kr. eða 52,9%. Almenn forsenda um hækkun vísitölu byggingarkostnaðar frá meðaltali 1980 til 1981 er um 42%. Viðhaldsliður Vegagerðar ríkisins nemur 10 800 m.kr. eða 71% alls viðhalds A-hluta fjárlaga og hækkar það um 41,1% milli ára. Viðhald til annarra verkefna nemur því 4 402 m.kr. og hækkar frá fjárlögum um 2 110 m.kr. eða 92,1%. Fjárveiting til viðhalds á ríkisspítölum, sjúkrahúsum, sem njóta daggjalda og á heilsugæslustöðvum nemur alls 1 966 m.kr. en það er 45,7% hækkun frá fyrri ári. Framlag til annarra verkefna nemur þar af leiðandi 2 298 m.kr. og hækkar um 143%. Viða hefur skort á viðhald opinberra bygginga. Á hliðstæðan hátt og 1980 er leitast við að bæta úr brýnni viðhaldsþörf og er megináhersla lögð á að eignum hraki ekki.

Vextir. Alls eru vaxtagreiðslur áætlaðar 19 588 m.kr. og er það 3 706 m.kr. hærri fjárhæð en í fjárlögum 1980. Vextir af lánum í Seðlabanka hækka um 1 763

m.kr. en áætlað er að vextir af öðrum lánum hækki um 1 943 m. kr. Alls eru vaxta-greiðslur til Seðlabankans á árinu 1981 áætlaðar 9 763 m.kr. Að lántöku- og vaxta-málum ríkissjóðs er vikið nánar síðar í greinargerðinni.

Almannatryggingar. Framlög til almannatrygginga hækka um 43 077 m.kr. eða 49,8%. Hér er reiknað með verðlagsbreytingu frá meðalverðlagi 1980 til meðalverð-lags 1981. Framlög taka því ekki breytingum, að óbreyttum reglum um trygginga-bætur, nema verðlagsforsendur ársins 1981 reynist aðrar en gert er ráð fyrir í frumvarpinu. Útgjöld vegna lífeyristrygginga hækka samtals um 21 898 m.kr. eða 51,2%. Um 600 m.kr. hækkunarinnar eru vegna sérstakrar 5% hækkunar tekjutrygg-ingar frá miðju ári 1981. Útgjöld sjúkratrygginga hækka um 21 250 m.kr. eða 49,6% og er umfram verðlagsbreytingu. Ýmsir þættir skýra þessa umframhækkun, s. s. hækkun vistgjalda, áætluð halladaggjöld, hækkun lyfjakostnaðar o. fl. Að lokum má geta þess að iðgjöld atvinnurekenda til slysatrygginga lækka um 72 m. kr. Að öðru leyti vísast til athugasemda um einstaka liði almannatrygginga síðar í greinargerðinni.

Niðurgreiðslur. Á þessum útgjaldalið verður 6 600 m.kr. hækkun og nemur liður-inn alls 31 000 m.kr. Áætluð útgjöld 1981 miðað við niðurgreiðslustig í september 1980 er 29 600 m.kr. Þess ber að geta að framlag til lífeyrissjóðs bænda nemur 1 800 m.kr. Óráðið er hvaða ákvarðanir verða teknar í niðurgreiðslumálum, en til sér-stakra efnahagsráðstafana er áætlað fyrir 12 000 m.kr. undir fjármálaráðuneyti. Til frekari skýringar um þennan lið vísast til almennra athugasemda með frumvarpinu.

Útflutningsuppbætur. Áætlaðar uppbætur á útfluttar landbúnaðarafurðir nema alls 12 000 m.kr. en það er 3 600 m.kr. hærri fjárhæð en í fjárlögum 1980 eða 42,9%. Er þá miðað við fullnýtingu verðabyrgðar ríkissjóðs á árinu sem er 10% af fram-leiðsluverðmæti landbúnaðarvara samkvæmt mati Hagstofu Íslands.

Olfustyrkur. Með lögum nr. 53/1980 eru settar breyttar reglur frá fyrri lögum um útreikning olfustyrks. Lög þessi komu til framkvæmda á 2. ársfjórðungi 1980. Samkvæmt lögnum er heimilt að veita styrki til heimila, til skóla og til stillingar kynditækja. Óljóst er hver útkoman verður miðað við fyrra fyrirkomulag en almennt má gera ráð fyrir að styrkþegum fækki nokkuð vegna tengingar hitaveitna, en á móti koma víðtækari styrkveitingar en áður. Alls eru áætluð útgjöld 5 000 m.kr. en það er 1 000 m.kr. hærri fjárhæð en í fjárlögum 1980.

Efnahagsráðstafanir. Á sérlið undir fjármálaráðuneyti er áætlað fyrir 12 000 m.kr. til þess að mæta aðgerðum í efnahagsmálum á árinu 1981. Ákvarðanir um ráð-stöfun fjáris liggja ekki fyrir að svo stöddu.

Aðrar neyslu- og rekstrartilfærslur. Þessi liður útgjalda hækkar um 10 211 m.kr. eða 40,7%. Til glöggvunar eru í eftirfarandi yfirliti sýndir stærstu liðir og saman-burður gerður við fjárlög 1980.

| | Fjárlög | | Hækkun | |
|----------------------------------------|---------|--------|--------|------|
| | 1980 | 1981 | M.kr. | % |
| Lánasjóður ísl. námsmanna | 5 395 | 8 092 | 2 697 | 50,0 |
| Þjóðleikhúsið | 856 | 1 283 | 427 | 49,9 |
| Sinfóníuhljómsveit | 231 | 365 | 134 | 58,0 |
| Jöfnun námskostnaðar | 420 | 630 | 210 | 50,0 |
| Aflatryggingarsjóður | 501 | 869 | 368 | 73,5 |
| Fiskleit, vinnslutilraunir o. fl. | 210 | 308 | 98 | 46,6 |
| Strandferðir | 1 703 | 2 025 | 322 | 18,9 |
| Flugmálastjórn | 1 294 | — | ÷1 294 | |
| Aðrir liðir | 14 487 | 21 736 | 7 249 | 50,0 |
| Samtals | 25 097 | 35 308 | 10 211 | 40,7 |

Veigamesta skýring þess að rekstrartilfærslur hækka ekki meira en raun ber vitni er að framlög til flugmálastjórnar teljast ekki til tilfærslna, þar sem flugmálastjórn færirst nú undir A-hluta fjárlaga eins og vikið hefur verið að áður.

Framkvæmdaframlög. Framlög í A-hluta hækka í heild um 30 343 m.kr. sem er 53,0% hækkun frá fjárlögum 1980. Hækkun framlaga til hreinna ríkisframkvæmda er 9 907 m.kr. eða 52,2%, þar af 6 783,5 m.kr. vegna vegagerðar. Þess ber þó að geta að í lánsfjáráætlun fyrir árið 1980 var veitt auknu fé, 766 m.kr., til vegagerðar eftir að fjárlög voru samþykkt. Sé tekið tillit til þess verða hreinar ríkisframkvæmdir í vegamálum 6 017,5 m.kr. hærri 1981 en næsta ár á undan eða sem nemur 48,8%. Hækkun annarra ríkisframkvæmda er því 3 123,5 m.kr. Framkvæmdir kostaðar af ríki og fleiri aðilum aukast um 4 462 m.kr. eða 34,5%. Í þeirri hækkun vega þyngst framlög til grunnskóla og sjúkrahúsa og nemur hækkun þeirra liða 2 301 m.kr. en annarra liða 2 161 m.kr. Samtals hækka því framlög til verklegra framkvæmda um 14 369 m.kr. eða 45,0%. Miðað við verðlagsforsendu frumvarpsins, þ. e. 42,0% hækkun verðlags milli ára 1980 og 1981, er því heldur um aukningu að ræða. Fjárfestingarstyrkir til sveitarfélaga hækka um 768 m.kr. eða 41,1%, að lang mestu leyti vegna framlaga til gatnagerðar í kaupúnum og kaupstöðum. Fjárfestingarstyrkir til einstaklinga hækka um 68 m.kr. sem er 26,6% hækkun frá fyrra ári.

Framlög til fjárfestingarlánasjóða hækka um 8 053 m.kr. eða 52,7%. Eftirfarandi yfirlit sýnir breytingu á framlögum til fjárfestingarlánasjóða frá fjárlögum 1980.

| | Fjárlög 1980 m.kr. | Frumvarp 1981 m.kr. |
|------------------------------------------------|--------------------------|---------------------------|
| Byggingarsjóður ríkisins | 7 100,5 | 4 300,0 |
| Byggingarsjóður verkamanna | 432,5 | 7 500,0 |
| Bygðasjóður | 2 635,0 | 3 750,0 |
| Fiskveiðasjóður | 1 236,0 | 1 854,0 |
| Stofnlánadeild | 721,7 | 1 083,0 |
| Framkvæmdasjóður öryrkja og þroskaheftra | 1 060,0 | 2 010,0 |
| Lánasjóður sveitarfélaga | 201,8 | 315,0 |
| Erfðafjárjóður | 327,3 | 491,0 |
| Iðnlánasjóður | 300,0 | 425,0 |
| Iðnrekstrarsjóður | 100,0 | 150,0 |
| Aðlögunargjald | 850,0 | 1 050,0 |
| Þjargráðasjóður | 125,1 | 243,0 |
| Aðrir sjóðir | 190,4 | 162,2 |
| | <hr/> | <hr/> |
| Alls | 15 280,3 | 23 333,2 |

Um einstaka sjóði visast til almennra athugasemda frumvarpsins hér á eftir.

Framlög til lánagreiðslna og endurlána hækka um 7 085 m.kr. eða 89,1%. Af þessari hækkun eru 2 375 m.kr. vegna afborgana af lánum Kröfluvirkjunar og 2 260 m.kr. eru framlög til Orkusjóðs vegna tveggja verkefna sem fjármögnuð voru 1980 með lántökum en eru nú fjármögnuð með fjárveitingu. Þessi verkefni eru styrking dreifikerfis í sveitum og sveitarafvæðing.

Í yfirliti 7 er nánari sundurliðun á framkvæmdaframlögum.

Tekjuhlíð

Tekjuáætlun ríkissjóðs fyrir árið 1981 er að venju gerð í Þjóðhagsstofnun. Áætlunin sýnir innheimtar tekjur og er annars vegar reist á þeim þjóðhagsforsendum, sem getið er hér að framan, en hins vegar á áætlunum um tekjuinnheimtu ríkissjóðs á árinu 1980.

Innheimtar tekjur ríkissjóðs á árinu 1981 eru áætlaðar samtals 533,6 milljarðar króna samanborið við 371,9 milljarða í áætlun fyrir árið 1980 og 347,3 milljarða í fjárlögum ársins 1980 (endurgreiðsla uppsafnaðs söluskatts 1980 er þá frátalin til samræmis við innheimtutölur ríkisbókhalds og ríkisreikning). Samkvæmt tekju-áætluninni aukast heildartekjur ríkissjóðs um tæpa 162 milljarða króna eða 43,5% frá áætlaðri innheimtu 1980. Heildartekjur þessa árs eru á hinn bóginn áætlaðar 56% meiri en á árinu 1979.

| | 1979 | Fjárlög 1980 | Áætlun 1980 | Frumvarp 1981 |
|---------------------------------------------|---------|-----------------|----------------|------------------|
| Innheimtar tekjur ríkissjóðs, m.kr. | 237 771 | 347 311 | 371 887 | 533 618 |
| Aukning frá fyrra ári, % | 53,9 | 46,1 | 56,4 | 43,5 |

Eignarskattar. Samkvæmt upplýsingum ríkisskattstjóra nam álagður eignarskattur einstaklinga 3 883 m.kr. á árinu 1980 og álagður eignarskattur félaga 4 440 m.kr. Álagningin hefur því alls numið 8 323 m.kr. Samkvæmt þessum tölum hefur álagður eignarskattur einstaklinga hækkað um 85% frá árinu 1979, álagður eignarskattur félaga hefur hækkað um 70% og heildarálagningin um 76%. Áætlun fjárlaga ársins 1980 var miðuð við eldri skattalög og fremur litla hækkun eignastofns. Þannig var gert ráð fyrir 2 700 m.kr. álagningu eignarskatts á einstaklinga og 3 640 m.kr. álagningu á félög.

Áætlanir um álagningu eignarskatta á árinu 1981 eru miðaðar við meginforsendur frumvarpsins um breytingar verðlags og launa milli árána 1980 og 1981 og gert ráð fyrir að skattbyrði eignarskatta sem hlutfall af tekjum greiðslu-árs haldist óbreytt frá 1980 til 1981. Samkvæmt þessu er reiknað með að álagning hækki um 42% auk þess sem gert er ráð fyrir 1% aukningu eignastofns. Samkvæmt gildandi lögum um tekju- og eignarskatt breytist fjárhæð skattfrjálsrar eignar með skattvísitölu. Eins og áður kom fram er í frumvarpinu gert ráð fyrir að skattvísitala verði ákveðin 145 stig. Hvað eignarskatt varðar má reikna með að hækkun fasteignamats um áramót verði nokkru meiri en hækkun skattvísitölu en jafnframt er gert ráð fyrir endurskoðun skattstiga eignarskatts.

Á ofangreindum forsendum um álagningu, og miðað við að innheimta af álagningu og eftirstöðvum haldist óbreytt frá árinu 1979, er áætlað að innheimta eignarskatts einstaklinga nemi 5 020 m.kr. en innheimta eignarskatts félaga 5 600 m.kr. á árinu 1981. Þá er gert ráð fyrir að álagning byggingarsjóðsgjalds verði eins og verið hefur og nemi alls 106 m.kr.

Með lögum nr. 29/1980 var ákveðið að á sama hátt og á árinu 1979 skyldi lagður sérstakur skattur á verslunar- og skrifstofuhúsnæði á árinu 1980. Innheimta þessa skatts er nú áætluð 1 440 m.kr. samanborið við 1 300 m.kr. í fjárlögum. Í tekju-áætlun þessa frumvarps er gert ráð fyrir að þessi skattur verði lagður á og innheimtur á árinu 1981 með svipuðum hætti og verið hefur. Sömu forsendur gilda um skattbyrði af þessum skatti og af tekju- og eignarskatti og er því gert ráð fyrir að álagning aukist um 42% að viðbætti 1% aukningu eignastofns. Á þessum forsendum er álagning skattsins áætluð 2 425 m.kr. en innheimta 2 200 m.kr. að meðtalinni innheimtu af eftirstöðvum árána 1979 og 1980.

Tekjuskattar. Samkvæmt fyrirbyggjandi álagningartölum fyrir árið 1980 hefur álagður tekjuskattur einstaklinga, brúttó, þ. e. áður en barnabætur og afsláttur til greiðslu útsvars og sjúkratryggingagjalds hefur verið dreginn frá, numið 64,3 milljörðum króna og hækkað um 64% frá fyrra ári. Barnabætur nema 14,6 milljörðum og hækka um 75% og afsláttur til greiðslu útsvars og sjúkratryggingagjalds nemur 4,7 milljörðum króna og er nær þrefalt hærri en á árinu 1979. Nettó-álagning tekjuskatts einstaklinga hefur því samkvæmt þessum tölum numið tæpum 45 milljörðum króna og er það 1,5 milljörðum umfram fjárlagaáætlun. Á hinn bóginn verður að gera ráð fyrir að þessar fyrstu álagningartölur séu ofmetnar. Hér má nefna meðal

annars, að vegna hinna nýju ákvæða skattalaga um heimild til ákvörðunar launa sjálfstæðra atvinnurekenda af eigin rekstri eru fyrstu álagningartölur ótryggari en ella. Meira máli skiptir þó, að reynsla undangenginna ára, ekki síst ársins 1979, bendir til að endanlegar álagningartölur muni reynast nokkru lægri en fyrstu tölur. Með hliðsjón af þessu er nettó-álagning 1980 nú áætluð 43,7 milljarðar króna og er það svipað og í fjárlögum.

Tölur ríkisreiknings fyrir árið 1979 sýna annars vegar töluverða lækkun álagningartalna frá skattskrá 1979 en hins vegar virðist innheimta hafa orðið meiri í hlutfalli við gjaldfallnar tekjur, þ. e. álagðan skatt á árinu og eftirstöðvar frá fyrri árum, en bráðabirgðatölur gáfu til kynna. Samkvæmt þessu hafa fyrri áætlanir um gjaldfallnar eftirstöðvar í ársbyrjun verið of háar. Þessi atriði benda því til þess, að innheimtustofn tekjuskatts einstaklinga á þessu ári verði nokkru lægri en áður var talið, en á móti kemur heldur hærra innheimtuhlutfall, ef marka má reynslu síðastliðins árs. Að teknu tilliti til alls þessa má ætla miðað við sömu forsendur um innheimtu og á árinu 1979 að um 39 milljarðar verði innheimtir af tekjuskatti einstaklinga á árinu 1980, að meðtalinni innheimtu byggingarsjóðsgjalds og innheimtu af eftirstöðvum hinnar sérstöku álagningar í árslok 1978.

Áætlun um tekjuskatt einstaklinga á árinu 1981 er reist á fyrrnefndum forsendum um álagningu og innheimtu 1980. Sem fyrr segir er í frumvarpi þessu gert ráð fyrir að skattbyrði sem hlutfall af tekjum greiðsluárs haldist óbreytt milli árana 1980 og 1981. Hvað varðar skattvísitölu, sem ákvarðar breytingar frádráttarliða, skattstiga, persónuafsláttur og barnabóta, þá er gert ráð fyrir að hún verði ákveðin 145 stig, en jafnframt að gerðar verði breytingar á tekjuskattslögum, eins og áður kom fram. Samkvæmt þessu og í samræmi við meginforsendur frumvarpsins um launabreytingar 1980—1981 er gert ráð fyrir að álagning tekjuskatts einstaklinga hækki um 42% frá árinu 1980 til ársins 1981 en að auki er reiknað með að framteljendum fjölgi um 1%. Forsendur um innheimtuhlutfall eru hinar sömu og í áætlun fyrir árið 1980. Þá er gert ráð fyrir að byggingarsjóðsgjald verði lagt á og innheimt með sama hætti og verið hefur. Samkvæmt þessu er reiknað með að álagning og innheimta tekjuskatts einstaklinga (byggingarsjóðsgjald meðtalið) verði sem hér segir í milljónum króna:

| | Uppgjör 1979 | Áætlun 1980 | Frumvarp 1981 |
|---------------------------------------------|----------------------|----------------------|------------------|
| Eftirstöðvar 1. jan. | 5 033 | 7 411 | 12 178 |
| Brúttó-álagning | 37 729 | 62 980 | 90 313 |
| Til innheimtu | 42 762 | 70 391 | 102 491 |
| Innheimt, brúttó, 82,7% | 35 351 | 58 213 | 84 700 |
| Frádr. barnabætur og persónuafsláttur | 10 002 | 19 283 | 27 660 |
| Innheimt, nettó | 25 520 ¹⁾ | 39 000 ¹⁾ | 57 040 |

- 1) Að meðtalinni innheimtu af eftirstöðvum hins sérstaka tekjuskatts sem lagður var á haustið 1978 en hann verður að heita má úr sögunni á árinu 1981. Þar er um að ræða 171 m.kr. 1979 og 70 m.kr. 1980.

Álagt sjúkratryggingagjald á árinu 1980 nam 8 050 m.kr. og er það nokkru hærra fjárhæð en reiknað var með í áætlun fjárlaga. Jafnframt hefur innheimta gjaldsins á síðastliðnu ári reynst hærra hlutfall af innheimtustofni en gert var ráð fyrir í fjárlagaáætlun. Af þessum sökum er nú áætlað, miðað við innheimtureynslu liðins árs, að innheimta gjaldsins nemi 7 500 m.kr. á árinu 1980 samanborið við 7 200 m.kr. á fjárlögum. Við áætlun fyrir árið 1981 er gert ráð fyrir að gjaldið verði framlengt óbreytt og gengið út frá sömu forsendum um tekjubreytingar og skattbyrði og í

tekjuskattsáætlun. Samkvæmt því er talið að álagning sjúkratryggingagjalds nemi um 11 500 m.kr. á árinu 1981. Miðað við sömu innheimtuforsendur og í áætlun fyrir 1980 og að teknu tilliti til innheimtu áætlaðra eftirstöðva frá fyrri árum er innheimt sjúkratryggingagjald talið verða 10 550 m.kr. á árinu 1981.

Samkvæmt fyrirbyggjandi álagningartölum hefur álagður tekjuskattur félaga numið röskum 10,6 milljörðum króna á þessu ári en það er svipað og reiknað var með í fjárlögum. Á hinn bóginn er ljóst að mikla fyrirvara verður að hafa á fyrirbyggjandi álagningartölum. Hér má einkum nefna, að reynsla undangenginna ára og ekki síst síðastliðins árs bendir til að álagningartölur eigi eftir að lækka. Jafnframt er vitað að álagningartölur þessa árs eru að nokkru reistar á áætlunum og líklega í ríkari mæli en áður vegna erfiðleika við framkvæmd hinna nýju skattalaga. Vegna óvissunnar í þessum efnunum þykir að sinni ekki annað fært en að reikna með að endanlegar álagningartölur eigi eftir að reynast mun lægri en þær sem nú eru þekktar. Jafnframt má á það benda, að auk þess sem tekjuskattsáætlanir þykja nú óvenju ótryggar er allt mat á álagningu, innheimtu og eftirstöðvum jafnan miklum vandkvæðum háð, þar sem í ríkisreikningi er ekki greint á milli innheimtutalna fyrir einstaklinga og félög og á þetta bæði við um eignarskatt og tekjuskatt.

Með hliðsjón af þeim atriðum, sem hér hafa verið rakin, er í tekjuáætlun fyrir árið 1980 gert ráð fyrir að endanleg álagning tekjuskatts félaga verði tæpir 9,6 milljarðar króna á þessu ári en það er um 1 060 m.kr. eða 10% lægra en fyrirbyggjandi álagningartölur skattstofanna. Að teknu tilliti til áætlaðra eftirstöðva í ársbyrjun og miðað við að áætlað innheimtuhlutfall 1979 haldist óbreytt er gert ráð fyrir að heildarinnheimta tekjuskatts félaga nemi 8 785 m.kr. á árinu 1980 í stað 10 098 m.kr. í fjárlögum.

Í áætlun fyrir árið 1981 hefur verið litið til þess, að afkoma margra fyrirtækja, ekki síst í sjávarútvegi og útflutningsiðnaði, hefur verið afar slök á þessu ári. Af þessum sökum þykir óvarkært að gera ráð fyrir að álagning tekjuskatts félaga hækki til jafns við þær forsendur fjárlagafrumvarps um launa- og verðlagsbreytingar milli árána 1980 og 1981 sem beitt er um aðra skatta. Að svo stöddu er því gert ráð fyrir að álagning hækki um 15% milli árána 1980 og 1981 en að innheimtuhlutfall haldist óbreytt. Niðurstaðan verður því sú, að álagning tekjuskatts félaga verði um 11 milljarðar á árinu 1981 og innheimta í heild tæpir 10,4 milljarðar króna.

Gjöld af innflutningi. Almennar tolltekjur ríkissjóðs eru áætlaðar 46 milljarðar króna á árinu 1980 og er það tæpum 6,7 milljörðum meira en í fjárlagaáætlun. Innflutningur hefur reynst meiri en reiknað var með í fjárlagaforsendum, einkum fyrstu mánuði ársins, og tollhlutfall einnig verið hærra en búist var við. Í fjárlögum 1980 var reiknað með að tollhlutfall almenns vöruinnflutnings lækkaði töluvert á árinu, bæði vegna tollalækkunar í ársbyrjun og þar sem búist var við að rýrnandi kaupmáttur ylli samdrætti í kaupum hátollavöru. Gert var ráð fyrir að tollhlutfall almenns vöruinnflutnings annars en olíu og bíla lækkaði um 2% frá árinu 1979 eða í 7,5%. Þá var og reiknað með að bilainnflutningur drægist saman úr 7 955 bílum 1979 í 7 000 bíla 1980. Á grundvelli framvindu innflutnings og tollheimtu það sem af er árinu og innflutningsspár fyrir árið allt, er nú gert ráð fyrir að tollhlutfall lækki minna en áður var talið og verði 8,2% fyrir almennan innflutning annan en bíla og olíu. Líóst virðist að bílainnflutningur verði meiri en áður var talið og er nú áætlað að 8 100 bílar verði fluttir inn á árinu 1980. Verðmæti bílainnflutningsins eykst þó ekki að sama skapi að því talið er, vegna mikils innflutnings smábíla. Þetta rýrir tolltekjurnar og hið sama á við um innflutning atvinnubíla, sem hefur verið óvenjumikill, en tollar eru lægri af þeim en einkabílum. Tollhlutfall bíla er því talið lækka úr 74,1% 1979 í 72% 1980.

Í þjóðhagsforsendum þessa frumvarps er gert ráð fyrir að almennur vöruinnflutningur aukist um 1½% að raungildi frá liðandi ári. Reiknað er með að erlent verð innflutnings hækki um 8% í erlendri mynt, en í krónum hækki innflutningsverð líkt og verðlag innanlands eða 42% að meðaltali frá fyrri ári. Síðasti tolla-

lækkunaráfangi samkvæmt samningum Íslands við Fríverslunarsamtök Evrópu og Efnahagsbandalag Evrópu kom til framkvæmda 1. janúar 1980 og er þar með lokið þeim veigamiklu tollalækkunum sem þessir samningar höfðu í för með sér. Aðrar meiri háttar tollabreytingar eru ekki á döfinni og því er reiknað með óbreyttum tollum. Jafnframt er fyrir árið 1981 reiknað með svipuðum samsetningi innflutnings annars en bíla og olíu og á liðandi ári og þar með óbreyttu tollhlutfalli þess innflutnings. Á hinn bóginn er gert ráð fyrir að bilainnflutningur dragist saman um 10% frá þessu ári og að framhald verði á þeirri þróun, sem orðið hefur undanfarin misseri, að innflutningur smábíla aukist á kostnað annarra fólksbíla. Þessar forsendur um breytingar á bilainnflutningi rýra áætlaðar tolltekjur ríkissjóðs um meira en 2 milljarða króna og áætlun um innflutningsgjald af bílum um 1 milljarð króna. Tollur af bílum er í áætluninni talinn nema 16,6 milljörðum króna á árinu 1981. Tollur af bensíni jókst mjög á árinu 1979 vegna hækkunar innflutningsverðs og er talinn hafa orðið um 5,8 milljarðar króna. Í áætlun fyrir árið 1980 er reiknað með heldur minni bensíninnflutningi en 1979 og á forsendum þjóðhagsspari um innflutningsverð er gert ráð fyrir að bensíntollur geti numið um 8,6 milljörðum króna. Ógerlegt er að ætlast á um verðbreytingar olíuverðs um þessar mundir og er því í innflutningsspari gert ráð fyrir að olíuverð hækki líkt og annað verðlag í milliríkjavíðskiptum. Á þeim forsendum og miðað við svipaðan innflutning og áætlaður er á liðandi ári er gert ráð fyrir að bensíntollur verði um 12,5 milljarðar króna 1981.

Eftir þessum forsendum eru almenn aðflutningsgjöld (byggingarsjóðsgjald meðtalið) talin verða 64,6 milljarðar króna á árinu 1981 samanborið við 46 milljarða króna í áætlun fyrir árið 1980 og er það 40% aukning milli ára. Samkvæmt því yrðu tolltekjurnar 12,1% af heildartekjum ríkissjóðs 1981 samanborið við 12,4% í áætlun þessa árs og 14,0% á árinu 1979.

Innflutningsgjald af bensíni er nú áætlað 10 350 m.kr. á árinu 1980 og er það 42% aukning frá fyrra ári. Í fjárlagaáætlun 1980 var gert ráð fyrir 11 000 m.kr. innheimtu á árinu en bensíngjald hefur verið hækkað minna en reiknað var með við afgreiðslu fjárlaga. Hins vegar eru áætlanir um gjaldskylda bensínsölu óbreyttar, röskar 120 milljónir lítra, en sú áætlun felur í sér tæplega 1% aukningu milli árána 1979 og 1980 en um 1% samdrátt í sölu milli árána 1978 og 1980. Í áætlun fyrir árið 1981 er reiknað með að bensínsalan verði um 122,5 milljónir lítra eða um 1½% meiri en á árinu 1980. Miðað við áætlanir um fjölgun bíla felur þessi áætlun í sér að bensínneysla dragist enn saman á næsta ári. Þá er áætlað að bensíngjald hækki í samræmi við verðlagsforsendur frumvarpsins en það er töluvert minni hækkun en ætla má að gildandi heimildir í lögum leyfi.

Innflutningsgjald af bílum er áætlað 7 000 m.kr. á árinu 1980 en 8 750 á árinu 1981 á grundvelli þeirra forsendna sem áður voru raktar. Af öðrum innflutningsgjöldum má nefna að gjald af gas- og brennsluolíu er áætlað 575 m.kr. á þessu ári og 530 m.kr. á árinu 1981 og er því reiknað með að enn dragi úr þessum olíuinnflutningi en gjaldið er fast í krónutölu pr. kg. Jöfnunargjald og aðlögunargjald á innfluttar iðnaðarvörur eru talin skila 3 800 m.kr. tekjum á þessu ári. Bæði þessi gjöld falla úr gildi um n. k. áramót. Jöfnunargjald verður væntanlega framlengt óbreytt en óvíst er um framtíð aðlögunargjalds þar sem álagningu þess er andmælt af EFTA. Hér er reiknað með samtals 5 400 m.kr. tekjum af þessum gjöldum, þar sem ljóst er að önnur tekjuöflun kemur í stað aðlögunargjalds, ef það fellur niður. Í tekjuáætlun 1981 er miðað við að þau verði framlengd óbreytt og tekjur af þeim nemi 5 400 m.kr. Með bráðabirgðalögum nr. 66/1980 var kveðið á um álagningu sérstaks tímabundins innflutningsgjalds á sælgæti og kex. Innflutningur sælgætis hefur aukist afar mikið á þessu ári eftir að þessi vöruflokkur var tekinn á frílista í ársbyrjun og erfitt er að sjá fyrir hvaða áhrif hið nýja innflutningsgjald kann að hafa á eftirspurn. Miðað við að töluvert dragi úr innflutningi þesarar vöru er innflutningsgjaldið áætlað 300 m.kr. á árinu 1980 en 1 200 m.kr. á árinu 1981.

Gjöld af innflutningi á árinu 1980 eru í heild áætluð 68,4 milljarðar króna eða 42% meiri en á árinu 1979. Á árinu 1981 eru innflutningsgjöldin talin skila 96 milljörðum króna í tekjur eða 40% meira en á liðandi ári. Samkvæmt þessum áætlunum yrðu innflutningsgjöld um 18% heildartekna ríkissjóðs 1981 og er það svipað hlutfall og 1980 en 2% lægra en á árinu 1979.

Skattar af framleiðslu. Heildartekjur af þessum gjöldum eru áætlaðar 26 740 m.kr. á þessu ári samanborið við 24 605 m.kr. í fjárlagaáætlun og stafar þessi hækkun af meiri innflutningi en gert var ráð fyrir í fjárlögum. Lög um sérstakt vörugjald (nr. 58/1979) ganga úr gildi í lok þessa árs en í tekjuáætlun er reiknað með að þau verði framlengd óbreytt út næsta ár. Í áætlun fyrir árið 1981 er sérstakt vörugjald talið skila 37 000 m.kr., þar af eru 4 600 m.kr. af innlendri framleiðslu en 32 400 m.kr. af innflutningi.

Tekjur af hinu eldra vörugjaldi námu 460 m.kr. á árinu 1979 en eru nú áætlaðar verða 500 m.kr. á þessu ári vegna aukins sælgætisinnflutnings. Gert er ráð fyrir að úr honum dragi á árinu 1981 og gjaldið nemi þá 480 m.kr. miðað við óbreytta gjaldskrá. Álgjald er áætlað 440 m.kr. 1980 en 640 m.kr. 1981 og er þá miðað við 82 þús. tonna framleiðslu, lágmarksgjaldið \$20 pr. tonn og óbreytta skiptingu gjaldsins milli viðtakenda.

Skattar af seldri vöru og þjónustu. Í fjárlögum ársins 1980 voru heildartekjur undir þessum lið áætlaðar um 171 milljarður króna, en nú eru horfur á að þær nemi um 181,7 milljörðum eða 8% umfram fjárlagatöluna. Stafar þessi hækkun af örari veltubreytingum en reiknað var með við afgreiðslu fjárlaga. Áætlun um söluskatt á árinu 1981 ræðst af þeim forsendum um kauplag, verðlag og hjóðarútgjöld sem áður er gætið. Innheimtur söluskattur er áætlaður 176 milljarðar króna eða rösklega 44% hærrí en á þessu ári. Þetta er 33% af heildartekjum ríkissjóðs og er það svipað hlutfall og á þessu ári að því ætlað er. Hér er eingöngu um að ræða hlut ríkissjóðs í hinu almenna 20% sölugjaldi auk 2% söluskattsaukans, sem er óskintur. Hluttur Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga, 8% af almenna sölugjaldinu, er ekki meðtalinn en hann er áætlaður 13,8 milljarðar króna 1981. Með lögum nr. 12/1980 var ákveðið að leggja skyldi 1½% orkujöfnunargjald á söluskattstofn og gjaldið renna óskipt í ríkissjóð. Tekjur af þessu gjaldi eru áætlaðar 6 200 m.kr. 1980 og 13 000 m.kr. á árinu 1981. Gjald á söluskattstofn er því orðið 23¼% og eru tekjur ríkissjóðs af því áætlaðar samtals 189 milljarðar króna á árinu 1981 og er það rösklega 35% af heildartekjum.

Launaskattur er áætlaður 18 200 m.kr. á þessu ári eða 900 m.kr. umfram fjárlagaáætlun. Miðað við launaforsendur þessa frumvarps er skatturinn áætlaður 26 300 m.kr. á árinu 1981.

Iðgjöld atvinnurekenda til almannatrygginga eru í heild áætluð 11 650 m.kr. 1981 og er það 3 616 m.kr. eða 45% meira en í fjárlögum þessa árs.

Rekstrarhagnaður ÁTVR var áætlaður 24 000 m.kr. í fjárlögum ársins 1980 og var þá miðað við að útsöluverð hækkaði í samræmi við hækkun kauptaxta og verðlags. Þær hækkunir hafa reynst örari en gert var ráð fyrir í fjárlagaforsendum og því er hagnaðurinn nú talinn verða 25 700 m.kr. á þessu ári. Á árinu 1981 eru tekjur ríkissjóðs af sölu áfengis og tóbaks áætlaðar 36 500 m.kr. og er þá reiknað með að útsöluverð hækki í samræmi við forsendur um kauplags- og verðlagsbreytingar.

Flugvallagjald var í fjárlögum þessa árs áætlað 1 050 m.kr. og þá miðað við þá hækkun gjaldsins um og yfir 60% sem tók gildi frá 1. maí sl. samkvæmt lögum nr. 18/1980. Samdráttur í flugsamgöngum veldur því, að gjaldið er nú áætlað 900 m.kr. á þessu ári. Miðað við nokkurn samdrátt í flugi og að gjaldið hækki í samræmi við verðlagsforsendur þessa frumvarps eru tekjur af því áætlaðar 1 350 m.kr. á árinu 1981.

Aðrir óbeinir skattar eru áætlaðir 22 694 m.kr. á þessu ári samanborið við 20 735 m.kr. í fjárlögum og stafar munurinn einkum af veltubreytingum umfram fjárlaga-forsendur. Í áætlun fyrir árið 1981 er yfirleitt miðað við að gjaldskrár hækki til samræmis við verðlagsforsendur frumvarpsins þar sem um það er að ræða. Af helstu tekjuliðum má nefna að aukatekjur og stimpilgjald er nú áætlað 7 886 m.kr. 1980 en 11 260 m.kr. á árinu 1981. Bifreiðaskattur er áætlaður 3 750 m.kr. á þessu ári, eða 150 m.kr. umfram fjárlög. en 5 650 m.kr. á árinu 1981. Tekjur af sölu erlends gjaldeyris eru áætlaðar 5 080 m.kr. á þessu ári og er það 1 000 m.kr. umfram fjárlög. Álag á ferðagjaldeyri samkvæmt lögum nr. 100/1979 gengur úr gildi í lok þessa árs en gert er ráð fyrir að gjaldið verði framlengt óbreytt út árið 1981. Gjaldið er talið skila 2 400 m.kr. á árinu 1981 en í heild eru tekjur af sölu erlends gjaldeyris taldar verða 6 600 m.kr. Verðjöfnunargjald af raforku er áætlað 3 875 m.kr. á árinu 1980 en 5 500 m.kr. á árinu 1981. Nýbyggingagjald er talið skila 220 m.kr. á þessu ári. Í frumvarpi þessu er gert ráð fyrir að gjaldið verði afnumið í lok þessa árs og má ætla að tekjumissir ríkissjóðs af þeim sökum nemi um 300 m.kr. Í heild eru tekjur undir liðnum aðrir óbeinir skattar áætlaðar 31 549 m.kr. á árinu 1981.

Arðgreiðslur frá fyrirtækjum og sjóðum í B-hluta eru taldar verða 837 m.kr. í ár og er það nær óbreytt frá fjárlögum. Á næsta ári eru þessar tekjur áætlaðar 812 m.kr., þar af nema tekjur af frihöfninni á Keflavíkurflugvelli 700 m.kr.

Ýmsar tekjur eru áætlaðar 6 908 m.kr. í ár samanborið við 5 258 m.kr. í fjárlögum og stafar munurinn af vaxtatekjum umfram fyrri áætlun. Á árinu 1981 eru þessar tekjur áætlaðar 9 824 m.kr. og þar af eru vaxtatekjur 8 800 m.kr.

Yfirlit. Hér á eftir er yfirlit áætlaðra tekna ríkissjóðs 1981 og til samanburðar er sýnd áætlun um innheimtar tekjur þessa árs svo og tekjuáætlun fjárlaga 1980 (endurgreiðsla uppsafnaðs söluskatts 1980 er þá frátalin til samræmis við innheimtutölur ríkisbókhalds og ríkisreikning). Heildarinnheimta tekna á þessu ári er áætluð 371 887 m.kr. eða 56% meiri en á árinu 1979. Fyrstu átta mánuði þessa árs námu tekjur ríkissjóðs 220 673 m.kr. og voru rösklega 60% meiri en á sama tíma í fyrra. Samkvæmt þessu er gert ráð fyrir að 151 214 m.kr. verði innheimtar síðustu fjóra mánuði ársins eða rösklega 50% meira en á sama tíma í fyrra.

Samkvæmt yfirlitinu er hlutur beinna skatta í tekjum ríkissjóðs 1980 talinn verða 17,4% samanborið við 18,4% í fjárlögum 1980. Hlutur óbeinna skatta er hins vegar talinn verða 80,6% í áætlun fyrir 1980 samanborið við 79,9% í fjárlögum 1980. Aðrar tekjur eru 2,1% í áætlun ársins 1980 en 1,8% í fjárlögum 1980. Samkvæmt frumvarpinu verður hlutur beinna skatta 17,2%, hlutur óbeinna skatta 80,8% og hlutur annarra tekna 2,0%.

Tekjuáætlun ríkissjóðs 1980—1981
Innheimtar tekjur í milljónum króna

| | Fjárlög | Áætlun | Frumvarp |
|------------------------------------------------|----------------|----------------|----------------|
| | 1980 | 1980 | 1981 |
| 1. Eignarskattar ¹⁾ | 7 830 | 9 300 | 13 626 |
| 2. Tekjuskattar ¹⁾ | 56 023 | 55 285 | 77 942 |
| 3. Gjöld af innflutningi | 60 979 | 68 373 | 96 003 |
| a) Almenn aðflutningsgjöld ¹⁾ | 39 346 | 46 000 | 64 608 |
| b) Bensin- og gúmmigjald | 11 075 | 10 435 | 15 175 |
| c) Innflutningsgjald af bilum | 6 000 | 7 000 | 8 750 |
| d) Annað | 4 558 | 4 938 | 7 470 |
| 4. Skattar af framleiðslu | 24 605 | 26 740 | 38 120 |
| a) Sérstakt vörugjald | 23 740 | 25 800 | 37 000 |
| b) Annað | 865 | 940 | 1 120 |
| 5. Skattar af seldri vöru og þjónustu | 171 046 | 181 750 | 265 742 |
| a) Söluskattur með orkujöfnunargjaldi | 120 000 | 128 200 | 189 000 |
| b) Launaskattur | 17 300 | 18 200 | 26 300 |
| c) Iðgjöld atvinnurekenda | 8 034 | 8 034 | 11 650 |
| d) ÁTVR | 24 000 | 25 700 | 36 500 |
| e) Annað | 1 712 | 1 616 | 2 292 |
| 6. Aðrir óbeinir skattar | 20 735 | 22 694 | 31 549 |
| 7. Arðgreiðslur úr B-hluta | 835 | 837 | 812 |
| 8. Ýmsar tekjur | 5 258 | 6 908 | 9 824 |
| Samtals | 347 311 | 371 887 | 533 618 |
| Beinir skattar | 63 853 | 64 585 | 91 568 |
| Óbeinir skattar | 277 365 | 299 557 | 431 414 |
| Aðrar tekjur | 6 093 | 7 745 | 10 636 |

1) Byggingarsjóðsgjald meðtalið.

Lánahreyfingar

Í 1. gr. frumvarpsins er yfirlit yfir lánahreyfingar. Þar kemur fram að útstreymi umfram innstreymi á lánahreyfingum A-hluta er 2 024 m.kr. og útstreymi á viðskiptareikningum er áætlað 1 250 m.kr. Þessir liðir eru jafnaðir með afgangi á rekstrarreikningi. Hér á eftir verður vikið að inn- og útstreymi lánajafnaðarins og einstökum liðum sem til hans teljast. Í skýrslu ríkisstjórnarinnar um fjárfestingar- og lánsfjármál 1981, sem lögð verður fram innan tíðar, verður fjallað um lánamálin í heild.

Lánahreyfingar inn

Í 1. gr. kemur fram að heildarfjáröflun nemur 58 004 m.kr. Á eftirfarandi yfirliti er sýnd skipting innlendrar og erlendrar fjáröflunar eins og hún er ráðgerð í frumvarpinu.

| | Frumvarp 1981 m.kr. |
|-------------------------------------------------------|------------------------|
| Innheimt af endurlánuðu spariskirteinafé | 14 000 |
| → Innlausn spariskirteina | 5 000 |
| | <hr/> 9 000 |
| Útgáfa spariskirteina og happdrættisskuldabréfa | 9 000 |
| Önnur innlend fjáröflun | 5 000 |
| | <hr/> 23 000 |
| Innlend fjáröflun alls | 23 000 |
| Erlendar lántökur | 35 004 |
| | <hr/> 58 004 |
| | Samtals 58 004 |

Fjáröflun innanlands byggist á lögum nr. 36/1975 um hænndrættislán rikissjóðs fyrir hönd Vegasjóðs vegna framkvæmda við Norðurveg og Austurveg, svo og heimild í 6. gr. fjárlagafrumvarpsins. Heimildir til innlestrar lántöku umfram há sem aflað er skv. 6. gr. og heimildir til erlestrar lántöku mun samkvæmt veniu leitast með sérstöku lagafrumvarni, sem lagt verður fyrir Alþingi með fjárfestingar- og lánsfiaráætlun fyrir árið 1981. Í þeirri áætlun verður fjallað nánar um innlenda lánsfiármarkaði og ráðstöfun lánsfjár.

Lánahreyfingar út

Niðurstöðutala lánahreyfinga út er 21 856 m.kr. Áformaðar afborganir af lánmennum lánunum rikissjóðs í Seðlabanka nema alls 10 000 m.kr. og afborganir af öðrum lánunum rikissjóðs nema alls 11 474 m. kr. Afborganir af öðrum lánunum en Seðlabankalánunum voru áætlaðar alls 3 751 m.kr. í fjárlögum 1980. Þessi liður hækkar verulega milli ára og skýrist sú hækkun af þrennu. Í fyrsta lagi auknum afborgunum vegna lántöku til framkvæmda á árinu 1980 og vírfærslu lána til rikissjóðs, s. s. lánunum flugmálastiðrnar. Í öðru lagi er breytt tilhögun á bókhaldsmeðferð verðtryggðra lána sem leiðir til þess að afborgunarbáttur lánanna vex en vaxtahluti lækkar á móti. Í þriðja lagi eru gengis- og verðlagsforsendur aðrar en í fjárlögum 1980. Aukning á eiginfiárfamlagi rikissjóðs í Landsvirkinn nemur 382 m.kr. og færast sem útstreymi á lánahreyfingum. Þá er að nefna 1 250 m.kr. áætlað nettó-útstreymi á viðskiptareikningum, m. a. vegna innheimtufjár fyrir aðra, þ. e. markaðra tekjustofna, tollalána o. fl.

Heildarfjáröflun til framkvæmda og annarra þarfa skv. 1. gr. fjárlagafrumvarpsins nemur alls 58 004 m.kr. Til A-hluta fjárlaga renna 19 732 m.kr. en í fjárfestingar- og lánsfiaráætlun 1980 nam hliðstæð fjárhæð 12 058 m.kr. Hækkun er því 7 674 m.kr. eða 63.6%. Lánsfiárráðstöfun vegna B-hluta er alls áætluð 38 272 m. kr. en nam 23 327 m.kr. samkvæmt fjárfestingar- og lánsfiaráætlun 1980. Hækkunin er því 14 945 m.kr. eða 64.1%. Ráðstöfun lánsfjáröflunar vegna A- og B-hluta rikissjóðs 1981 skiptist þannig í meginflokka:

| | Fjárfestingar- og lánsfiár- áætlun 1980 | Fjárlaga- frumvarp 1981 | Hækkun | |
|-----------------------|-----------------------------------------------|-------------------------------|--------|-------|
| | | | M.kr. | % |
| Framkvæmdir | 25 173 | 36 567 | 11 394 | 45,3 |
| Skuldagreiðslur | 6 824 | 14 605 | 7 781 | 114,0 |
| Annað | 3 388 | 6 832 | 3 444 | 101,6 |
| | <hr/> | <hr/> | <hr/> | <hr/> |
| Samtals | 35 385 | 58 004 | 22 619 | 63,9 |

Hér fer á eftir yfirlit um skiptingu fjármagns á einstaka þætti ásamt greinargerð um hvern lið fyrir sig.

Lánsfjárbörf ríkissjóðs
samkvæmt fjárfestingar- og lánsfjáráætlun 1980 og frumvarpi 1981
 (Í m.kr.)

| | Lánsfjáráætlun 1980 | Frumvarp 1981 |
|------------------------------------------|------------------------|------------------|
| A-hluti | | |
| Þjóðarbókhlaða | 300 | 400 |
| Vegagerð | 8 300 | 10 000 |
| — bundið slitlag | — | 1 000 |
| Hafisvegur | 400 | — |
| Landshafnir | 125 | 175 |
| Grundartangi | 100 | — |
| Landsvirkjun, eiginfjárframlag | 263 | 382 |
| Járnblendifélag | 195 | — |
| RARIK, vegna félagslegra framkvæmda | 600 | 1 500 |
| Próunaraðstoð | 230 | — |
| Laxastigi | 45 | — |
| Krafla, fjármagnsútgjöld | 1 500 | 6 275 |
| | <hr/> | <hr/> |
| Samtals | 12 058 | 19 732 |
| B-hluti | | |
| Byggðasjóður | 1 500 | 3 150 |
| Bjargráðasjóður | 1 500 | — |
| Lánasjóður ísl. námsmanna | 1 200 | 3 300 |
| Ríkisútvarp | 270 | — |
| Siglósild | — | 100 |
| Flugmálastjórn | 360 | — |
| Vitamálastjórn, áhaldahús | — | 650 |
| Skipaútgerð ríkisins | 180 | 900 |
| RARIK, almennar framkvæmdir | 4 253 | 8 308 |
| Byggðalínur | 5 021 | 5 210 |
| Krófluvirkjun | 1 575 | 3 364 |
| Jarðvarmaveitur ríkisins | 500 | 800 |
| Virkjunarrannsóknir | 450 | 800 |
| Grænfóðurverksmiðjur | — | 200 |
| Orkusjóður: | | |
| Styrking dreifikerfis | 978 | — |
| Sveitarafvæðing | 373 | — |
| Einkarafstöðvar | 36 | — |
| Byggðalínur, fjármagnsútgjöld | 3 090 | 6 330 |
| Hitaveitulán | 450 | 750 |
| Jarðhitaleit | 135 | 800 |
| Landssmiðjan | — | 150 |
| Áburðarverksmiðja | 600 | 2 500 |
| Póstur og sfmi: | | |
| Jarðstöð | 400 | — |
| Vörukaupalán | 422 | 460 |
| Framkvæmdir á Austurlandi | — | 500 |
| Endurlán vegna Grundartangahafnar | 34 | — |
| | <hr/> | <hr/> |
| Samtals | 23 327 | 38 272 |
| Samtals A- og B-hluti | 35 385 | 58 004 |

A-hluti fjárlaga

Þjóðarþókklaða. Gert er ráð fyrir 400 m.kr. lántöku til að halda áfram byggingarframkvæmdum við Þjóðarþókkhlöðu. Af fjárlögum verða alls til ráðstöfunar 730 m.kr. á árinu 1981, en sú fjárhæð auk fjárveitingar 1980 nægir til uppsteypu hússins.

Vegagerð. Heildarútgjöld til vegamála samkvæmt frumvarpinu nema alls 35 000 m.kr. Fjármögnun er þríþætt. Lántaka er áætluð 11 000 m.kr., þar af 1 000 m.kr., vegna lagningar bundins slitlags á vegi. Tekjur af mörkuðum tekjustofnum nema 20 825 m.kr. auk beinnar fjárveitingar að upphæð 3 175 m.kr.

Landshafnir. Alls er gert ráð fyrir 175 m.kr. lánsfjáröflun til framkvæmda við landshafnir. Fjármagnið skiptist þannig að 150 m.kr. renna til áframhaldandi framkvæmda við landshöfnina í Keflavík—Njarðvík, m. a. til að bæta viðleguaðstöðu, og 25 m.kr. til hafnargerðar í Rífi á Snæfellsnesi.

Landsvirkjun. Fyrirhugað er að afla 382 m.kr. lánsfjár til að inna af hendi þriðja framlag af fimm til Landsvirkjunar vegna aukningar eiginfjár fyrirtækisins. Mótframlag Reykjavíkurborgar nemur jafnhárrí fjárhæð.

RARIK, vegna félagslegra framkvæmda. Í gjaldahlið frumvarpsins er gert ráð fyrir 1 500 m.kr. framlagi til RARIK til að mæta fjármagnsútgjöldum vegna félagslegra framkvæmda fyrri ára. Yfir stendur athugun á því hvernig félagslegur þáttur fjárfestinga RARIK skuli metinn.

Kröfluvirkjun, fjármagnsútgjöld. Í lánsfjáraætlun fyrir 1981 er áformað að afla ríkissjóði lánsfjár vegna fjármagnsútgjalda, þ. e. vaxta og afborgana, af lánnum sem hvíla á Kröfluvirkjun. Lántaka vegna þessa er áætluð 6 275 m.kr.

B-hluti fjárlaga

Byggðasjóður. Ráðgerð lánsfjáröflun Byggðasjóðs er alls 3 150 m.kr. Fjárveiting til sjóðsins nemur 3 750 m.kr. og eigið fé sjóðsins er áætlað 1 100 m.kr. Ráðstöfunarfé sjóðsins er því alls 8 000 m.kr., eða um 1,5% af heildarútgjöldum A-hluta ríkissjóðs, og hefur þá framlag til sjóðsins verið lækkað eins og til annarra fjárfestingarlánasjóða.

Lánasjóður íslenskra námsmanna. Fyrirhugað er að afla 3 300 m.kr. á árinu 1981 til þess að sjóðurinn geti uppfyllt reglur um lánveitingar allt að 90% umframfjárþarfar lánakenda. Sjóðnum er ætlað að taka umrætt lán og annast skil vaxta og afborgana. Að öðru leyti vísast til almennra athugasemda um Lánasjóð íslenskra námsmanna undir menntamálaráðuneyti.

Lagmetisiðjan Siglósíld. Fyrirtækið hefur átt við rekstrarerfiðleika að etja á árunum 1979 og 1980. Því er áformað að afla fyrirtækinu 100 m.kr. lánsfjár auk 100 m.kr. fjárveitingar til þess að bæta rekstrarstöðu þess og auðvelda því að taka upp nýjar og arðbærari framleiðslugreinar.

Vitamálastjórn, áhaldahús. Í fjárfestingar- og lánsfjáraætlun 1980 er gert ráð fyrir lántöku atvinnufyrirtækja alls 650 m.kr. vegna hafnaraðstöðu skipasmíðastöðva. Áformað er að áhaldahúsi Vitamálastjórnar verði heimiluð lántaka á árinu 1981 alls 650 m.kr. til áþekkra verkefna.

Skipaútgærd ríkisins. Í fjárfestingar- og lánsfjáraætlun 1980 var Skipaútgærd ríkisins heimiluð 180 m.kr. lántaka til smíði vöruskemmu í Reykjavík. Í frumvarpi til fjárlaga 1981 er gert ráð fyrir 900 m.kr. lántöku sem skiptist þannig að 400 m.kr. mun varið til smíði vöruskemmu og til að bæta aðstöðu við Reykjavíkurhöfn og

500 m.kr. verður ráðstafað í tengslum við hönnun nýrra strandferðaskipa. Ákvörðun um smíði nýrra skipa til strandflutninga hefur ekki verið tekin en lánsfjáröflun fer eftir ákvörðun þar að lútandi.

RARIK, almennar framkvæmdir. Áformaðar framkvæmdir á vegum RARIK eru sem hér segir:

| | |
|----------------------------------------------------|--------------------|
| Virkjanir, stofnlínur og aðveitustöðvar | 5 502 m.kr. |
| Innanbæjarkerfi | 2 700 — |
| Dísilstöðvar, vélar og tæki og aðstöðusköpun | 506 — |
| Santals | 8 708 m.kr. |

Veigamestu verkefni ársins 1981 eru spennuhækkun á raforkukerfi Suðurlands auk spennuhækkunar á Austurlandi. Spennuhækkun kerfisins á Austurlandi tengist framkvæmdum og tengingu byggðalínu til Hafnar í Hornafirði. Fjármögnun framkvæmda er tvíþætt, þ. e. lánsfjáröflun alls 8 308 m.kr. og tekjur af heimtaugargjöldum 400 m.kr. RARIK annast jafnframt meginhluta framkvæmda sem fjármagnaðar eru með framlögum úr Orkusjóði, þ. e. 1 700 m.kr. til styrkingar dreifikerfis í sveitum og 500 m.kr. sem varið er til sveitarafvæðingar. Nánari grein verður gerð fyrir einstökum framkvæmdaliðum í fjárfestingar- og lánsfjáraætlun fyrir árið 1981.

Byggðalínur. Ráðgerð er 5 210 m.kr. lántaka vegna framkvæmda við byggðalínur. Meginverkefni á árinu 1981 er áframhald og tenging Suðausturlínu frá Hryggstekk til Hafnar í Hornafirði. Til þessa verks og tengdra verka renna alls 4 927 m.kr. Til smærri verkefna renna því alls 283 m.kr. Hringtenging byggðalínu er ekki lokið en unnið verður áfram að hönnun og undirbúningi framhalds á Suðausturlínu milli Hafnar í Hornafirði og Sigöldu.

Kröfluvirkjun. Lánsfé vegna Kröfluvirkjunar er áætlað 3 364 m.kr. og verður fénu varið til borunar þriggja hola og nauðsynlegra tenginga þeirra auk gæslu virkjunarinnar, viðhalds og rannsókna.

Jarðvarmaveitur ríkisins. Ráðgerð er 800 m.kr. lántaka vegna jarðvarmaveitna ríkisins. Fyrirtækið safnaði skuldum á árinu 1979 og 1980 vegna umbrota í Bjarnarflagi og rekstrarerfiðleika af þeim sökum. Athugun mun fara fram á fjármálum fyrirtækisins á næstunni. Lánsféð er ætlað að hluta til að létta lausaskuldum af fyrirtækinu og að hluta til framkvæmda, samkvæmt síðari ákvörðun. Sömuleiðis er unnið að úttekt á fjárhagsstöðu og rekstri Jarðborana ríkisins. Þar er við veruleg fjárhagsvandamál að etja sem finna verður lausn á.

Virkjunarrannsóknir. Í framhaldi af ákvörðun 1980 þess efnis að framvegis verði litið á rannsóknarkostnað við virkjunarframkvæmdir sem hluta stofnkostnaðar hlutaðeigandi virkjunar er áformað að afla 800 m.kr. lánsfjár til rannsókna á virkjunarkostum þar sem athugunum er lengst á veg komið. Þess er vænst að unnt reyntist að taka ákvörðun á komandi vetri um næstu virkjun fyrir landskerfið. Í tengslum við það yrði tekin ákvörðun um frekari fjárútvægum til undirbúnings og áframhaldandi rannsókna fyrir virkjunina.

Grænfóðurverksmiðjur. Áformað er að hefja framkvæmdir við tvær nýjar græn-fóðurverksmiðjur á árinu 1981. Verksmiðjur þessar eru í Hólminum í Skagafirði og Saltvík í Suður-Þingeyjarsýslu. Lántaka vegna hvorrar verksmiðju nemur 100 m.kr. en auk þess rennur 50 m.kr. fjárveiting til hvorrar þeirra. Að öðru leyti vísast til greinargerðarinnar hér á eftir.

Orkusjóður, vegna byggðalína. Á lánsfjáraætlun fyrir 1981 aflar ríkissjóður lánsfjár vegna fjármagnsútgjalda við byggðalínur. Lántaka Orkusjóðs vegna þessa er áætluð 6 330 m.kr.

Orkusjóður, vegna hitaveitulána. Framkvæmdir vegna hita- og fjarvarmaveitna eru fjármagnaðar með ýmsum hætti. Einn liður í þeirri fjármögnun er lánveiting úr Orkusjóði. Lántaka Orkusjóðs vegna endurlána til þessara framkvæmda nemur alls 750 m.kr.

Orkusjóður, vegna jarðhitaleitar. Framlag úr A-hluta til Orkusjóðs vegna jarðhitaleitar nemur alls 300 m.kr. Auk þess er sjóðnum aflað 800 m.kr. lánsfjár þannig að útlánageta sjóðsins vegna þessa nemur alls 1 100 m.kr.

Landssmiðjan. Að undanfögnu hefur verið unnið að athugun á möguleikum á flutningi Landssmiðjunnar í nýtt og hentugra húsnæði. Landssmiðjunni hefur verið úthlutað lóð fyrir starfsemi sína við Skútuvog í Reykjavík. Á árinu 1980 var fengið bráðabirgðalán hjá Seðlabanka Íslands að fjárhæð 120 m.kr. Aflað mun alls 150 m.kr. lánsfjár á árinu 1981 og rennur hluti þess til endurgreiðslu bráðabirgðalánsins.

Áburðarverksmiðja ríkisins. Ákveðið er að reisa sýruverksmiðju við Áburðarverksmiðju ríkisins í Gufunesi. Hönnun og undirbúningi þessarar framkvæmdar er að mestu lokið. Á árinu 1981 er áformað að afla 2 500 m.kr. lánsfjár til þess að hefja framkvæmdir en stefnt er að því að ljúka framkvæmdum á árinu 1982.

Póstur og sími, vegna vörukaupalána. Á sama hátt og gert var í lánsfjáráætlun fyrir 1980 er áætlað fyrir vörukaupalánum Pósts og síma í tengslum við ýmsar framkvæmdir, alls 460 m.kr.

Póstur og sími, vegna Austurlands. Í tengslum við raforkuframkvæmdir á Austurlandi er talið nauðsynlegt að gera tilteknar breytingar á símakerfi á Austfjörðum. Til þessa verks er áætluð 500 m.kr. lántaka.

| | Fjárlög 1980 | Frumvarp 1981 | Mismunur |
|--------------------------------------------------------------------------------|-----------------|------------------|-----------|
| Lán hjá Seðlabanka Íslands | 8 100 000 | 10 000 000 | 1 900 000 |
| Greitt af fjórum umsómdum skuldabréfum | 8 100 000 | 10 000 000 | 1 900 000 |
| Önnur lán | 3 751 311 | 11 474 407 | 7 723 096 |
| Lán verðtryggð skv. byggingarvísitölu önnur en til vegagerðar (endurlán) | 316 150 | 1 271 088 | 954 938 |
| Lán verðtryggð skv. lánskjaravísitölu önnur en til vegagerðar (endurlán) | — | 285 570 | 285 570 |
| Lán verðtryggð skv. framfærsluvísitölu | 262 132 | 964 921 | 702 789 |
| Ýmis endurlán (erlend) | 451 862 | 583 339 | 131 477 |
| Ýmis endurlán (innlend) | 1 484 | 1 484 | — |
| Ríkisfyrirtæki B-hluti | 1 048 | 1 021 | +27 |
| Innlánsstofnanir (bankar og sparisjóðir) | 4 731 | 1 465 | +3 266 |
| Lánastofnanir (fjárfestingarlánasjóðir og lifeyrisjóðir) erlent fé | 41 902 | 52 557 | 10 655 |
| Lánastofnanir (fjárfestingarlánasjóðir og lifeyrisjóðir) innlent fé | 4 844 | 4 411 | +433 |
| Ýmis erlend lán | 173 741 | 377 349 | 203 608 |
| Ýmis innlend lán | 185 159 | 2 534 908 | 2 349 749 |
| Yfirtekin lán vegna kaupa á Baldri | 93 329 | 110 941 | 17 612 |
| Ýmis lán, ósundurliðuð | 1 000 000 | 1 504 000 | 504 000 |
| Lán til vegagerðar: | | | |
| Lán verðtryggð skv. byggingarvísitölu | 382 360 | 2 313 882 | 1 931 522 |
| Lán verðtryggð skv. lánskjaravísitölu | — | 246 962 | 246 962 |
| Erlend lán og gengistryggð | 809 237 | 1 214 819 | 405 582 |
| Ýmis innlend lán | 6 270 | 2 362 | +3 908 |
| Lán ríkisstofnana í A-hluta | 17 062 | 3 328 | +13 734 |
| Samtals | 11 851 311 | 21 474 407 | 9 623 096 |

Ráðuneyti, málefnaflokkar og einstakar stofnanir

Í þessum hluta athugasemdanna er gerð grein fyrir helstu breytingum sem átt hafa sér stað á gjaldahlið frumvarpsins frá fjárlögum ársins 1980. Fyrst er fjallað sérstaklega um breytingar á einstökum útgjaldamálaflokkum ráðuneyta, sbr. 2. gr. frumvarpsins, og mörkuðum tekjustofnum innan hvers ráðuneytis. Síðan er nánar vikið að helstu breytingum á einstökum gjaldaliðum sem orðið hafa frá fjárlögum 1980. Ekki verður rætt sérstaklega um breytingar á þeim fjárlagaliðum sem eingöngu eiga rætur að rekja til launa- og verðlagsþróunar. Gerð er grein fyrir þætti hennar framar í þessum athugasemdum.

00 Æðsta stjórn ríkisins

Útgjöld æðstu stjórnar ríkisins breytast milli ára eins og hér segir í m.kr.:

| | Fjárlög 1980 | Frumvarp 1981 | Hækkun | |
|-----------------------------|-----------------|------------------|--------|------|
| | | | M.kr. | % |
| Æðsta stjórn ríkisins | 2 240,6 | 3 221,2 | 980,6 | 43,8 |

- 101 **Embætti forseta Íslands.** Fjárveiting til embættis forseta Íslands verður 142 681 þús. kr. og er það hækkun um 51 700 þús. kr. frá fjárlögum ársins 1980. Laun hækka um 28 556 þús. kr. sem er eingöngu vegna almennra launahækkana. Önnur rekstrargjöld verða 40 000 þús. kr. og er það hækkun um 19 322 þús. kr. eða u. þ. b. 10 000 þús. kr. umfram almennar verðlagshækkningar. Við ákvörðun annarra rekstrargjalda voru niðurstöður ríkisreiknings árið 1979 hafðar til hliðsjónar. Viðhald og gjaldfærður stofnkostnaður hækka samtals um 3 822 þús. kr. og verða 10 182 þús. kr.

01 Forsætisráðuneyti

Útgjöld málefnaflokka forsætisráðuneytisins breytast milli ára eins og hér segir í m.kr.:

| | Fjárlög 1980 | Frumvarp 1981 | Hækkun | |
|----------------------------------|-----------------|------------------|---------|------|
| | | | M.kr. | % |
| Yfirstjórn | 243,4 | 327,3 | 83,9 | 34,5 |
| Annað | 2 869,6 | 4 053,6 | 1 184,0 | 41,3 |
| Samtals | 3 113,0 | 4 380,9 | 1 267,9 | 40,7 |
| Þar af markaður tekjustofn | 430,0 | 640,0 | 210,0 | 48,8 |

Markaður tekjustofn þessa ráðuneytis er álgjald sem rennur til Byggðasjóðs.

- 101 **Aðalskrifstofa.** Hækkun á þessum fjárlagalið nemur samtals 83 915 þús. kr. og skiptist þannig á einstök viðfangsefni: Útgjöld vegna aðalskrifstofu ráðuneytisins hækka um 51 602 þús.kr. sem er eingöngu vegna almennra verðlagshækkana. Útgjöld vegna stjórnarráðshúss verða 13 860 þús. kr. og er það hækkun um 3 935 þús. kr. Framlag til skrifstofu ráðherranefndar Norðurlandaráðs hækkar um 11 000 þús. kr. og verður 42 000 þús. kr. Hækkun fjárveitingar til öryggismálanefndar verður 25 000 þús. kr. og nemur alls 50 000 þús. kr. Liðurinn gjöf Jóns Sigurðssonar hækkar um 2 728 þús. kr. og verður 7 800 þús. kr. og framlög til ráðherrabústaðar á Þingvöllum hækka um 3 250 þús. kr. Eftirfarandi viðfangsefni lækka frá fjárlögum 1980: Viðhald og rekstur ráðherrabústaðarins við Tjarnargötu lækkar um 5 540 þús. kr. og verður 27 500 þús. kr. Á bústaðnum fóru fram verulegar viðgerðir 1980. Framlag til Hrafnseyrar lækkar um 8 000 þús. kr. og verður 10 000 þús. kr. Þá fellur niður fjárveiting til Kanadasjóðs en hún var 60 þús. kr. í fjárlögum 1980.

- 171 **Byggðasjóður.** Framlag til Byggðasjóðs nemur 3 750 m.kr. Að auki er ráðgert að sjóðurinn taki lán að upphæð 3 150 m. kr. Eigið fé sjóðsins er áætlað 1 100 m. kr. og verður því ráðstöfunarfé sjóðsins 8 000 m.kr., sem er 1,53% af heildarútgjöldum ríkissjóðs. Ráðstöfunarfé Byggðasjóðs hefur þá verið skert í samræmi við meginforsendur frumvarpsins.
- 902 **Þjóðgarðurinn á Þingvöllum og Þingvallanefnd.** Fjárveiting til þessa fjárlagaliðar verður 52 673 þús. kr. og hækkar um 4 807 þús. kr. frá fjárlögum ársins 1980. Hækkunin skiptist þannig milli einstakra gjaldategunda: Laun hækka um 7 653 þús. kr. og er þar eingöngu um almennar launahækkanir að ræða. Önnur rekstrargjöld og viðhald hækka samtals um 6 604 þús. kr. eða 47,2%. Gjaldfærður stofnkostnaður lækkar um 7 400 þús. kr., verður 16 600 þús. kr. og skiptist þannig á einstök verkefni: Til endurbóta innanhúss á Þingvallabæ 3 000 þús. kr., áætlað er að verja 3 000 þús. kr. til lifransókna í Þingvallavatni, frárennsli frá Þingvallabæ 1 000 þús. kr., þjónustumiðstöð 2 000 þús. kr., endurnýjun girðingar 7 000 þús. kr. og til annarra verkefna 600 þús. kr. Sértekjur hækka um 2 050 þús. kr. og verða 10 500 þús. kr.

02 Menntamálaráðuneyti

Útgjöld málefnaflokka menntamálaráðuneytisins breytast milli ára sem hér segir í m.kr.:

| | Fjárlög 1980 | Frumvarp 1981 | Hækkun | |
|---------------------------------------------|-----------------|------------------|----------|-------|
| | | | M.kr. | % |
| Yfirstjórn | 538,2 | 755,4 | 217,2 | 40,4 |
| Fræðslumál | 46 035,9 | 69 544,9 | 23 509,0 | 51,1 |
| Söfn, listir og önnur menningarstarfsemi .. | 3 982,7 | 6 146,6 | 2 163,9 | 54,3 |
| | <hr/> | <hr/> | <hr/> | <hr/> |
| Samtals | 50 556,8 | 76 446,9 | 25 890,1 | 51,2 |
| Þar af markaðir tekjustofnar | 487,1 | 620,2 | 133,1 | 27,3 |

Markaðir tekjustofnar þessa ráðuneytis hækka sem hér segir: Byggingarsjóður rannsókna í þágu atvinnuveganna, sem fær hluta í einkaleyfisgjaldi og hagnaði Happprættis Háskóla Íslands, hækkar um 66,7 m.kr. Hluti skemmtanaskatts, sem rennur til Sinfóníuhljómsveitar Íslands og félagsheimilassjóðs, hækkar um 61 m.kr. Miðagjald, sem rennur til menningarsjóðs, hækkar um 20 m.kr. Einn markaður tekjustofn þessa ráðuneytis var hluti í gjaldi af seldum vindlingum sem rann til Íþróttasambands Íslands. Mörkun þessi fellur niður en hluti Íþróttasambands Íslands í gjaldinu skv. fjárlögum 1980 var 14,6 m.kr. Hér á eftir verður gerð nánari grein fyrir helstu fjárlagaliðum til skýringar á hækkun framlaga til einstakra málefnaflokka.

- 201 **Háskóli Íslands.** Fjárveiting til Háskóla Íslands hækkar um 2 256 985 þús. kr. og verður 5 980 849 þús. kr. Hækkun fjárveitingar skiptist þannig á einstakar gjaldategundir: Laun hækka um 1 541 816 þús. kr., verða 4 827 243 þús. kr. sem er 46,9% hækkun frá fjárlögum ársins 1980. Önnur rekstrargjöld hækka um 382 501 þús. kr. og verða 1 005 551 þús. kr. sem er 61,3% hækkun frá fjárlögum 1980. Gjaldfærður stofnkostnaður verður 2 018 000 þús. kr. sem er hækkan um 782 700 þús. kr. eða 63,3%. Þá hækka sértekjur um 450 032 þús. kr. eða 31,6% og verða sértekjur 1 869 945 þús. kr. Verður nú nánar vikið að skiptingu gjalda milli einstakra tegunda og viðfangsefna:

| | Fjárlög | Frumvarp | Hækkun | |
|----------------------------------------|-----------|-----------|-----------|------|
| | 1980 | 1981 | M.kr. | % |
| Yfirstjórn | 235 718 | 352 067 | 116 349 | 49,4 |
| Guðfræðideild | 67 184 | 96 105 | 28 921 | 43,0 |
| Læknadeild | 716 659 | 1 063 314 | 346 655 | 48,4 |
| Tannlæknadeild | 157 820 | 227 075 | 69 255 | 43,9 |
| Lyfjafræði lyfsala | 47 471 | 69 217 | 21 746 | 45,8 |
| Lagadeild | 103 873 | 149 387 | 45 514 | 43,8 |
| Viðskiptadeild | 139 498 | 218 481 | 78 983 | 56,6 |
| Heimspékideild | 428 245 | 613 588 | 185 343 | 43,3 |
| Verkfræðideild | 998 009 | 1 494 725 | 496 716 | 49,8 |
| Háskólabókasafn | 118 749 | 174 727 | 55 978 | 47,1 |
| Íþróttakennsla | 31 096 | 45 677 | 14 581 | 46,9 |
| Rekstur fasteigna | 351 500 | 551 705 | 200 205 | 57,0 |
| Sameiginleg útgjöld | 199 507 | 296 646 | 97 139 | 48,7 |
| Félagsvísindadeild | 163 202 | 245 788 | 82 586 | 50,6 |
| Byggingarframkvæmdir og tækjakaup | 1 235 300 | 2 018 000 | 782 700 | 63,4 |
| Mannfræðistofnun | 17 324 | 25 670 | 8 346 | 48,2 |
| Reiknistofnun | 132 622 | 208 622 | 76 000 | 57,3 |
| | | | | |
| Gjöld samtals | 5 143 777 | 7 850 794 | 2 707 017 | 52,6 |
| Sértekjur | 1 419 913 | 1 869 945 | 450 032 | 31,7 |
| | | | | |
| Fjárveiting | 3 723 864 | 5 980 849 | 2 256 985 | 60,6 |

Yfirstjórn. Fjárveiting til yfirstjórnar verður 352 067 þús. kr. og er það hækkun um 116 349 þús. kr. frá fjárlögum ársins 1980. Laun hækka um 71 499 þús. kr. og verða 220 417 þús. kr. sem er um 7 400 þús. kr. umfram almennar launahækkunir. Skýring á þessari hækkun er sú að heimiluð hefur verið staða fulltrúa fyrir nemendaskrá skólans og er kostnaðarauki vegna þess 5 913 þús. kr. Önnur launahækkun að fjárhæð 1 487 þús. kr. er vegna hækkunar á auka- og forfallavinnu. Önnur rekstrargjöld hækka um 44 850 þús. kr. sem er um 51,7% hækkun frá fjárlögum 1980 eða 5 800 þús. kr. hækkun umfram almennar verðlagshækkunir. Hækkun þessi á rót sína að rekja til hækkunar á síma- og burðargjöldum en þessi kostnaður skólans lendir nær alfarið á yfirstjórn skólans.

Læknadeild. Framlag vegna læknadeildar verður 1 063 314 þús. kr. og er það hækkun um 346 655 þús. kr. eða 48,4% frá fjárlögum 1980. Laun hækka um 307 826 þús. kr. sem er um það bil 25 300 þús. kr. umfram almennar launahækkunir og skýrist hækkun þessi af eftirfarandi atriðum: Heimiluð hefur verið hlutastaða dósentis í taugasjúkdómafræði og er kostnaður vegna þess 3 342 þús. kr. Stundakennsla í læknadeild hefur verið hækkuð um 3 340 þús. kr. umfram almennar launahækkunir. Þá hafa laun vegna rannsókna og verklegar kennslu hækkað um 10 420 þús. kr. umfram almennar launahækkunir og á þessi hækkun að langmestu leyti rót sína að rekja til þess að áætlað er nú fyrir verklegri kennslu í líffærafræði og vefjafræði vegna krufninga hér á landi sem áður hafa farið fram erlendis. Önnur hækkun að fjárhæð 8 198 þús. kr. er vegna ýmissa leiðréttinga á öðrum launum en föstum launum. Önnur rekstrargjöld hækka um 38 829 þús. kr. sem er um 12 000 þús. kr. umfram almennar verðlags-hækkunir. Skýring þeirrar hækkunar er sú að 25 000 þús. kr. eru áætlaðar vegna krufninganámskeiða.

Viðskiptadeild. Fjárveiting til viðskiptadeildar verður 218 481 þús. kr. og er það hækkun um 78 983 þús. kr. frá fjárlögum ársins 1980. Laun hækka um 75 543 þús. kr. sem er um 18 200 þús. kr. umfram almennar launahækkunir.

Skýringin á þessari hækkun er sú að stundakennsla við deildina hefur verið hækkuð sem þessari fjárhæð nemur, en það er vegna mikillar fjölgunar stúdenta svo og þess að 1980 var unnt að nýta fjárveitingar til fastra staða, sem ekki voru setnar, til að greiða stundakennslu. Önnur rekstrargjöld hækka um 3 440 þús. kr. og verða 9 560 þús. kr. sem er í samræmi við almenna verðlagsþróun.

Heimspékideild. Heimiluð hefur verið staða lektors í ensku við heimspékideild en stundakennsla hefur verið lækkuð á móti þessari stöðuaukningu. Að öðru leyti er hækkun fjárveitinga til heimspékideildar í samræmi við almennar launa- og verðlagshækkunarir.

Verkfræðideild. Fjárveiting til verkfræðideildar verður sem hér segir:

| | Fjárlög | Frumvarp | Hækkun | |
|-------------------------------|---------|-----------|---------|-------|
| | 1980 | 1981 | M.kr. | % |
| Stærðfræðiskor | 135 922 | 202 798 | 66 876 | 49,2 |
| Eðlisfræðiskor | 119 405 | 177 870 | 58 465 | 49,0 |
| Efnafræðiskor | 151 261 | 229 840 | 78 579 | 51,9 |
| Byggingarverkfræðiskor | 108 643 | 162 192 | 53 549 | 49,3 |
| Véla-skipaverkfræðiskor | 88 788 | 132 594 | 43 806 | 49,3 |
| Rafmagnsverkfræðiskor | 78 720 | 117 836 | 39 116 | 49,7 |
| Verkfræðistofnun | 12 238 | 27 688 | 15 450 | 126,2 |
| Líffræðiskor | 179 894 | 264 200 | 84 306 | 46,9 |
| Jarðfræðiskor | 116 014 | 169 552 | 53 538 | 46,1 |
| Ótilgreind skor | 7 124 | 10 155 | 3 031 | 42,5 |
| | <hr/> | <hr/> | <hr/> | <hr/> |
| Gjöld samtals | 998 009 | 1 494 725 | 496 716 | 49,8 |
| Sértekjur | 6 500 | 17 000 | 10 500 | 161,5 |
| | <hr/> | <hr/> | <hr/> | <hr/> |
| Fjárveiting | 991 509 | 1 477 725 | 486 216 | 49,0 |

Samtals hækkar launaliður verkfræðideildar um 433 166 þús. kr. og verður 1 334 358 þús. kr. sem er um 45 000 þús. kr. umfram almennar launahækkunarir. Þessi umframhækkun skýrist af eftirfarandi atriðum: Heimiluð hefur verið prófessorsstaða í tölvunarfræðum frá 1.7. 1981 og er kostnaður vegna þess 5 369 þús. kr. Stundakennsla hækkar um 36 600 þús. kr. umfram almennar launahækkunarir og er skýringin hin mikla nemendaaukning sem á sér stað innan verkfræðideildar. Aðrar launahækkunarir að fjárhæð 3 031 þús. kr. eru vegna leiðréttinga á orlofsframlagi, álagsgreiðslum, aukinni vélritunaraðstoð og fleiri smáatriða. Önnur rekstrargjöld hækka um 63 550 þús. kr. sem er um 18 000 kr. umfram almennar verðlagshækkunarir. Tekið er inn nýtt verkefni hjá verkfræðistofnun að fjárhæð 10 000 þús. kr. sem er vegna útseldra verkefna en tekjur koma inn til verkfræðistofnunar jafnháar á móti. Umframhækkun á sér stað á öðrum rekstrargjöldum eðlisfræðiskoror um 2 400 þús. kr., efnafræðiskoror um 2 300 þús. kr. og stærðfræðiskoror um 1 000 þús. kr. Aðrar umframhækkunarir á öðrum rekstrargjöldum, samtals að fjárhæð 2 300 þús. kr. eru vegna ýmiss konar leiðréttinga þegar hliðsjón hefur verið höfð af ríkisreikningi árið 1979.

Háskólabókasafn. Fjárveiting til háskólabókasafns verður 174 727 þús. kr. og er það hækkun um 55 978 þús. kr. frá fjárlögum 1980. Launaliður hækkar um 39 578 þús. kr., þar af er yfirvinna vegna afgreiðslu 1 300 þús. kr. sem ekki hefur verið áætlað fyrir áður. Að öðru leyti hækka laun í samræmi við almennar launahækkunarir. Önnur rekstrargjöld hækka um 16 400 þús. kr. sem er um 3 100 þús. kr. umfram verðlagshækkunarir og er sú hækkun tilkomin vegna áformaðrar aukningar á bóka- og tímaritakaupum safnsins.

Rekstur fasteigna. Fjárveiting hækkar um 200 205 þús. kr. og verður 551 705 þús. kr. Laun hækka um 88 740 þús. kr. sem er um 11 900 þús. kr.

umfram launahækkunir og er hækkun þessi til komin vegna aukins ræstingar-kostnaðar. Önnur rekstrargjöld hækka um 111 465 þús. kr. eða um 33 000 þús. kr. umfram almennar verðlagshækkunir. Ástæðan er mikil hækkun á húsaleigu-greiðslum Háskólans. Að öðru leyti er um almennar verðlagshækkunir að ræða á þessu viðfangsefni.

Félagsvísindadeild. Fjárveiting til félagsvísindadeildar verður 245 788 þús. kr. og er það hækkun um 82 586 þús. kr. Fjárveitingin felur í sér laun vegna nýrrar stöðu lektors í uppeldisfræðum, en launaútgjöld vegna stundakennslu lækka að sama skapi.

Byggingarframkvæmdir og tækjakaup. Áætlað er að ráðstöfunarfé til framkvæmda, viðhalds og tækjakaupa Háskólans muni nema samtals 2 018 000 þús. kr. og verður fjármögnun og ráðstöfun fjárens með eftirgreindum hætti:

Framkvæmdaáætlun Háskóla Íslands fyrir árið 1981

| Fjármögnun | þús. kr. |
|------------------------------------------------------------------------|-----------|
| Eign 1. jan. 1981 | 500 000 |
| Framlag H.H.Í. 1981 | 1 018 000 |
| Fjárveiting úr ríkissjóði | 450 000 |
| Vaxtatekjur byggingarsjóðs 1981 | 50 000 |
| | <hr/> |
| Samtals | 2 018 000 |
| Ráðstöfun | |
| Viðhald húsa og lóða | 140 000 |
| Tækjakaup deilda, námsbrauta og stjórnsýslu | 180 000 |
| Skipulagning lóðar og áætlunargerð vegna nýbygginga á Háskólalóð | 25 000 |
| Endurnýjun og viðhald húsgagna og búnaðar | 25 000 |
| Húsnæði og búnaður vegna nýrra námskeiða | 40 000 |
| Úrbætur í síma- og öryggismálum | 15 000 |
| Nýframkvæmdir á Háskóla- og Landspítalalóð | 1 593 000 |
| | <hr/> |
| Samtals | 2 018 000 |

Í byrjun árs 1979 fjallaði fjárveitinganefnd Alþingis um byggingarmál á Landspítala- og Háskólalóð og kynnti sér m. a. álit samráðshóps sem menntamálaráðherra skipaði hinn 17. nóvember 1978 til að endurmeta stöðu byggingarmála á vegum Háskóla Íslands og á Landspítalalóð, en álitid er dagsett 11. desember 1978. Þeir er skipuðu fjárveitinganefnd hinn 14. mars 1979 gátu fyrir sitt leyti fallist á þau áform um framkvæmdir og fjármögnun sem fram eru sett í álit samráðshópsins. Fjármögnunin fól í sér að til viðbótar framlagi Hapdrættis Háskóla Íslands þyrfti að koma til fjárveiting úr ríkissjóði á næstu árum. Sérstaklega voru höfð í huga næstu þrjú árin vegna ákvarðana um framkvæmdir sem verið var að taka á útmánuðum 1979. Upphæðin er 300 m.kr. á ári miðað við verðlag í október 1978. Í fjárlögum fyrir árið 1980 var ekki gert ráð fyrir beinni fjárveitingu til byggingarframkvæmda á vegum Háskóla Íslands. Hönnunarvinna hafði verið tímafrekari en reiknað var með og framkvæmdir dregist. Það var því talið eðlilegt, að áform um beinar fjárveitingar færðust til í tíma um eitt ár. Nú eru framkvæmdir hafnar. Í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 1981 er að hluta tekið tillit til fyrrgreindra áforma um fjárveitingar til byggingarframkvæmda á vegum Háskóla Íslands að fjárhæð 450 000 þús. kr.

Reiknistofnun. Útgjöld reiknistofnunar eru áætluð 208 622 þús. kr. og er það hækkun um 76 000 þús. kr. frá fjárlögum 1980. Laun hækka um 31 271 þús. kr. sem er í samræmi við almennar launabreytingar. Önnur rekstrargjöld hækka um 44 729 þús. kr. sem er um 18 500 þús. kr. hækkun umfram almennar verðlagshækkunir. Hækkun þessi stafar fyrst og fremst af greiðslu afborgana og

vaxta af bráðabirgðaláni hjá Háskóla Íslands vegna vélaskipta að fjárhæð 34 000 þús. kr. Á móti lækka önnur útgjöld um 15 500 þús. kr. vegna lækkunar á aðkeyptri þjónustu frá SKÝRR ásamt minna viðhaldi og minni vélaleigu með tilkomu nýrrar tölvu.

- 203 **Raunvísindastofnun háskólans.** Fjárveiting til Raunvísindastofnunar háskólans verður 681 295 þús. kr. og er það hækkun á fjárveitingu um 222 261 þús. kr. Hækkunin skiptist þannig á einstakar gjaldategundir: Laun hækka um 153 900 þús. kr. sem er um það bil 12 900 þús. kr. umfram almennar launahækkanir. Skýring hækkunarinnar er þessi: Áætlað er fyrir launum matráðskonu allan daginn en í fjárlögum 1980 var einungis áætlað fyrir launum hennar hálfan daginn. Kostnaðarauki vegna þessa er áætlaður 2 400 þús. kr. Þá er 7 300 þús. kr. fjárveiting til einnar stöðu til að sneiða jarðsýni í þynnur. Aðrar hækkunir á launum að fjárhæð 3 200 þús. kr. eru vegna ýmiss konar annarra hækkana, t. d. álagsgreiðslna, orlofsframlags og flokkaskriðs. Önnur rekstrargjöld hækka um 46 606 þús. kr. sem er um 10 000 þús. kr. umfram almenna verðlagsþróun og hefur þá verið tekið mið af niðurstöðu ríkisreiknings fyrir árið 1979. Viðhald hækkar um 9 765 þús. kr. og verður 26 620 þús. kr. Gjaldfærður stofnkostnaður hækkar um 11 390 þús. kr. og verður 50 340 þús. kr., en það er um 29,3% hækkun frá fjárlögum 1980. Sértekjur hækka um 600 þús. kr. og verða 1 500 þús. kr.
- 205 **Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi.** Heildarhækkun á þessum fjárlagalið nemur 74 508 þús. kr. eða 48,2%. Laun hækka um 46 278 þús. kr. og skýrist sú upphæð öll af almennum launahækkunum. Önnur rekstrargjöld hækka um 16 363 þús. kr., sem er nokkuð umfram almennar verðlagshækkunir, og er sú aukning aðallega vegna kostnaðar við starfsmenn í orlofi. Viðhald hækkar um 600 þús. kr. og gjaldfærður stofnkostnaður um 13 000 þús. kr. og verður samtals 43 000 þús. kr. sem einkum skal varið til útgáfustarfsemi.
- 231 **Náttúrufræðistofnun Íslands.** Framlag hækkar um 49 228 þús. kr. og verður 148 145 þús. kr. Laun hækka um 30 504 þús. kr. sem nemur almennum launahækkunum. Önnur rekstrargjöld hækka um 9 504 þús. kr. og verða 27 485 þús. kr. Í viðhald fara 5 000 þús. kr. sem er 3 000 þús. kr. hækkun frá fyrra ári. Gjaldfærður stofnkostnaður hækkar um 6 220 þús. kr. og verður 14 570 þús. kr. Fé þessu skal m. a. varið til kaupa á safnhirslum, rannsóknarsmásjá, sýningarborðum og ljósritunarvél.
- 232 **Rannsóknaráð ríkisins.** Á öndverðu ári 1979 kynnti Rannsóknaráð ríkisins ráðamönnum þjóðarinnar langtímaáætlun um rannsóknir og þróunarstarfsemi í þágu atvinnuveganna. Í skýrslunni kemur fram að Íslendingar verja mun minna fjármagni til rannsóknar- og þróunarstarfsemi en aðrar þjóðir á svipuðu hagþróunarstigi. Af vergum þjóðartekjum verja Íslendingar 0,4—0,5% til rannsókna en aðrar þjóðir 1%—2,5%. Í 25. gr. laga nr. 13/1979 um stjórn efnahagsmála o. fl. segir: „Til stuðnings áætlanagerðar um atvinnuvegina skal efla rannsóknastarfsemi í þeirra þágu, með hliðsjón af langtímaáætlun Rannsóknaráðs ríkisins um það efni, eins og hún verður staðfest af stjórnvöldum“. Formleg staðfesting hefur ekki átt sér stað, en í umræðum um langtímaáætlunina, m. a. hjá fjárveitinganefnd, hefur þótt eðlilegt að hafa hana til hliðsjónar þegar ákvarðanir eru teknar um fjárveitingar til rannsóknastofnananna. Þær stofnanir sem falla undir Rannsóknaráð ríkisins eru: Rannsóknastofnun landbúnaðarins, Hafrannsóknastofnun, Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins, Iðntæknistofnun og Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins, auk Skrifstofu rannsóknastofnana atvinnuveganna sem annast m. a. fjárreiður fyrrgreindra stofnana. Framkvæmdastjóri Rannsóknaráðs ríkisins og forstöðumenn rannsóknastofnananna hafa átt fundi með fjárveitinganefnd þar sem rætt hefur verið starfs-

skipulag á grundvelli verkefna auk annarra atriða langtímaáætlunarinnar. Í því sambandi hefur verið rætt um gerð fjárlaga og hugsanlegar breytingar á vinnubrögðum sem því væru samfara að fjárveitingar miðuðust við verkefni. Rannsóknastofnanirnar sendu fjárlagabæiðnir sínar til fjárlaga- og hagsýslustofnunar með hefðbundnum hætti, en auk þess hafa átt sér stað fundir með einstökum rannsóknastofnunum þar sem bæiðnirnar hafa verið ræddar út frá þeim verkefnum sem rannsóknastofnanirnar sinna. Undirnefnd fjárveitinga- nefndar hefur átt aðild að viðræðunum. Þar sem viðræðum var ekki lokið er ganga þurfti frá frumvarpinu til prentunar, má reikna með fáeinum breytingum á framlögum er snerta starfsmannahald. Viðræðurnar hafa einkum beinst að eftirfarandi atriðum.

- a) Skilgreiningu á grunnstærð hvernar stofnunar og hvernig hún tengist langtímaáætlun. Grunnstærðin yrði þá eins konar heimanmundur frá ríkinu.
- b) Verkefnaráðningu starfsmanna. Af hálfu fjárlaga- og hagsýslustofnunar og fjárveitinganefndar hefur verið lögð rík áhersla á að þannig sé búið um hnútana, þegar um verkefnaráðna starfsmenn er að ræða, að stofnanir sitji ekki uppi með starfsmennina þegar verkefninu lýkur. Ennfremur að ráðningin sé borin undir Ráðninganefnd ríkisins, ef ætla má að verkefnið taki lengri tíma en eitt ár. Að sjálfsögðu verða samningar við verkefnaráðna starfsmenn að vera innan þess, sem afmarkast af kjarasamningum opinberra starfsmanna. Aftur á móti hefur verið við það miðað í umræðunum að stofnunin hefði tekjur af störfum verkefnaráðinna starfsmanna sem stæðu að minnsta kosti undir þeim kostnaði sem af starfsmanni hlytist.
- c) Að lokum hafa viðræðurnar beinst að gjaldskrár stofnananna. Nauðsyn ber til að samræma gjaldskrár rannsóknastofnana þannig að sama gjald sé tekið fyrir sambærilega þjónustu. Eðlilegt er að Rannsóknaráð ríkisins taki að sér að koma slíkri samræmingu á.
Þess er vænst að endanlegar ákvarðanir um ofangreind atriði verði teknar við afgreiðslu fjárlaga.

- 301 Menntaskólinn í Reykjavík. Heildarfjárveiting er 765 012 þús. kr. og er það 240 690 þús. kr. hækkun eða 46%. Hækkun launa nemur 242 370 þús. kr. og er það umfram almennar launahækkanir. Mismunurinn skýrist m. a. með færslu milli launaflokka og vanáætlun í fjárlögum 1980, þar sem kennurum voru áætluð dagvinnulaun fyrir störf sem greiðast eiga sem yfirvinna. Önnur rekstrar- gjöld hækka um 8 320 þús. kr. sem er innan almennra verðlagshækkana og gjaldfærður stofnkostnaður sem var 10 000 þús. kr. í fjárlögum 1980 fellur niður.
- 302 Menntaskólinn á Akurevri. Fjárveiting til skólans hækkar um 178 025 þús. kr. og verður samtals 636 369 þús. kr. Þetta er 38,8% hækkun og nokkru minni en almennar verðlags- og launahækkanir. Laun hækka um 142 948 þús. kr. sem er innan við almennar launahækkanir en skýring þess er fyrst og fremst sú að áætlað kennslumagn hefur minnkað. Önnur rekstrargjöld hækka um 35 077 þús. kr. sem er 63,3% hækkun frá ríkisreikningi 1979. Stofnkostnaður er samtals 15 000 þús. kr. til hönnunar og undirbúningsvinnu við smíði húss fyrir bókasafn, lestrarsali o. fl.
- 304 Menntaskólinn við Hamrahlíð. Heildarfjárveiting til skólans er 1 052 951 þús. kr. sem er 349 606 þús. kr. hækkun frá fjárlögum 1980 eða 49,7%. Laun hækka um 348 346 þús. kr. sem er umfram almennar launahækkanir. Skýringar eru helstar þær að nokkur færsla hefur orðið milli launaflokka, deildarstjórum hefur fjölgað og tekið er tillit til vanáætlunar í fjárlögum 1980 á greiðslum fyrir ýmis störf, svo sem tækja- og bókavörslu, fjarvistarskráningu, ræstingu o.fl. Einnig hefur nemendum fjölgað frá því sem reiknað var með við gerð fjárlaga 1980. Önnur

- rekstrargjöld hækka um 35 860 þús. kr., sem er veruleg hækkun umfram verðlagshækkanir, en tekið er tillit til vanáætlunar á s. l. ári. Gjaldfærður stofnkostnaður lækkar um 2 000 þús. kr. og er samtals 11 000 þús. kr. Þar af er ætlað til innréttunga 3 000 þús. kr. og til frágangs bílastæða 8 000 þús. kr. Áætluð hækkun sértekna er 32 600 þús. kr.
- 305 Menntaskólinn við Sund.** Heildarframlag hækkar um 270 186 þús. kr. og verður 927 064 þús. kr. Laun og önnur rekstrargjöld hækka samtals um 216 286 þús. kr. sem er innan almennra launa- og verðlagshækkana. Stofnkostnaður hækkar um 55 000 þús. kr. og verður 190 000 þús. kr. Þar af eru 180 000 þús. kr. vegna greiðslusamnings við Reykjavíkurborg og 10 000 þús. kr. til innréttunga. Áætlaðar sértekjur hækka um 1 100 þús. kr. og verða nú 3 600 þús. kr.
- 306 Menntaskólinn á Ísafirði.** Fjárveiting til skólans hækkar um 146 987 þús. kr. eða 38,5% sem er innan almennra launa- og verðlagshækkana. Skýringin felst í verulega minni hækkun launa en verðlagsforsendur gefa tilefni til vegna fækkunar nemenda. Önnur rekstrargjöld hækka um 21 134 þús. kr. sem er umfram almennar verðlagshækkanir en tillit er tekið til niðurstöðu ríkisreiknings frá 1979. Gjaldfærður stofnkostnaður hækkar um 90 000 þús. kr. og verður samtals 300 000 þús. kr. sem er vegna smíði kennsluhúss. Hækkun sértekna er áætluð 349 þús. kr.
- 307 Menntaskólinn á Egilsstöðum.** Heildarfjárveiting er 476 514 þús. kr. sem er 245 317 þús. kr. hækkun frá fjárlögum 1980. Fjórða kennsluárið bætist nú við en engin brottskráning nemenda á sér stað fyrr en vorið 1981. Stefnt er að rekstri öldungadeildar, en ríkissjóður greiðir þriðjung kostnaðar við bóklegt nám á móti þriðjungi frá sveitarfélagi og þriðjungi frá nemendum sjálfum. Laun hækka um 101 557 þús. kr. Önnur rekstrargjöld hækka um 25 760 þús. kr. og gjaldfærður stofnkostnaður hækkar um 118 000 þús. kr. og verður samtals 273 000 þús. kr. Honum skal varið til kennarabústaða 38 000 þús. kr., til greiðslu skuldar við Framkvæmdadeild IR vegna mótuneytis 10 000 þús. kr., til matsalar 20 000 þús. kr., til annars áfanga heimavistar 200 000 þús. kr. og til hönnunar skólahúss 5 000 þús. kr.
- 308 Menntaskólinn í Kópavogi.** Framlög hækka um 59 885 þús. kr. og verða alls 289 831 þús. kr. Laun hækka um 74 530 þús. kr. sem er innan almennra launahækkana. Þetta stafar af minnkun á kennslumagni en fjölgun nemenda hefur ekki orðið sú sem ráð var fyrir gert í áætlun fyrir fjárlög 1980. Önnur rekstrargjöld hækka um 5 355 þús. kr. sem er umfram almennar verðlagshækkanir en tillit er tekið til ríkisreiknings 1979. Gjaldfærður stofnkostnaður er enginn og lækkar því um 20 000 þús. kr. frá fyrra ári.
- 319 Framhaldsskólar, almennt.** Hér er um nýjan safnlið að ræða en jafnframt fellur niður safnliðurinn Menntaskólar, almennt. Hin ýmsu verkefni sem falla hér undir eru orlofsgreiðslur til kennara, forfallakennsla, laun prófdómara o. fl. Ennfremur felur liðurinn í sér viðhald menntaskólanna og tækjakaup. Samtals er framlagið 366 662 þús. kr. og skiptist þannig: Laun 185 912 þús. kr., viðhald 110 000 þús. kr., gjaldfærður stofnkostnaður 37 000 þús. kr. og til einstaklinga og samtaka fara 33 750 þús. kr. en þar er um að ræða kostnað við endurmenntunarnámskeið og námskeið í kennslu- og uppeldisfræði.
- 321 Kennaraháskóli Íslands.** Heildarfjárveiting til skólans verður 1 340 157 þús. kr. og hækkar um 425 081 þús. kr. eða 46,4%. Laun hækka um 387 678 þús. kr. sem er nokkuð umfram almennar launahækkanir. Þetta skýrist fyrst og fremst af því að rannsóknarverkefni og réttindanám sem fært var með öðrum rekstrargjöldum s. l. ár er nú fært sem laun. Hækkar þetta launakostnað um rúmlega 61 000 þús. kr. og veldur jafnframt lækkun annarra rekstrargjalda

- en þau lækka í heild um 22 697 þús. kr. Viðhald hækkar um 7 100 þús. kr. og stofnkostnaður um 47 000 þús. kr. og verður samtals 225 000 þús. kr. Fé þessu skal varið í eftirtalin verkefni: Fyrri áfangi nýbyggingar 130 000 þús. kr., skilveggir 10 000 þús. kr., tækjakaup 10 000 þús. kr. og síðari áfangi nýbyggingar 75 000 þús. kr. Framlög til einstaklinga og samtaka, sem ekki var áætlað fyrir á s. l. ári, verða nú 15 000 þús. kr. og er hér um að ræða kostnað við mótuneyti og heimavistarastöðu vegna endurmenntunarnámskeiða. Loks er áætluð hækkun sértekna um 9 000 þús. kr.
- 322 **Æfinga- og tilraunaskóli kennaraháskólans.** Heildarfjárveiting er 329 825 þús. kr. og er það 107 220 þús. kr. hækkun frá s. l. ári. Hækkun þessi er 48,1% sem er fram yfir verðlagsbreytingar en ráðninganefnd samþykkti á árinu ½ stöðugildi félagsráðgjafa og aukast laun af þeim sökum um rúmlega 4 000 þús. kr.
- 351 **Fjölbrautaskólar í Reykjavík.** Hér er um nýjan fjárlagalið að ræða en Fjölbrautaskólinn í Breiðholti og Ármúlaskólinn eru nú viðfangsefni undir þessum lið. Heildarfjárveiting er 2 108 383 þús. kr. og skiptist þannig að framlag til Ármúlaskóla er 505 936 þús. kr. en framlag til Fjölbrautaskólans í Breiðholti er 1 602 447 þús. kr. Ármúlaskólinn, sem verið hefur framhaldsdeild grunnskóla, færist nú á fjölbrautastig. Allur samanburður við fyrra ár er því óraunhæfur. Veruleg nemendafjölgun verður í Fjölbrautaskólanum í Breiðholti, einkum í verknámsgreinunum, og leiðir það til fleiri kennslustunda. Auk þess er áætlað fyrir öldungadeild við skólann. Þetta skýrir hækkun launa sem er 428 445 þús. kr. og er nokkuð umfram almennar launahækkanir. Önnur rekstrargjöld hækka um 18 037 kr. sem er innan almennra verðlagshækkana. Viðhald hækkar um 14 000 þús. kr. Stofnkostnaður hækkar um 170 000 þús. kr. og er samtals 370 000 þús. kr. sem varið skal til E-álmú skólans. Samtals hækka framlög til skólans um 630 482 þús. kr.
- 352 **Flensborgarskóli, fjölbrautaskóli.** Framlög til skólans hækka um 158 858 þús. kr. eða 47,2% og verða 495 400 þús. kr. Þar af hækka laun um 154 038 þús. kr. sem er umfram almennar launahækkanir og vegna nemendafjölgunar. Önnur rekstrargjöld hækka um 9 820 þús. kr. en lækking er á gjaldfærðum stofnkostnaði um 5 000 þús. kr. Gjaldfærður stofnkostnaður verður því samtals 10 000 þús. kr. sem er hlutur ríkissjóðs í nýbyggingu skólans og breytingum á eldra húsnæði.
- 353 **Fjölbrautaskóli Suðurnesja.** Heildarframlag er 571 056 þús. kr. eða 120 157 þús. kr. hærra en í síðustu fjárlögum. Laun og önnur rekstrargjöld hækka samtals um 114 157 þús. kr. sem er töluvert innan almennra launa- og verðlagshækkana en kennslumagn hefur minnkast frá s. l. ári. Rekstrargjöld voru ákveðin með hliðsjón af ríkisreikningi 1979. Gjaldfærður stofnkostnaður hækkar um 6 000 þús. kr. og verður 71 000 þús. kr. Þar af skal verja 41 000 þús. kr. til verknámshúss, 12 000 þús. kr. í breytingar og innréttingar og 18 000 þús. kr. í ýmsan búnað.
- 354 **Fjölbrautaskólinn á Akranesi.** Heildarframlag til skólans verður 474 561 þús. kr. Það er 160 775 þús. kr. eða 51,2% hærra framlag en 1980. Laun hækka um 148 775 þús. kr. og er sú hækkun sem er umfram almennar launahækkanir vegna nemendafjölgunar við skólann. Auk þess er nú í fyrsta sinn gert ráð fyrir rekstri öldungadeildar við skólann, en kostnaður við bóklegt nám slíkrar deildar skiptist jafnt milli ríkissjóðs, sveitarfélaga og nemenda. Önnur rekstrargjöld hækka um 12 000 þús. kr. og er það umfram almennar verðlagshækkanir en vanáætlunar hefur gætt vegna orkukostnaðar og þess að skólinn er í mótun.
- 355 **Framhaldsskóli í Vestmannaeyjum.** Fjárframlög til skólans hækka um 85 821 þús. kr. frá fjárlögum 1980 eða um 88,3%. Skólinn tók til starfa haustið 1979 og því er erfitt um allan samanburð. Laun hækka um 62 821 þús. kr. og þá

- fyrst og fremst vegna nemendafjölgunar. Önnur rekstrargjöld hækka um 11 600 þús. kr. Viðhald hækkar um 1 400 þús. kr. og gjaldfærður stofnkostnaður um 10 000 þús. kr. og verður samtals 20 000 þús. kr. Fé þessu skal varið til kaupa á tækjum og búnaði auk viðgerðar á siglingar- og fiskleitartækjum.
- 356 **Fjölbrautaskólinn á Sauðárkróki.** Heildarframlag til skólans verður 309 678 þús. kr. og hækkar um 151 583 þús. kr. eða 95,8%. Hækkun sú sem er umfram almennar verðlags- og launahækkanir er fyrst og fremst vegna aukinna umsvifa á öllum sviðum þar sem hér er um að ræða nýjan skóla og ennþá eru að bætast við nýir árgangar. Einnig er stefnt að því að öldungadeild verði starfrækt við skólann og er hlutur ríkissjóðs $\frac{1}{3}$ af kostnaði við bóklegt nám. Stofnkostnaður er samtals 179 000 þús. kr. og skal varið til verknámshúss 80 000 þús. kr., heima-
vistar 90 000 þús. kr., hönnunar kennsluhúsnæðis 3 000 þús. kr. og til kaupa á búnaði og tækjum 6 000 þús. kr.
- 422 **Námshagkerfið.** Samkvæmt lögum nr. 45/1979 er Fræðslumyndasafn ríkisins og Ríkisútgáfa námsbóka sameinuð undir þennan fjárlagalið. Framlag er samtals 598 805 þús. kr. og er hækkunin milli ára umfram almennar verðlags- og launahækkanir fyrst og fremst vegna aukins kostnaðar við útgáfustarfsemi.
- 501 **Tækniskóli Íslands.** Heildarframlag til skólans er 741 535 þús. kr. sem er 280 322 þús. kr. hærra en í fjárlögum 1980. Laun hækka um 215 722 þús. kr. sem er nokkuð umfram almennar launahækkanir og skýrist af auknu kennslumagni. Önnur rekstrargjöld hækka um 52 800 þús. kr. og er tekið mið af ríkisreikningi 1979 vegna vanáætlunar þessa liðar s.l. ár. Viðhald hækkar um 2 800 þús. kr. og stofnkostnaður um 12 000 þús. kr. sem verður samtals 35 000 þús. kr. til kaupa á tækjum og búnaði. Áætlaðar sértekjur eru 5 240 þús. kr. sem er 3 000 þús. kr. hækkun frá fjárlögum 1980.
- 506 **Vélskóli Íslands.** Framlag til skólans hækkar um 215 119 þús. kr. eða 69,4% og verður heildarframlag 524 901 þús. kr. Laun hækka um 171 599 þús. kr. sem er verulega umfram almennar launahækkanir en skýrist með auknum nemendafjölda og aukinni verknámskennslu. Önnur rekstrargjöld hækka um 14 000 þús. kr. sem er umfram verðlagshækkanir vegna námskeiðahalds. Viðhald hækkar um 1 520 þús. kr., stofnkostnaður um 30 000 þús. kr. og verður samtals 60 000 þús. kr. Fé þessu skal varið til tækjakaupa. Sértekjur eru áætlaðar 2 000 þús. kr. en voru engar í fjárlögum 1980. Tekjurnar eru vegna námskeiðahalds.
- 514 **Iðnskólinn í Reykjavík.** Fjárframlög hækka um 587 546 þús. kr. sem er 62,8% hækkun frá fjárlögum 1980. Aðeins laun hækka umfram almennar verðlagsforsendur og stafar það af fjölgun áfanga iðnnáms svo og vegna vanáætlunar kennslumagns við fjárlagagerð 1980.
- 517 **Hótel- og veitingaskóli Íslands.** Heildarframlag til skólans er 106 108 þús. kr. sem er 34 381 þús. kr. hækkun frá fjárlögum 1980. Laun hækka um 25 817 þús. kr. og er það umfram almennar launahækkanir vegna nemendafjölgunar. Önnur rekstrargjöld hækka um 11 539 þús. kr. sem er í samræmi við verðlagshækkanir. Viðhald hækkar um 1 200 þús. kr., stofnkostnaður um 2 825 þús. kr. og verður samtals 8 000 þús. kr. sem varið skal til kaupa á ýmsum kennslutækjum. Áætlaðar sértekjur eru 12 000 þús. kr. og hækka um 7 000 þús. kr.
- 518 **Fiskvinnsluskólinn.** Heildarframlag til skólans hækkar um 57 481 þús. kr. og verður 119 253 þús. kr. Laun hækka um 34 103 þús. kr. sem er rúmlega 12 000 þús. kr. umfram almennar launahækkanir og stafar fyrst og fremst af auknu námskeiðahaldi fyrir starfsfólk í frystihúsum. Þessi auknu námskeið skýra

- einnig hluta hækkunar annarra rekstrargjalda en þau hækka í heild um 22 878 þús. kr. Aðrar skýringar á þeirri hækkun er veruleg hækkun hráefnis-kostnaðar og vaxandi húsnæðiskostnaður. Viðhald hækkar um 500 þús. kr., stofnkostnaður um 2 500 þús. kr. og er samtals 6 000 þús. kr. til kaupa á tækj-
run og búnaði. Sértekjur eru áætlaðar 20 000 þús. kr. sem er 2 500 þús. kr. hækkun frá s. l. ári.
- 521 **Hjúkrunarskóli Íslands.** Heildarframlag eykst um 344 908 þús. kr. sem er rúmlega 265 000 þús. kr. umfram almennar launa- og verðlagshækkanir. Þessi umframhækkun er öll vegna launa hjúkrunarnema fyrir bóklegan þátt námsins en ekki var áætlað fyrir þessu við gerð síðustu fjárlaga.
- 553 **Hússtjórnarskólar, almennt.** Heildarframlög aukast um 28 413 þús. kr. eða um 8,9%. Laun hækka um 12 626 þús. kr. sem er langt undir almennum launahækkunum. Mikil fækkun nemenda hefur orðið í almennu hússtjórnarnámi en aukin umsvif eru í námskeiðahaldi. Fjárveiting miðast við fastar stöður og að einn skóli skuli starfræktur. Önnur rekstrargjöld hækka um 12 999 þús. kr., viðhald um 11 088 þús. kr. og áætlaðar sértekjur um 8 300 þús. kr.
- 561 **Myndlista- og handíðaskólinn.** Heildarframlag til skólans er 181 533 þús. kr. sem er 57 841 þús. kr. hækkun frá fjárlögum 1980. Laun hækka um 91 534 þús. kr. sem er umfram almennar launahækkanir og skýrist með nemendafjölgun og breytingu á kennsluskipulagi. Önnur rekstrargjöld hækka samtals um 47 847 þús. kr., sem er langt umfram almennar verðlagshækkanir, og er það fyrst og fremst vegna hærri húsaleigugjalda en skólinn hefur fengið heimild til að auka húsnæði sitt um 220 m². Einnig er gert ráð fyrir stórauðnum kostnaði við námsferðir nemenda og auknum kostnaði við breytingar á kennslustofum. Framlög til einstaklinga og samtaka falla niður en þau voru 2 000 þús. kr. s. l. ár. Viðhald hækkar um 1 000 þús. kr., gjaldfærður stofnkostnaður um 2 900 þús. kr. og er 9 000 þús. kr. sem verja skal til tækjakaupa. Áætlaðar sértekjur, sem eru framlög Reykjavíkurborgar og innritunargjöld, hækka um 83 440 þús. kr.
- 563 **Tónlistarfræðsla.** Framlag nemur alls 937 613 þús. kr. en það er hækkun um 272 198 þús. kr. eða 40,9% frá fjárlögum 1980. Útgjöld vegna þessa fræðsluþáttar hafa aukist verulega á undanförunum árum og gerir brýnt að lög og reglur um tónlistarfræðslu verði endurskoðuð.
- 601—609 **Héraðsskólar, rekstur.** Heildarframlög nema 1 147 000 þús. kr. og er það 406 747 þús. kr. hækkun frá fjárlögum 1980 eða 54,9%. Laun hækka um 308 172 þús. kr. sem er rúmlega 41 000 þús. kr. umfram almennar launahækkanir. Þessi hækkun er aðallega vegna aukinnar kennslu, en nemendafjölgun í þessum skólum er um 8%. Önnur rekstrargjöld hækka samtals um 108 605 þús. kr. sem er 83,8%. Meiri hækkun verður á nokkrum liðum en nemur almennum verðlagshækkunum og má nefna t. d. orkukostnað og lögboðnar tryggingar.
- 610 **Héraðsskólar, almennt.** Fjárveiting nemur samtals 300 000 þús. kr. sem er 46 000 þús. kr. hækkun frá s. l. ári. Framlag til viðhalds er samtals 120 000 þús. kr. og hækkar um 48 000 þús. kr. frá fjárlögum 1980. Gjaldfærður stofnkostnaður er nær óbreyttur að krónutölu, lækkar um 2 000 þús. kr. og verður samtals 180 000 þús. kr. Sem fyrr mun fjárveitinganefnd Alþingis gera tillögu um skiptingu þessa fjár.
- 621 **Skálholtsskóli.** Fjárveiting nemur samtals 88 629 þús. kr. sem er 47 670 þús. kr. hækkun eða 116,3%. Laun hækka um 12 129 þús. kr. og önnur rekstrargjöld um 2 319 þús. kr. en þetta er hvort tveggja í samræmi við almennar launa- og verðlagshækkanir. Viðhald hækkar um 400 þús. kr. og gjaldfærður stofn-

kostnaður um 33 000 þús. kr. Samtals er því gjaldfærður stofnkostnaður 40 000 þús. kr. sem verja skal að mestum hluta til heimavistar. Áætlaðar sértekjur eru 350 þús. kr. og hækka um 178 þús. kr.

- 700—780 **Grunnskólar, rekstur.** Heildarkostnaður við rekstur grunnskóla samkvæmt þessum liðum hækkar um 8 243 513 þús. kr. frá fjárlögum 1980 eða 52,1%. Launaliðurinn hækkar um 7 396 028 þús. kr. eða 50,2% frá fjárlögum 1980. Þær breytingar eru gerðar á þessum liðum að laun til kennara sem orlof fá, eru flutt af liðnum grunnskólar, almennt (02-791) á viðkomandi skóla. Aftur á móti er launakostnaður framhaldsdeilda grunnskóla fluttur af viðkomandi fræðslu-umdæmi á liðinn grunnskólar, almennt. Sé tekið tillit til þessa flutnings milli liða verður hækkin hlutfallslega nokkru lægri eða 48,1%. Þessi hækkin er u. þ. b. 5,1% umfram almennar launahækkanir sem svarar til tæpra 800 000 þús. kr. Samkvæmt fyrirbyggjandi upplýsingum er ekki um teljandi nemendafjölgun að ræða og ekki heldur hækkin kennslulauna umfram almennar launahækkanir. Mismunurinn liggur því annað hvort í of lægri áætlun fyrir árið 1980 eða í stjórnun þessa skólastigs. Í því tilfalli er skýringa væntanlega helst að leita í óhagkvæmri skiptingu nemenda í bekkjardeildir eftir aldurshópum, í skólahverfi o. s. frv. Þegar þess er gætt að launatillögur fræðslustjóra og menntamálaráðuneytis voru í fjárlaga- og hagsýslustofnun lækkaðar um u. þ. b. 670 m.kr. hlýtur athyglin að beinast sérstaklega að síðara atriðinu og skipulagi grunnskólastigsins yfirleitt. Önnur rekstrargjöld hækka um 826 797 þús. kr. og er það verulega umfram almennar verðlagshækkanir. Það sem veldur þessari hækkin er í fyrsta lagi mikil hækkin á aksturstöxtum, en akstur skólabarna er langstærsti liðurinn í öðrum rekstrargjöldum grunnskóla (allt að 80%) og í öðru lagi veldur að nokkru vanáætlun undanfarin ár, sem byggist m. a. á örrari verðhækkunum, t. d. á öku gjaldi, en gert var ráð fyrir á sínum tíma. Núverandi skipulag þessara mála virðist því þarfnast rækilegrar endurskoðunar og athugunar. Yfirfærslur til sveitarfélaga — framlög til fræðsluskrifstofa — hækka um 20 688 þús. kr. Er framlag ríkissjóðs reiknað í samræmi við ákvæði 85. gr. laga nr. 63/1974 um grunnskóla, þ. e. að dagvinnutímakaup í meðallaunaflokki kennara (14. launafll., 3. þrep) verði greitt á hvern nemanda í grunnskólum umdæmisins, þannig að 1,4 stundir koma á hverja fyrstu 2 200 nemendur og 0,4 stundir á hvern nemanda þar umfram. Reiknað var með launum samkvæmt launatöflu í mars 1980. Við þetta framlag er síðan bætt 2 800 þús. kr. fyrir húsaleigu og ferðakostnaði í hverju umdæmi.
- 791 **Grunnskólar, almennt.** Fjárveiting á þessum lið nemur samtals 978 595 þús. kr. og er það 100 376 þús. kr. hækkin frá fjárlögum 1980. Tekið er upp nýtt viðfangsefni (laun) framhaldsdeildir í grunnskólum, 675 450 þús. kr. Þessi fjárveiting var áður á einstökum grunnskólum. Laun stjórnskipaðra prófdómara hækka um 25 734 þús. kr., til umferðarfræðslu í skólum hækkar um 7 745 þús. kr., til sundkennslu í skólum hækkar um 80 790 þús. kr. og til unglingafræðslu hækkar um 430 þús. kr. Niður falla tvö viðfangsefni, sem getið er um í athugasemdum við liðina 700—780, grunnskólar. Það eru laun kennara, sem orlof fá, 55 460 þús. kr., en þessi laun flytjast á viðkomandi skóla og laun og önnur rekstrargjöld í grunnskólum sem voru 634 313 þús. kr. í fjárlögum 1980.
- 792 **Framlög til byggingar grunnskóla og íbúða fyrir skólastjóra.** Fjárveiting hækkar um 750 000 þús. kr. og verður 3 528 000 þús. kr. Svo sem venja er mun fjárveitinganefnd Alþingis fjalla um skiptingu þessa fjár.
- 797 **Stofnanir afbrigðilegra barna.** Liðurinn hækkar um 679 763 þús. kr. Laun hækka um 422 972 þús. kr. og veldur þar mestu að við samningu frumvarpsins voru tekin inn 19,9 stöðugildi kennara, en föst laun ásamt launatengdum gjöldum nema 148 928 þús. kr. Ein ný staða uppeldisfulltrúa var heimiluð af Ráðn-

inganevnd ríkisins á árinu 1980 og kostnaður við hana er 6 196 þús. kr. Þá var við afgreiðslu fjárlaga 1980 tekin inn hálf staða sálfræðings hluta úr árinu og kostnaðaraukning hennar vegna um 3 031 þús. kr. Samtals er hér um að ræða 158 155 þús. kr. og er hækkun umfram þessa fjárhæð, 264 817 þús. kr. eða 46,9%, nokkru meiri en almennar launahækkanir og stafar af breyttum kennslu-háttum. Önnur rekstrargjöld hækka um 79 762 þús. kr. eða rúmlega 59% og viðhald um 11 544 þús. kr. Yfirfærslur til einstaklinga og samtaka, sem eru greiðslur vegna sumardvalar afbrigðilegra barna, hækka um 10 506 þús. kr. og er þá tekið mið af reikningi fyrri ára. Yfirfærslur til sveitarfélaga 150 000 þús. kr. er nýr liður samkvæmt lögum nr. 47/1979 um aðstoð við þroskahefta og er um að ræða greiðslur til dagvistarstofnana sveitarfélaga vegna barna sem þarfnast sérstakrar þjálfunar. Sértekjur lækka um 4 979 þús. kr. og er þar stuðst við reynslu fyrri ára. Meginuppistaða sértekna Öskjuhlíðarskóla er framlag frá Tryggingastofnun ríkisins vegna örorku nemenda og var ofátlað við gerð stöstu fjárlaga. Fjárveiting samkvæmt þessum lið skiptist þannig í þús. kr. og eru stöðugildi einnig tilgreind:

| | Fjárveiting | | Þar af aðrar stöður en kennara |
|--------------------------------------|----------------|------------|--------------------------------------|
| | skv. frumvarpi | Stöðugildi | |
| Öskjuhlíðarskóli: | 1981 | alls | |
| Skólinn | 563 864 | 42,05 | 10,5 |
| Fjölskylduheimili | 36 784 | 3,0 | 3,0 |
| Greiningarstöð | 134 293 | 12,25 | 11,25 |
| Lyngás | 90 963 | 9,5 | — |
| Bjarkarás | 42 147 | 4,0 | — |
| Geðdeild barnaspítala Hringins | 78 070 | 7,0 | — |
| Kópavogshæli | 96 548 | 10,0 | — |
| Sólborg | 101 455 | 10,0 | — |
| Skálatún | 43 059 | 5,18 | — |
| Tjaldanes | 17 205 | 1,67 | — |
| Sólheimar | 16 171 | 2,0 | — |
| Dagvistargjöld | 150 000 | . | . |
| Samtals | 1 370 559 | 106,65 | 24,75 |

Greiningarstöðin í Kjarvalshúsi er eins og verið hefur rekin af Öskjuhlíðarskóla en í 10. gr. laga nr. 47/1979 um aðstoð við þroskahefta er gert ráð fyrir að ríkið reki greiningarstöð sem sjálfstæða stofnun á vegum félagsmálaráðuneytisins, en heimild er til að fela starfandi stofnun verkefni hennar uns hún tekur til starfa.

- 799 **Heyrnleysingjaskólinn.** Heildarfjárframlag er 334 996 þús. kr. og er það 131 293 þús. kr. hækkun eða 64,4%. Laun hækka um 116 251 þús. kr. og er það nokkuð umfram almennar launahækkanir vegna fjölgunar nemenda á grunnskólastigi, fjölgunar nemenda með geðræna erfiðleika og vegna hjálparkennslu við nemendur sem stunda nám í framhaldsskólum en sú kennsla hefur ekki verið færð á þennan launalið fyrr. Alls fjölgar heimiludum stöðugildum um 3,67 stöður. Önnur rekstrargjöld hækka um 11 167 þús. kr. og viðhald um 2 000 þús. kr. Gjaldfærður stofnkostnaður er samtals 10 000 þús. kr. til kaupa á tækjum og hækkar sá liður um 3 000 þús. kr. Áætlaðar sértekjur hækka um 1 125 þús. kr.
- 803 **Dagvistarheimili, stofnkostnaður.** Fjárveiting til bygginga dagvistarheimila verður 800 000 þús. kr. og er það hækkun um 249 960 þús. kr. frá fjárlögum 1980 eða 45,4%. Svo sem verið hefur mun fjárveitinganevnd Alþingis gera tillögu um skiptingu fjárlagsins.

- 872 **Lánasjóður íslenskra námsmanna.** Framlag hækkar um 2 697 443 þús. kr. og verður 8 092 330 þús. kr. Auk þess verður sjóðnum aflað lántökuheimildar 3 300 000 þús. kr. sem er 2 100 000 þús. kr. hækkun frá því sem var í fjárlögum 1980. Geta sjóðsins til lánveitinga verður alls 10 160 700 þús. kr. og styrkveiting alls 474 000 þús. kr. Yfirlit yfir sjóðinn er í B-hluta frumvarpsins. Útlán sjóðsins miðast við að mætt verði 90% umframfjárfarfar námsmanna eins og hún er metin af sjóðsstjórn og fjölgun lánveitinga er áætluð 10%.
- 881 **Náms- og fræðimenn, framlög.** Fjárveiting verður 275 693 þús. kr. og er það hækkun um 71 943 þús. kr. frá fjárlögum ársins 1980 eða sem svarar 35,3%. Hækkunin skiptist þannig á einstök viðfangsefni: Styrkur til erlendra námsmanna í íslenskum skólum verður 20 000 þús. kr. og er það hækkun um 9 500 þús. kr. Viðfangsefnið, styrkir til útgáfustarfa hækkar um 7 070 þús. kr. og verður 22 000 þús. kr. Framlag til Félagsstofnunar stúdenta verður 59 873 þús. kr. og er það hækkun um 14 873 þús. kr. frá fjárlögum ársins 1980. Við ákvörðun á framangreindu framlagi var haft til hliðsjónar álit nefndar sem menntamálaráðherra skipaði hinn 30. janúar 1979. Verkefni nefndarinnar var að gera tillögur um hvernig tryggja mætti rekstrargrundvöll Félagsstofnunar stúdenta á framtíðinni. Í áður nefndu nefndarálit var lagt til að ríkissjóður legði Félagsstofnun stúdenta til andvirði fyrirfram ákveðinna kostnaðarþátta við rekstur stofnunarinnar. Samkvæmt því verður framlagið 59 873 þús. kr. á verðlagi ársins 1981. Stúdentagarðar, viðhald verður 150 000 þús. kr. og er það hækkun um 50 000 þús. kr. Fjárveiting til Hjónagarða lækkar um 12 500 þús. kr. og er framlagið ætlað til greiðslu bráðabirgðaláns. Þá er tekið inn eitt nýtt viðfangsefni, námskynning fyrir framhaldsskólanema, að fjárhæð 3 000 þús. kr.
- 901 **Landsbókasafn Íslands.** Fjárveiting hækkar alls um 82 412 þús. kr. og verður 249 388 þús. kr. Laun hækka um 59 527 þús. kr., þar af 2 610 þús. kr. vegna aukningar um 0,33 stöðugildi bókavarðar sem skýrir hækkunir umfram almennar launahækkunir. Önnur rekstrargjöld hækka um 13 885 þús. kr. sem er um það bil 5 000 þús. kr. umfram almennar verðlagshækkunir en um vanáætlun var að ræða í fjárlögum 1980. Aðrir liðir breytast í samræmi við forsendur frumvarpsins.
- 902 **Þjóðminjasafn Íslands.** Framlag til Þjóðminjasafns hækkar um 60 522 þús. kr. og verður 270 892 þús. kr. Laun hækka um 46 954 þús. kr. Ætlaðar eru 5 000 þús. kr. til styrktar útgáfu ársskýrslu Fornleifafélagsins sem jafnframt geti verið ársskýrsla safnsins. Önnur rekstrargjöld hækka um 16 068 þús. kr. sem er um 6 000 þús. kr. umfram almennar verðlagshækkunir og er þar um að ræða leiðréttingu vegna vanáætlunar sem var í fjárlögum 1980. Viðhald er áætlað 32 000 þús. kr. sem er 9 000 þús. kr. hækkun frá fjárlögum 1980. Gjaldfærður stofnkostnaður er 10 000 þús. kr. lægri en var í fjárlögum 1980 og verður 13 000 þús. kr. Þar af eru 6 000 þús. kr. lokaframlag til uppsetningar lyftu, 2 000 þús. kr. vegna eldvarnahurða og 5 000 þús. kr. til tæknisafns. Framlög til sveitarfélaga 38 000 þús. kr. er óbreytt en fjárveitinganefnd Alþingis mun skipta framlagi þessu. Þá hækka sértekjur um 1 500 þús. kr. og verða 4 000 þús. kr. Framlag til Örnefnastofnunar hækkar alls um 10 923 þús. kr. og verður 35 969 þús. kr. Önnur rekstrargjöld hækka um 4 625 þús. kr. og verða 8 165 þús. kr. Þessi verulega hækkun skýrist af aukinni útgáfu en sértekjur hækka einnig verulega vegna þessa eða um 2 650 þús. kr. og verða 3 500 þús. kr. Aðrir liðir hækka alls um 8 948 þús. kr. og er það í samræmi við forsendur um launa- og verðlagshækkunir.
- 903 **Þjóðskjalasafn Íslands.** Framlag hækkar alls um 40 477 þús. kr. og verður 118 014 þús. kr. Þar af hækka önnur rekstrargjöld um 7 000 þús. kr. og verða

15 000 þús. kr. Er það veruleg hækkun en skýrist af auknum leigugjöldum safnsins þar sem því hefur verið heimilað aukið geymsluhúsnæði. Stofnkostnaður hækkar um 2 200 þús. kr. og verður 3 000 þús. kr. sem er til standsetningar á fyrrnefndu geymsluhúsnæði. Aðrir liðir hækka um 31 277 þús. kr. í samræmi við almennar launa- og verðlagsforsendur.

- 906 **Listasafn Einars Jónssonar.** Fjárveiting hækkar alls um 9 670 þús. kr. og verður 21 393 þús. kr. Laun hækka um 5 760 þús. kr., sem er í ramræmi við almennar launahækkanir. Önnur rekstrargjöld hækka um 2 285 þús. kr. og vegur þar orkulíðurinn þyngst en nokkur vanáætlun var á þessum lið í fjárlögum 1980. Viðhald og gjaldfærður stofnkostnaður hækka alls um 1 850 þús. kr. og sértekjur hækka um 225 þús. kr.
- 931 **Náttúruverndarráð.** Fjárveiting hækkar um 61 856 þús. kr. og verður 179 378 þús. kr. Laun og önnur rekstrargjöld hækka um 43 856 þús. kr. eða um sem nemur almennum launa- og verðlagshækkunum. Nýr liður, viðhald, að upphæð 1 000 þús. kr. er ætlaður fyrir þjóðgarðshúsin að Skaftafelli. Gjaldfærður stofnkostnaður hækkar um 22 000 þús. kr. og verður 47 000 þús. kr. sem skiptist á einstök verkefni sem hér segir: 3 500 þús. kr. vegna stækkunar á skrifstofu í Reykjavík, 5 000 þús. kr. í göngustíga og tjaldstæði í Skaftafelli, 18 000 þús. kr. til að reisa þjónustumiðstöð við Jökulsárgljúfur, 10 000 þús. kr. til landa- og réttindakaupa vegna friðlýsingar, þá eru 10 500 þús. kr. til merkingar og eftirlits með friðlýstum svæðum og til ýmiss stofnkostnaðar. Sértekjur hækka um 5 000 þús. kr. og verða 10 000 þús. kr. sem er vegna sölu á bæklingum og fyrir gjald af tjaldstæðum. Að auki rennur fjórðungur af árlegu ráðstöfunarfé Þjóðhátiðarsjóðs til Friðlýsingarsjóðs.
- 972 **Ríkisútvarpið, sjónvarp.** Fjárveiting úr ríkissjóði nemur samtals 112 240 þús. kr. sem er vegna greiðslu á afborgunum og vöxtum af lánum sem tekin voru árin 1979 og 1980. Sú nýbreytni var tekin upp við fjárlagaafgreiðslu fyrir árið 1980 að gjöld og tekjur hljóðvarps og sjónvarps voru sett fram á áætluðu meðalverðlagi 1980. Í þessu frumvarpi eru laun og tekjur hins vegar á verðlagi í marsmánuði síðastliðnum. Svo sem verið hefur mun fjárveitinganefnd Alþingis taka málefni stofnunarinnar sérstaklega fyrir við afgreiðslu fjárlaga.
- 973 **Þjóðleikhúsið, framlög.** Framlög til Þjóðleikhússins hækka um 427 439 þús. kr. og verða 1 283 478 þús. kr. Einstakir útgjaldaliðir hækka sem nemur almennum verðlagsbreytingum nema laun sem hækka nokkru meira. Launaliður stofnunarinnar hefur verið færður upp til áætlaðs verðlags um næstkomandi áramót og nemur hækkun launa frá fjárlögum 413 744 þús. kr. eða 43,9%. Laun hækka um 8 730 þús. kr. vegna nýrrar stöðu skipulagsstjóra sýninga og 9 000 þús. kr. umfram almennar launahækkanir vegna hækkunar tíu lausráðinna listdansara hjá Íslenska dansflokknum úr 7. í 13. launaflokk og verður því launaliður vegna hans 76 534 þús. kr. Að auki er áætlað á öðrum dagvinnulaunum fyrir launum rithöfundar sem starfar fyrir leikhúsið, alls 8 730 þús. kr.
- 974 **Sinfóníuhljómsveit Íslands.** Fjárveiting hækkar um 134 357 þús. kr. og verður 365 379 þús. kr. Veruleg hækkun verður á launalið umfram almennar launahækkanir og felst skýring í sanningsbundnum greiðslum til hljóðfæraleikara. Hljóðfæraleikurum var fjölgað tímabundið um 10 á s. l. ári og miðast fjárveiting 1981 við sama fjölda og þá.
- 977 **Byggingarsjóður þjóðarbókhlöðu.** Framlag til byggingar þjóðarbókhlöðu hækkar um 430 000 þús. kr. og verður 730 000 þús. kr. Þar af verður 400 000 þús. kr. aflað með lántöku.

- 981 **Kvikmyndasafn Íslands.** Fjárveiting til þessa liðar var áður sem viðfangsefni 0501 á lið 02-982 Listir, framlög og nam 7 000 þús. kr. í fjárlögum 1980. Nú er heildarfjárveiting 31 041 þús. kr. sem skiptist sem hér segir á tegundir útgjalda: Laun 4 039 þús. kr. til lausráðsins starfsmanns í hlutastarfi. Önnur rekstrar-gjöld 10 752 þús. kr. eru áætluð til kostnaðar við öflun, skrásetningu, endur-kóperingu og önnur verkefni hjá safninu. Loks eru 16 250 þús. kr. í gjald-færðan stofnkostnað, þ. e. tæknibúnaður fyrir kvikmyndageymslu.
- 982 **Listir, framlög.** Hækkun á þessum lið nemur samtals 379 197 þús. kr. og skýrist þannig: Framlag til Leikfélags Reykjavíkur hækkar um 18 000 þús. kr. og verður samtals 50 000 þús. kr. Framlag til Leikfélags Akureyrar hækkar um 19 800 þús. kr. og verður samtals 45 000 þús. kr. Liðurinn leiklistarstarfsemi hækkar um 36 000 þús. kr. og verður 70 000 þús. kr. Launasjóður rithöfunda hækkar um 49 149 þús. kr. og verður 163 622 þús. kr. Þá hækkar Rithöfunda-sjóður Íslands um 23 825 þús. kr. og verður 80 000 þús. kr. Styrkir til mynd-listarskóla hækka um 28 500 þús. kr. og verða 40 000 þús. kr. Framlag til Kvik-myndasjóðs verður 100 000 þús. kr. og er það 55 000 þús. kr. hækkun. Lista-mannalaun verða 76 500 þús. kr. og hækka um 25 500 þús. kr. Þá hækka starfs-laun listamanna um 60 675 þús. kr. og verða 76 500 þús. kr. Ýmsir aðrir liðir hækka um 30 248 þús. kr. Liðurinn Kvikmyndasafn Íslands sem var 7 000 þús. kr. fellur niður en færast nú undir fjárlaganúmer 02-981. Loks eru eftirtaldir nýir liðir: Leiklistarráð 3 000 þús. kr., óperustarfsemi 15 000 þús. kr., íslensk grafík 1 000 þús. kr., listahátíð í Reykjavík 12 000 þús. kr., norræn sumar-vinnustofa 6 000 þús. kr. og brúðuleikhús 2 500 þús. kr. en það var undir fjár-laganúmeri 02-999 í síðustu fjárlögum með 1 200 þús. kr. framlag.
- 983 **Ýmis vísindaleg starfsemi.** Liður þessi hækkar um 2 800 þús. kr. og nemur nú samtals 11 100 þús. kr. Hækkunin skýrist þannig: Framlag til jöklarannsóknar og mælinga hækkar um 300 þús. kr. og til íslenskrar málnefndar um 1 500 þús. kr. Þá hækkar framlag til tímaritsins Jökuls um 1 000 þús. kr. Aðrir liðir eru óbreyttir.
- 984 **Norræn samvinna.** Fjárveiting verður 72 760 þús. kr. og er það 22 123 þús. kr. hækkun frá fjárlögum ársins 1980. Hækkun þessi á rót sína að rekja til eftir-farandi þátta: Liðurinn norrænt samstarf hækkar um 1 700 þús. kr. og verður 6 000 þús. kr. Framlag til Norræna félagsins hækkar um 500 þús. kr. og verður 2 500 þús. kr. Þá hækkar framlag Íslands til norrænu menningarfjárlaganna um 19 323 þús. kr. og er eingöngu vegna gengisbreytingar íslensku krónunnar. Liðurinn styrkur handa rithöfundi til dvalar á Norðurlöndum hækkar um 300 þús. kr. og verður 400 þús. kr., eins hækkar styrkur til færeysks fræðimanns til dvalar á Íslandi um 300 þús. kr. og verður 400 þús. kr.
- 985 **Félagsheimilásjóður.** Framlag til Félagshimilásjóðs verður 296 100 þús. kr. og er það hækkun um 45 000 þús. kr. frá fjárlögum ársins 1980.
- 986 **Íþróttasjóður.** Fjárveiting á þessum lið hækkar um 167 360 þús. kr. og verður fjárveitingin 700 000 þús. kr. Rekstrarstyrkir hækka um 15 000 þús. kr. og verða 50 000 þús. kr. Framlag til byggingar íþróttamannvirkja hækkar um 152 360 þús. kr. og verður 650 000 þús. kr. Fjárveitinganefnd Alþingis mun gera tillögu um skiptingu fjárveitingarinnar svo sem verið hefur.
- 987 **Viðeyjarstofa og Nesstofa, endurbætur.** Framlög hækka um 17 000 þús. kr. og verða 25 000 þús. kr. Þar af eru 20 000 þús. kr. áætlaðar til Viðeyjarstofu og 5 000 þús. kr. til Nesstofu.

- 988 **Æskulýðsmál.** Samtals nema framlög 96 610 þús. kr., sem er 27 540 þús. kr. hækkun frá fjárlögum 1980. Hækkunin skýrist þannig: Framlag til Æskulýðsráðs ríkisins hækkar um 4 200 þús. kr. Framlag til Æskulýðssambands Íslands hækkar um 1 000 þús. kr. Framlag til Ungmennafélags Íslands hækkar um 15 100 þús. kr. Framlag til Bandalags ísl. skáta hækkar um 3 400 þús. kr. og framlag til Bandalags ísl. skáta vegna Úlfjótsvatns hækkar um 840 þús. kr. Framlag til Bandalags ísl. farfugla hækkar um 100 þús. kr. og hækkun til íslenskra ungtemplara nemur 1 200 þús. kr. Þá hækkar framlag til KFUM og KFUK um 800 þús. kr. Hækkun vegna starfsemi KFUM í Vatnaskógi nemur 500 þús. kr. og loks er hækkun vegna starfsemi KFUK í Vindáshlíð sem nemur 400 þús. kr.
- 989 **Ýmis íþróttamál.** Framlag verður samtals 217 100 þús. kr. og er það hækkun um 59 480 þús. kr. frá fjárlögum ársins 1980. Helstu liðir sem hækka eru þessir: Framlag til Íþróttasambands Íslands hækkar um 56 380 þús. kr. og verður 197 000 þús. kr. Ferðakennsla í íþróttum hækkar um 1 000 þús. kr. og verður 1 500 þús. kr. Framlag til Skíðaskólans í Kerlingarfjöllum hækkar um 600 þús. kr. og verður 2 000 þús. kr. Þá hækkar fjárveiting til íþróttamála fatlaðra um 3 000 þús. kr. og verður 10 500 þús. kr. Framlag til ólympíunefndar lækkar aftur á móti um 1 500 þús. kr. og verður 4 000 þús. kr. Aðrir liðir eru óbreyttir.
- 999 **Ýmislegt.** Fjárveiting verður samtals 148 110 þús. kr. og er það hækkun á fjárveitingu um 5 068 þús. kr. frá fjárlögum ársins 1980. Skiptist hækkunin þannig á einstök verkefni: Viðfangsefnið ýmis framlög hækkar um 8 000 þús. kr. og verður 24 000 þús. kr. Forseti FIDE hækkar um 18 480 þús. kr. og verður 37 680 þús. kr. Framlag til stórmeistara hækkar um 14 788 þús. kr. og verður 24 170 þús. kr. Samtals nemur hækkun á framangreindum verkefnum 41 268 þús. kr. Framlög sem falla brott eru þessi: Framlag til brúðuleikhúss sem var 1 200 þús. kr. í fjárlögum 1980 færast á fjárlagalið 02-982. Þá fellur niður fjárveiting til Safnastofnunar Austurlands vegna Skriðuklausturs en fjárveiting í fjárlögum 1980 var 35 000 þús. kr. og var það ætlað til að hefja byggingu safnahúss.

03 Utanríkisráðuneyti

Útgjöld málefnaflokka utanríkisráðuneytisins breytast milli ára sem hér segir í m.kr.:

| | Fjárlög | Frumvarp | Hækkun | |
|------------------------------------|---------|----------|---------|-------|
| | 1980 | 1981 | M.kr. | % |
| Yfirstjórn | 554,4 | 814,0 | 259,6 | 46,8 |
| Löggæsla á Keflavíkflugvelli | 704,1 | 1 047,6 | 343,5 | 48,8 |
| Sendiráðin | 1 280,8 | 2 075,5 | 794,7 | 62,1 |
| Alþjóðastofnanir | 1 052,9 | 1 610,0 | 557,1 | 52,9 |
| | <hr/> | <hr/> | <hr/> | <hr/> |
| Samtals | 3 592,2 | 5 547,1 | 1 954,9 | 54,4 |

Engir markaðir tekjustofnar renna til þessa ráðuneytis.

Hér á eftir verður gerð grein fyrir helstu fjárlagaliðum til skýringar á hækkun framlaga til einstakra málefnaflokka utanríkisráðuneytisins.

- 101 **Aðalskrifstofa.** Fjárveiting til aðalskrifstofu utanríkisráðuneytisins verður 723 996 þús. kr. og er það 225 840 þús. kr. hækkun frá fjárlögum ársins 1980. Hækkunin skiptist þannig á einstök viðfangsefni: Framlag vegna yfirstjórnar ráðuneytisins hækkar um 178 140 þús. kr. og verður 562 796 þús. kr. Hækkunin er eingöngu vegna almennrar verðlagsþróunar. Liðurinn kostnaður vegna samn-

inga við erlend ríki hækkar um 1 400 þús. kr. og verður 4 400 þús. kr. Kostnaður vegna þátttöku í alþjóðaráðstefnum hækkar um 23 400 þús. kr. og verður 76 000 þús. kr. Framlag til kjöræðismanna verður 6 000 þús. kr. og er það hækkan um 1 700 þús. kr. Til upplýsinga- og kynningarstarfsemi hækkar framlag um 8 800 þús. kr. og verður 31 000 þús. kr. Framlag til kaupa á kvikmyndum fyrir sendiráðin hækkar um 1 300 þús. kr. og verður 4 300 þús. kr. Liðurinn vegna markaðsmála verður 31 000 þús. kr. og er það kostnaðarhækkan um 9 300 þús. kr. Framlag vegna kynningar á menningu Norðurlanda hækkar um 1 800 þús. kr. og verður 8 500 þús. kr.

102 Varnarmáladeild. Hækkun framlags til varnarmáladeildar nemur samtals 33 775 þús. kr. og verður fjárveiting því 90 020 þús. kr. Hækkunin skiptist þannig á einstakar gjaldategundir: Laun hækka um 17 129 þús. kr. eða 42,9% sem er samkvæmt almennum launahækkunum. Rekstrargjöld hækka um 14 246 þús. kr. og verða 30 000 þús. kr. Er það um 7 200 þús. kr. umfram almennar verðlagshækkunarir og hefur þá verið höfð hliðsjón af niðurstöðu ríkisreiknings árið 1979. Viðhald verður 1 000 þús. kr. og hefur ekki verið áætlað fyrir því áður. Gjaldfærður stofnkostnaður hækkar um 1 400 þús. kr. og verður 2 000 þús. kr.

201 Lögreglustjórinn á Keflavíkurflugvelli. Framlag hækkar alls um 343 471 þús. kr. eða 48,7%. Laun hækka um 334 158 þús. kr., þar af 25 794 þús. kr. vegna fjögurra nýrra löggæslumanna sem heimilaðir voru af ráðninganefnd en að öðru leyti hækka laun vegna almennra launahækkana um 308 364 þús. kr. Varnarliðið greiðir laun sem svarar til 3,5 stöðugilda nýrra löggæslumanna en ríkissjóður sem svarar til 0,5 stöðugildis. Þetta skýrir jafnframt hækkan sértekna stofnunarinnar. Sértekjur hækka um 35 000 þús. kr. og nema alls 85 000 þús. kr. hjá stofnuninni. Aðrir rekstrarliðir hækka um 40 688 þús. kr. sem er vegna almennra verðlagsbreytinga. Að lokum hækkar gjaldfærður stofnkostnaður um 3 625 þús. kr. og nemur alls 9 525 þús. kr.

301—313 Sendiráðin. Fjárveiting vegna starfrækslu sendiráða Íslands erlendis verður 2 075 566 þús. kr. og er það hækkan um 794 754 þús. kr. frá fjárlögum ársins 1980. Hækkunin skiptist þannig á einstakar gjaldategundir: Launaliður sendiráðanna hækkar samtals um 546 301 þús. kr. og verður 1 325 996 þús. kr. sem er vegna gengisbreytingar íslensku krónunar svo og vísitöluhækkunar í hinum einstöku löndum þar sem sendiráð eru starfrækt. Beiðnum um stöður er vísað til fjárveitinganefndar Alþingis. Rekstrargjöld sendiráðanna hækka um 216 366 þús. kr. og verða 659 331 þús. kr. og er það hækkan um 48,8%. Viðhaldsliður hækkar um 20 336 þús. kr. og verður 58 536 þús. kr. Gjaldfærður stofnkostnaður hækkar um 11 751 þús. kr. og verður 31 703 þús. kr.

399 Ýmis utanríkismál. Hækkun á þessum fjárlagalið nemur samtals 87 200 þús. kr. sem er 18,4% hækkan frá fjárlögum ársins 1980 og verður fjárveitingin samtals 560 900 þús. kr. Fjárveitingin skiptist þannig á einstök viðfangsefni: Aðstoð við þróunarlöndin hækkar um 60 700 þús. kr. og verður 475 700 kr. sem skiptist þannig:

| | |
|--------------------------------------------------|---------|
| Norræn þróunaráðstoðarverkefni | 140 200 |
| Fiskveiðiverkefni í Kenya | 25 000 |
| Aðstoð við Cabo Verde | 300 000 |
| Önnur verkefni | 2 500 |
| Skrifstofukostnaður og upplýsingastarfsemi | 8 000 |

Samtals 475 700 þús. kr.

Liðurinn samskipti við Vestur-Íslendinga hækkar um 6 000 þús. kr. og verður 13 000 þús. kr. Hækkun þessa framlags stafar af því að gert er ráð fyrir fjár-

veitingu að fjárhæð 6 000 þús. kr. til útgáfu á ritum um vesturfarir Íslendinga, en handrit af þeim ritum eru nú tilbúin. Þá hækkar framlag til Háskóla Sameinuðu þjóðanna um 20 500 þús. kr. og verður 66 100 þús. kr. Framlagið vegna Háskóla Sameinuðu þjóðanna er á áætluðu verðlagi um mitt ár 1981, þannig að ekki var gert ráð fyrir að verðbætur vegna verðlagsþróunar kæmu á þennan lið. Önnur framlög eru óbreytt í krónutölu frá fjárlögum 1980.

- 401 **Alþjóðastofnanir.** Hækkun framlaga til alþjóðastofnana nemur samtals 469 911 þús. kr. og verður fjárveitingin 1 049 086 þús. kr. Hækkun sem stafar af gengisbreytingu íslensku krónunnar gagnvart bandaríkjadollar nemur 250 500 þús. kr. og hækkan framlags til Alþjóðaframfarastofnunarinnar (IDA) nemur 162 000 þús. kr. Hækkun þessi er tilkomin vegna þess að samþykkt hefur verið tillaga um 6. viðbótarframlag til alþjóðaframfarastofnunarinnar en upphaflega var gert ráð fyrir að framlögin yrðu fimm talsins. Gert er ráð fyrir að heildarupphæð 6. viðbótarframlagsins verði 12 milljarðar dollara og hlutur Íslands í því 1 373 760 þús. kr. eða jafnvirði 3,6 millj. dollara á skráðu gengi íslensku krónunnar gagnvart bandaríkjadollar hjá IMF 5. október 1979. Framlagið er í krónum, þannig að það hækkar ekki í krónutölu þótt gengi lækki. Aðrar hækkanir en þær sem að framan er getið nema 57 411 þús. kr. og eru tilkomnar vegna breyttrar skiptingar á kostnaðarhlutdeild Íslands í ýmsum alþjóðastofnunum sem Ísland á aðild að.

04 Landbúnaðarráðuneyti

Útgjöld helstu málefnaflokkanna landbúnaðarráðuneytisins breytast milli ára sem hér segir í m.kr.:

| | Fjárlög | | Hækkun | |
|------------------|----------|----------|---------|------|
| | 1980 | 1981 | M.kr. | % |
| Yfirstjórn | 245,7 | 433,6 | 187,9 | 76,5 |
| Búnaðarmál | 15 440,8 | 21 464,0 | 6 023,2 | 39,0 |
| Skólar | 614,7 | 844,1 | 229,4 | 37,3 |
| Samtals | 16 301,2 | 22 741,7 | 6 440,5 | 39,5 |

Engir markaðir tekjustofnar renna til þessa ráðuneytis.

- 101 **Aðalskrifstofa.** Hækkun á framlagi til aðalskrifstofu ráðuneytisins nemur samtals 59 933 þús. kr. og verður 193 314 þús. kr. Laun hækka um 37 054 þús. kr., þar af um 3 457 þús. kr. vegna launa skrifstofumanns í hálfri stöðu en laun fyrir stöðuhluta þessum höfðu fallið niður. Í fjárlögum 1980 var gert ráð fyrir 10 154 þús. kr. vegna skipulagsmála í landbúnaði samkvæmt ákvörðun ríkisstjórnarinnar. Þessi liður er nú áætlaður 15 110 þús. kr. Aðrar hækkanir launa eru í samræmi við almennar launahækkanir. Önnur rekstrargjöld hækka um 22 879 þús. kr. sem er um 5 200 þús. kr. umfram verðlagshækkanir og er vegna vanáætlunar í fjárlögum 1980.
- 171 **Jarðeignir ríkisins.** Framlag ríkissjóðs hækkar um 121 000 þús. kr. og verður 200 000 þús. kr. sem er 153,1% hækkan frá fjárlögum 1980. Fjárveiting þessi er a) til að greiða fráfaraða af ríkisjörðum fyrir endurbætur á landi og húskosti, b) til að greiða framlög ríkissjóðs til framkvæmda á ríkisjörðum og c) til að greiða skatta, tryggingar og viðhald jarða sem ekki eru í ábúð.
- 172 **Jarðasjóður.** Framlag hækkar um 7 000 þús. kr. og verður 40 300 þús. kr. Hlutverk sjóðsins er að aðstoða sveitarfélög og bændur við eigendaskipti á jörðum og stuðla að því með lánveitingum og framlögum að nýting lands verði sem hagkvæmust.

201 **Búnaðarfélag Íslands.** Framlag hækkar um 136 647 þús. kr. og verður 610 487 þús. kr. Viðfangsefnið forfalla- og afleysingaþjónusta í sveitum er nú fært sem sérstakur fjárlagaliður, 04-207. Annars er um almennar launa- og verðlagshækkunir að ræða.

206 **Rannsóknastofnun landbúnaðarins.** Fjárveiting hækkar um 243 497 þús. kr. og verður 938 509 þús. kr. Framlag til landgræðsluáætlunar sem nam 64 177 þús. kr. í fjárlögum 1980 og færðist á önnur rekstrargjöld fellur niður á þessum fjárlagalið en flyst á sjálfstæðan lið 04-271 landgræðslu- og landverndaráætlun. Aðrir liðir fyrir utan tilraunastöðvar hækka sem nemur almennum launa- og verðlagshækkunum en nokkur breyting hefur átt sér stað á heitum viðfangsefna og uppsetningu einstakra liða án þess að um breytingu á verkefnum sé að ræða.

Framlag til tilraunastöðva, sem fram kemur í B-hluta, hækkar alls um 20 152 þús. kr. og verður 201 778 þús. kr. og skiptist sem hér segir:

| | Fjárlög 1980 | Frumvarp 1981 | Hækkun | |
|----------------------|-----------------|------------------|----------|-------|
| | | | þús. kr. | % |
| Hestur | 41 834 | 42 360 | 526 | 1,3 |
| Reykholar | 20 323 | 21 281 | 958 | 4,7 |
| Möðruvellir | 51 503 | 80 140 | 28 637 | 55,6 |
| Skriðuklaustur | 42 400 | 35 233 | -7 167 | -16,9 |
| Sámsstaðir | 25 566 | 22 764 | -2 802 | -10,9 |
| Samtals | 181 626 | 201 778 | 20 152 | 11,1 |

Fjárveiting felur í sér verulegan samdrátt að raungildi frá fjárlögum 1980. Sem stendur liggur ekki ljóst fyrir hvernig hagræðingu og samdrætti verður best hagað, en þess er vænst að fyrir afgreiðslu fjárlaga liggja fyrir fastmótaðar tilögur um rekstur tilraunastöðvanna. Hluti af fjárveitingu til stöðvarinnar á Möðruvöllum er til byggingar tilraunafjöss 40 000 þús. kr. Nýtt viðfangsefni er tekið upp á Rannsóknastofnun landbúnaðarins, tilraunastöðvar óskipt, og er framlagið 90 000 þús. kr. og kemur til viðbótar við þær 201 778 þús. kr. sem skipt er á einstakar stöðvar hér að framan. Ákvörðun um ráðstöfun þessa fjármun Alþingi taka.

207 **Forfalla- og afleysingaþjónusta í sveitum.** Þetta verkefni var fært sem viðfangsefni hjá Búnaðarfélagi Íslands í fjárlögum 1980 en er nú fært sem sérstakur fjárlagaliður. Laun eru áætluð fyrir tuttugu starfsmönnum allt árið og að auki tíu starfsmönnum frá miðju ári 1981 að telja. Laun eru því áætluð 172 298 þús. kr. og önnur rekstrargjöld 2 250 þús. kr.

231 **Skógrækt ríkisins.** Framlag hækkar alls um 21 915 þús. kr. Laun hækka um 137 302 þús. kr. sem er um 38 000 þús. kr. umfram almenna launahækkun vegna þess að áætlað er fyrir starfsfólki yfir sumarmánuðina við skóggræðslu. Heimiluð hefur verið staða eins verkstjóra, en hann var áður lausráðinn við skóggræðslu. Önnur rekstrargjöld hækka um 29 500 þús. kr. og verða 88 500 þús. kr. Þar af er sérstök fjárveiting 1 500 þús. kr. sem er til að safna borsýnum úr trjám og mæla árhringi. Viðhald er áætlað 59 250 þús. kr. eða 19 750 þús. kr. hækkun. Gjaldfærður stofnkostnaður er áætlaður 54 000 þús. kr. Er það 18 000 þús. kr. hækkun ef landgræðsluáætlun, sem nam 145 137 þús. kr., er fráregin fjárlagatölu 1980, en vísað er til greinargerðar við fjárlagalið 04-271 landgræðslu- og landverndaráætlun. Framlag til einstaklinga og samtaka hækkar um 2 000 þús. kr. og verður 15 000 þús. kr. Þá eru sértekjur hækkaðar um 39 500 þús. kr.

- 235 Landgræðsla ríkisins.** Framlag lækkar um 531 762 þús. kr. og verður 333 400 þús. kr. Fyrir utan landgræðsluáætlun, sem nú er færð undir sérstakan lið 04-271 landgræðslu- og landverndaráætlun, sbr. greinargerð þar um, nemur hækkun liðarins 117 901 þús. kr. Laun hækka um 76 579 þús. kr. Almenn landgræðsla lækkar þar af um 42 445 þús. kr. sem er verulega umfram almennar launahækkanir. Önnur viðfangsefni hækka í launum um 34 134 þús. kr. eða um sem nemur almennum launahækkunum. Önnur rekstrargjöld hækka alls um 52 022 þús. kr. sem er um 3 400 þús. kr. umfram almennar verðlagshækkanir og skýrist af mikilli hækkun áburðar og orku. Viðhald lækkar um 4 300 þús. kr. og verður 44 900 þús. kr. Gjaldfærður stofnkostnaður lækkar um 635 663 þús. kr. en telst hækka um 14 000 þús. kr. að frátalinni landgræðsluáætlun 1980. Gjaldfærðum stofnkostnaði 47 000 þús. kr. skal varið til byggingar flugskýlis 25 000 þús. kr., til að reisa girðingar 10 000 þús. kr. og til tækjakaupa 12 000 þús. kr. Framlag til félagssamtakanna Landverndar, sem var 5 000 þús. kr. 1980, er flutt á lið 04-271 landgræðslu- og landverndaráætlun. Sértekjur hækka um 24 000 þús. kr. og verða 108 000 þús. kr.
- 241 Landnám ríkisins.** Framlag lækkar alls um 104 139 þús. kr. og verður 241 235 þús. kr. Laun og önnur rekstrargjöld hækka samtals um 26 272 þús. kr. eða sem nemur almennum launa- og verðlagshækkunum. Viðhald lækkar um 250 þús. kr. og verður 500 þús. kr. Framlög til einstaklinga og samtaka falla niður en um var að ræða greiðslur til Hólsfjallaáætlunar, Kleppjárnsreykja og Möðrudals, alls 20 000 þús. kr. Þessi framlög voru talin með framlögum til skipulagningar en almennt framlag í því skyni er óbreytt 5 000 þús. kr. Framlag til grænfóðurverksmiðja lækkar um 103 800 þús. kr. og verður 143 800 þús. kr. sem skiptist sem hér segir: Flatey, Austur-Skaftafellssýslu 43 800 þús. kr., Hólmurinn, Skagafirði 50 000 þús. kr., sem er nýr liður, svo og Saltvík, Suður-Þingeyjarsýslu 50 000 þús. kr. Einnig er gert ráð fyrir 100 000 þús. kr. lántöku hjá tveim síðast töldu verksmiðjunum svo að fjárfestingarliður verður 150 000 þús. kr. hjá hvorri um sig. Þá eru sértekjur Landnáms ríkisins áætlaðar 18 333 þús. kr. sem er 6 183 þús. kr. hækkun frá fjárlögum 1980.
- 242 Mat á landbúnaðarafurðum.** Hækkun á þessum lið nemur 12 603 þús. kr. og verður framlagið 37 897 þús. kr. Laun hækka um 8 950 þús. kr., þar af eru 3 350 þús. kr. vegna launa hálftrar stöðu kjötmatsformanns, sem er aukning frá fyrra ári. Önnur rekstrargjöld hækka um 3 653 þús. kr.
- 246 Veiðimálaskrifstofan.** Fjárveiting lækkar alls um 129 138 þús. kr. og verður 293 594 þús. kr. Laun hækka um 39 240 þús. kr., þar af eru 8 040 þús. kr. vegna launa fiskifræðings við nýtt útibú á Austurlandi frá miðju ári 1981. Önnur rekstrargjöld hækka um 22 362 þús. kr., þar af eru 6 000 þús. kr. vegna útíbús á Austurlandi. Viðhald og stofnkostnaður hækka samtals um 2 900 þús. kr. Framlag til Laxeldisstöðvar ríkisins í Kollafirði lækkar um 57 136 þús. kr. og verður 94 614 þús. kr. Þessi verulega hækkun skýrist af aukinni fjárfestingu. Áætlað er að 40 000 þús. kr. fari til borunar eftir heitu vatni, sem er 40% kostnaðar, en 60% verður fjármagnað með láni úr Orkusjóði, 15 000 þús. kr. eru til breytinga á íbúðarhúsi og 1 935 þús. kr. fari í eldiskvíar vegna fiskeldis í sjó. Framlag til Fiskræktarsjóðs lækkar um 7 500 þús. kr.
- 271 Landgræðslu- og landverndaráætlun.** Fjárlagaliður þessi bar áður heitið Landgræðslusjóður, framlag, og var einungis um að ræða hluta vindlingagjalds sem rann í sjóðinn og nam 46 560 þús. kr. í fjárlögum 1980. Til þessa liðar teljast nú ýmsir þættir sem veitt var fé til á nokkrum fjárlagaliðum í fjárlögum 1980. Samkvæmt fjárlögum 1980 var greiddur síðasti hluti landgræðsluáætlunar 1975—1979, alls 907 771 þús. kr., og skiptist sú fjárhæð samkvæmt yfirliti að neðan. Framlög til félagssamtakanna Landverndar, sem voru í fjárlögum 1980 5 000

þús. kr. á liðnum 04-235-08 og 1 700 þús. kr. á liðnum 04-299-0117, eru flutt á þennan lið, svo og framlög til fyrirhleðslna 78 000 þús. kr. og til landþurrkunar 8 800 þús. kr., sem voru á lið 04-286-0103 og -4 í fjárlögum 1980. Í eftirfarandi yfirliti eru sýndir þeir liðir sem fjárveitingu fengu 1980 en fjárveiting til þessara verkefna að fjárhæð 850 000 þús. kr. er nú færð á hinn nýja fjárlagalið.

| | Fjárlög 1980 þús. kr. | Frumvarp 1981 þús. kr. |
|--------------------------------------------|-----------------------------|------------------------------|
| Rannsóknastofnun landbúnaðarins | 64 177 | 50 000 |
| Skógrækt ríkisins | 145 137 | 114 000 |
| Landgræðsla ríkisins | 649 663 | 515 000 |
| Ýmis starfsemi | 48 794 | 40 000 |
| Samtals landgræðsluáætlun 1975—1979 | 907 771 | |
| Landgræðslusjóður | 46 560 | 30 000 |
| Landvernd | 6 700 | 15 000 |
| Fyrirhleðslur | 78 000 | 78 000 |
| Landþurrkun | 8 800 | 8 000 |
| Alls | 1 047 831 | 850 000 |

Ríkisstjórnin hefur ekki tekið afstöðu til draga að Landgræðsluáætlun fyrir árin 1981—1985 sem nýverið voru kynnt.

- 286 **Landbúnaður, framlög.** Framlög lækka um 83 050 þús. kr. Þættirnir fyrirhleðslur og landþurrkun falla nú undir Landgræðslu- og landverndaráætlun, en í fjárlögum 1980 námu þeir 86 800 þús. kr. Framlag til veðeildar Búnaðarbanka Íslands hækkar um 3 750 þús. kr. og verður 25 000 þús. kr. en með lögum nr. 34/1979 er kveðið á um að árlegt framlag ríkissjóðs skuli vera 25 000 þús. kr. Framlag þetta var skert um 15% í fjárlögum 1980. Aðrir liðir eru óbreyttir frá fjárlögum 1980.
- 287 **Stofnlánadeild landbúnaðarins.** Framlagið, sem er lögbundið, hækkar um 361 300 þús. kr. og verður 1 083 000 þús. kr. Hefur þá verið tekið mið af því að framlög til fjárfestingarlánasjóða hækki ekki yfir 50% frá s.l. ári og er það í samræmi við meginstefnu frumvarpsins.
- 288 **Jarðræktarframlög.** Heildarfjárveiting á þessum lið hækkar um 569 439 þús. kr. og verður 2 593 090 þús. kr. Þar af hækka laun um 61 429 þús. kr. vegna héraðsráðunauta sem er í samræmi við verðlagsbreytingar. Önnur rekstrargjöld hækka um 16 010 þús. kr. og verða 37 383 þús. kr. sem er hluti ríkissjóðs í ferðakostnaði héraðsráðunauta. Fjárveiting til jarðræktarframlaga hækkar um 492 000 þús. kr. og verður 2 352 000 þús. kr.
- 289 **Framræsla.** Framlög vegna framræslu hækka um 45 000 þús. kr. og verða 430 000 þús. kr., þar af eru 70 000 þús. kr. vegna flýttigreiddslu.
- 290 **Uppbætur á útfluttar landbúnaðarafurðir.** Áætlaðar útflutningsbætur vegna framleiðsluársins 1980/81 nema alls 12 000 000 þús. kr. og hækka um 3 600 000 þús. kr. eða 42,8% frá fjárlögum 1980. Er þá miðað við fullnýtingu verðabyrgðar ríkissjóðs á árinu sem er 10% af framleiðsluverðmæti landbúnaðarvara samkvæmt mati Hagstofu Íslands.

- 299 Landbúnaðarmál, ýmis starfsemi. Fjárveiting hækkar í heild um 105 406 þús. kr. og verður 215 925 þús. kr. Niður falla eftirtalin viðfangsefni: Landgræðslu-áætlun, gróðurvernd í Búðahrauni, laxastigi í Laxá, S.-Þing., Landvernd, félags-samtök og ár trésins. Vísað er til greinargerðar um fjárlagalið 04-271 varðandi landgræðsluáætlun og Landvernd. Nýtt viðfangsefni, lántökukostnaður vegna laga nr. 9/1980, er tekið upp og nemur framlagið 204 000 þús. kr. Því er ætlað að standa undir fjármagnsútgjöldum af láni sem Framleiðsluráð landbúnaðarins tók samkvæmt fyrirgreindum lögum, en hluti lánsins fellur á ríkissjóð. Aðrir liðir eru óbreyttir frá fjárlögum 1980.
- 501 Bændaskólinn á Hvanneyri. Hækkun á framlagi til skólans nemur alls 129 060 þús. kr. og verður 452 024 þús. kr. Laun hækka um 109 496 þús. kr., þar af eru 7 897 þús. kr. vegna fjölgunar um einn verknámskennara sem gert er ráð fyrir að hafi aðsetur á Hvanneyri. Aðrar launahækkunir eru vegna almennra launahækkana. Önnur rekstrargjöld hækka um 53 109 þús. kr. eða sem nemur verðlagshækkunum. Viðhald hækkar um 11 540 þús. kr. og verður 35 000 þús. kr. Gjaldfærður stofnkostnaður hækkar um 10 000 þús. kr. og verður 70 000 þús. kr. Skiptist sú fjárhæð sem hér segir: 10 000 þús. kr. í vélar og tæki, 10 000 þús. kr. í lóðir og lagnir, 25 000 þús. kr. í gamla skólastjórahúsið, 10 000 þús. kr. í verkfærahús, 15 000 þús. kr. í annað. Sértekjur hækka um 55 085 þús. kr. og verða 155 270 þús. kr.
- 502 Bændaskólinn á Hólum. Framlag hækkar um 36 788 þús. kr. og verður 159 391 þús. kr. Laun lækka um 18 623 þús. kr. og verða 63 891 þús. kr. Önnur rekstrargjöld lækka um 6 089 þús. kr. og verða 30 000 þús. kr. Miðað er við að skólahald hefjist að hausti 1981 og er áætlað fyrir launum og rekstrargjöldum frá þeim tíma. Viðhald hækkar um 8 500 þús. kr. og verður 25 500 þús. kr. sem skal varið til lagfæringa á skólahúsinu. Gjaldfærður stofnkostnaður hækkar um 56 000 þús. kr. og verður 75 000 þús. kr. Þar af eru 50 000 þús. kr. áætlaðar til að ljúka byggingu 1. áfanga hesthúss og 25 000 þús. kr. vegna framkvæmda við frárænnislagnir og til að greiða heimæðargjöld er Hólastaður tengist hitaveitu. Þá eru sértekjur áætlaðar 35 000 þús. kr. og er það 3 000 þús. kr. hækkun frá fjárlögum 1980.

05 Sjávarútvegsráðuneyti

Útgjöld helstu málefnaflokka þessa ráðuneytis breytast milli ára sem hér segir í m.kr.:

| | Fjárlög | | Hækkun | |
|------------------------------------|---------|---------|---------|-------|
| | 1980 | 1981 | M.kr. | % |
| Yfirstjórn | 190,4 | 274,0 | 83,6 | 43,9 |
| Útvegsból | 5 386,6 | 7 744,7 | 2 358,1 | 43,8 |
| Annað | 241,8 | 329,7 | 87,9 | 36,4 |
| | <hr/> | <hr/> | <hr/> | <hr/> |
| Samtals | 5 818,8 | 8 348,4 | 2 529,6 | 43,5 |
| Þar af markaðir tekjustofnar | 134,0 | 228,0 | 94,0 | 70,2 |

Markaðir tekjustofnar þessa ráðuneytis eru hluti útflutningsgjalds af sjávarafurðum sem hækkar um 93,0 m.kr. frá fjárlögum ársins 1980. Skipting milli viðtakenda er þessi: Bygging rannsóknastofnana sjávarútvegsins fær 7,5 m.kr. og er það lækkan um 5,0 m.kr. Hluti af útflutningsgjaldi af sjávarafurðum sem runnið hefur til byggingarsjóðs hafrannsóknaskips fellur nú niður en byggingarsjóðurinn fékk 121,5 m.kr. af gjaldinu 1980. Nú renna aftur á móti 220,5 m.kr. af útflutningsgjaldinu til framleiðslueftirlits sjávarafurða. Um helstu fjárlagaliði skal nú fjallað nánar til skýringar á breytingum á framlögum til einstakra málefnaflokka.

- 101 **Aðalskrifstofa.** Fjárveiting til rekstrar aðalskrifstofu ráðuneytisins verður 274 045 þús. kr. og er það hækkun fjárveitingar um 83 648 þús. kr. frá fjárlögum 1980. Hækkun þessi skiptist þannig á einstakar gjaldategundir: Laun hækka um 60 023 þús. kr. eða 43,1%. Er það um 300 þús. kr. hækkun umfram almennar launahækkunar og á rót sína að rekja til leiðréttingar á flokkaskipan starfsmanna aðalskrifstofu ráðuneytisins. Önnur rekstrargjöld hækka um 22 125 þús. kr. sem er eingöngu vegna almennra verðlagshækkana. Viðhaldsliður er óbreyttur að krónutölu frá fjárlögum 1980. Þá hækkar gjaldfærður stofnkostnaður um 1 500 þús. kr., og verður 2 000 þús. kr., sem er vegna endurnýjunar á húsgögnum og skrifstofuvélum ráðuneytisins.
- 201 **Fiskifélag Íslands.** Fjárveiting til Fiskifélags Íslands verður 348 103 þús. kr. Er það hækkun um 112 166 þús. kr. sem skiptist þannig á einstakar gjaldategundir: Laun verða 251 703 þús. kr. og hækka laun þá um 79 986 þús. kr., þar af 6 488 þús. kr. vegna einnar nýrrar stöðu, að öðru leyti er um almennar launahækkunar að ræða. Önnur rekstrargjöld verða 107 000 þús. kr. og hækka um 33 380 þús. kr. sem er 45,3% hækkun frá fjárlögum ársins 1980. Viðhald verður 2 400 þús. kr. og er það hækkun um 800 þús. kr. Gjaldfærður stofnkostnaður hækkar um 7 000 þús. kr. og verður 10 000 þús. kr., þar af fara 2 700 þús. kr. á yfirstjórn, 6 500 þús. kr. fara til tækjakaupa í tæknideild og 800 þús. kr. fara til fiskræktardeildar. Sértekjur hækka um 9 000 þús. kr. og verða 23 000 þús. kr.
- 202 **Hafrannsóknastofnun.** Heildarfjárveiting til Hafrannsóknastofnunar verður 2 625 491 þús. kr. og er það hækkun um 832 149 þús. kr. frá fjárlögum ársins 1980. Laun hækka um 622 413 þús. kr., önnur rekstrargjöld hækka um 241 871 þús. kr. sem er 39,9% aukning frá fjárlögum 1980. Viðhaldsliður hækkar um 34 735 þús. kr. sem er 24,4% hækkun, gjaldfærður stofnkostnaður lækkar aftur á móti um 16 870 þús. kr. og verður 105 240 þús. kr. Sértekjur eru áætlaðar 50 000 þús. kr. en ekki var áætlað fyrir sértekjum í fjárlögum 1980. Í fjárlögum 1980 var gert ráð fyrir úthaldi R/S Árna Friðrikssonar, R/S Bjarna Sæmundssonar og R/S Drafnar allt árið, en ekki var gert ráð fyrir úthaldi R/S Hafþórs enda skipið ekki tilbúið til rannsóknastarfa. Nú eru aftur á móti fjárveitingar til rannsóknaskipanna miðaðar við 9 mánaða úthald. Í frumvarpinu eru fjárveitingar ekki sundurliðaðar á einstök skip. Eðlilegt er að fjárveitinganefnd verði gerð grein fyrir áætlun um rannsóknaleiðangra 1981 og á grundvelli hennar verði tekin ákvörðun um skiptingu fjárins milli skipa. Eftirfarandi yfirlit sýnir skiptingu fjárveitinga 1980 og 1981 til einstakra verkefnaþátta:

| | Fjárlög | Frumvarp | Hækkun | |
|---------------------------|-----------|-----------|----------|--------|
| | 1980 | 1981 | M.kr. | % |
| Yfirstjórn | 190 960 | 112 715 | ÷ 78 245 | ÷ 41,0 |
| Rannsóknadeildir | 480 425 | 689 211 | 208 786 | 43,5 |
| Veifarfarakostnaður | 93 693 | 109 216 | 15 523 | 16,6 |
| Útibú | 38 432 | 52 718 | 14 286 | 37,2 |
| Rannsóknaskip | 989 832 | 1 661 631 | 671 799 | 67,9 |
| Samtals | 1 793 342 | 2 625 491 | 832 149 | 46,4 |

Skýringin á lækkun fjárveitingar til yfirstjórnar er sú, að í fjárlögum 1980 var sérstök fjárveiting, að upphæð 110 000 þús. kr., sem verja áttí til ákveðinna rannsóknaverkefna til að veita upp á móti útgjaldalækkun samfara því að ekki var gert ráð fyrir úthaldi R/S Hafþórs á árinu 1980. Ákvörðun um fjárveitingu til ákveðinna rannsóknaverkefna er vísað til fjárveitinganefndar enda tengist hún ákvörðunum um starfsmannahald stofnunarinnar. Rannsóknaráð ríkisins,

forstöðumenn Hafrannsóknastofnunar, fjárlaga- og hagsýslustofnun og undirnefnd fjárveitinganefndar hafa átt viðræður um málefni stofnunarinnar eins og greinargerð um Rannsóknaráð ríkisins ber með sér.

- 203 **Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins.** Fjárveiting til Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins verður 417 892 þús. kr. og er það hækkun um 78 022 þús. kr. frá fjárlögum ársins 1980. Hækkun þessi skiptist þannig milli einstakra gjaldategunda: Laun hækka um 107 472 þús. kr. sem er eingöngu vegna almennra launahækkana. Önnur rekstrargjöld hækka sömuleiðis um almennar verðlagshækkanir eða 23 400 þús. kr. Viðhald hækkar um 4 700 þús. kr., verður 9 700 þús. kr. og skiptist þannig á einstök viðfangsefni: Yfirstjórn 1 200 þús. kr., efnafræðideild 4 000 þús. kr., gerladeild 1 500 þús. kr., tæknideild 1 500 þús. kr., útibú Ísafirði 500 þús. kr., útibú Neskaupstað 500 þús. kr. og útibú Akureyri 500 þús. kr. Gjaldfærður stofnkostnaður lækkar um 550 þús. kr. og verður 44 400 þús. kr. Þá hækka sértekjur stofnunarinnar um 57 000 þús. kr. og verða 87 000 þús. kr. sem er 190% hækkun frá fjárlögum ársins 1980. Fjárveitinganefnd ákvað á s. l. vori að gerð skyldi tilraun til að beita áætlunaraðferð, sem kennd er við núllgrunn, við eina til tvær stofnanir. Þá var haft í huga að með slíkri tilraun fengist sýnishorn af vinnuaðferðum sem fylgdu þess háttar áætlunargerð. Fyrir valinu varð Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins. Gert er ráð fyrir að undirbúningsvinnu verði lokið í nóvember og verður málið þá lagt fyrir fjárveitinganefnd.
- 204 **Framleiðslueftirlit sjávarafurða.** Fjárveiting til Framleiðslueftirlits sjávarafurða verður 989 065 þús. kr. sem er hækkun um 336 960 þús. kr. frá fjárlögum 1980. Hækkunin skiptist þannig á einstakar gjaldategundir: Laun hækka um 252 388 þús. kr. sem er um 24 674 þús. kr. umfram almennar launahækkanir og er það vegna launa 3,0 síldareftirlitsmanna sem heimilaðir voru af ráðninganefnd ríkisins. Önnur rekstrargjöld hækka um 101 872 þús. kr. sem er um 44 000 þús. kr. umfram almenna verðlagsþróun. Þessi aukna hækkun á rót sína að rekja til mikillar hækkunar á greiðslum stofnunarinnar vegna aksturskostnaðar hjá starfsmönnum hennar. Viðhald og gjaldfærður stofnkostnaður hækka samtals um 4 000 þús. kr. og verða 13 000 þús. kr. Þá hækka sértekjur um 21 300 þús. kr. og verða 35 800 þús. kr. Hinn 2. september 1979 var skipuð nefnd til að gera úttekt á starfsemi Framleiðslueftirlits sjávarafurða og hvernig framtíðarskipan þess væri best á komið. Nefndin skilaði áfangaskýrslu 23. janúar 1980 og sendi hana 20 aðilum til umsagnar. Gert er ráð fyrir að nefndin semji lokaálit á grundvelli umsagnanna og geri lokaálitllögur um framtíðarskipan stofnunarinnar.
- 271 **Byggingarsjóður hafrannsóknaskips.** Fjárveiting til þessa fjárlagaliðar fellur niður þar sem síðasta greiðsla af lánum vegna hafrannsóknaskips verður 30. desember 1980. Fjárveiting var 134 203 þús. kr. í fjárlögum ársins 1980.
- 274 **Aflatryggingasjóður.** Mótframlag ríkissjóðs til hinnar almennu deildar Aflatryggingasjóðs hækkar um 368 050 þús. kr. og verður 869 400 þús. kr. Um Aflatryggingasjóð gilda lög nr. 2/1980 um breyting á lögum um útflutningsgjald af sjávarafurðum nr. 5/1976. Við ákvörðun á mótframlagi ríkissjóðs var við það miðað að framlagið væri skert um sama hlutfall og í fjárlögum fyrir árið 1980.
- 275 **Fiskveiðasjóður.** Framlag til Fiskveiðasjóðs hækkar um 618 000 þús. kr. og verður 1 854 000 þús. kr. Er þá miðað við lög nr. 2/1980 um breyting á lögum um útflutningsgjald af sjávarafurðum nr. 5/1976. Framlag ríkissjóðs til Fiskveiðasjóðs skv. lögum nr. 2/1980 hefur verið skert, í samræmi við megin stefnu frumvarpsins um framlög til fjárfestingarlánasjóða.

- 299 Ýmislegt á sviði sjávarútvegs. Fjárveiting hækkar um 32 417 þús. kr. og verður 263 199 þús. kr. Hækkunin skiptist þannig milli einstakra viðfangsefna: Framlag til sjóvinnunámskeiða hækkar um 3 500 þús. kr. og verður 10 000 þús. kr. Fjárveiting til skólabáta hækkar um 4 000 þús. kr. og verður 12 000 þús. kr. Eftirlit með hvalvinnslustöðvum hækkar um 465 þús. kr. og verður 1 000 þús. kr. Kostnaður vegna veiðieftirlits hækkar um 63 452 þús. kr. og verður 170 199 þús. kr. Fjárveiting til vinnu- og rekstrarhagræðingar í fiskvinnslufyrirtækjum hækkar um 15 000 þús. kr. og verður 25 000 þús. kr. Til mörkunar fiskveiðistefnu hækkar um 15 000 þús. kr. og verður 45 000 þús. kr. Fellt er niður framlag til tveggja verkefna, þ. e. til að tryggja útgerðarfyrirtækjum viðgerðarþjónustu á fiskleitartækjum 1 000 þús. kr. og til váttryggingasjóðs fiskiskipa 68 000 þús. kr. Á árinu 1980 á sér stað síðasta greiðsla á halla váttryggingasjóðs fiskiskipa eftir eldra kerfi samkvæmt ákvörðun ríkisstjórnarinnar á árinu 1976.

06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti

Málefnaflokkar ráðuneytisins breytast milli ára eins og fram kemur í eftirfarandi yfirliti í m.kr.:

| | Fjárlög | Frumvarp | Hækkun | |
|--------------------------------|----------|----------|---------|------|
| | 1980 | 1981 | M.kr. | % |
| Yfirstjórn | 228,8 | 389,4 | 160,6 | 70,2 |
| Dómgæsla, lögr.mál o. fl. | 14 186,9 | 20 273,3 | 6 086,4 | 42,9 |
| Þjóðkirkjan | 1 364,8 | 2 026,7 | 661,9 | 48,5 |
| Samtals | 15 780,5 | 22 689,4 | 6 908,9 | 43,8 |

Engir markaðir tekiustofnar renna til þessa ráðuneytis.

Hér á eftir verður gerð grein fyrir helstu fjárlagsaliðum til skýringar á hækkunum framlaga til einstakra málefnaflokkanna.

- 101 Aðalskrifstofa. Fjárveiting hækkar um 91 391 þús. kr. og verður 265 299 þús. kr. Laun hækka um 61 382 þús. kr., þar af eru 3 717 þús. kr. vegna launa 0,63 stöðugildis skrifstofumanns. Auk þess er gert ráð fyrir einni stöðu fulltrúa sem talin var í fjárlögum 1980 með öðrum dagvinnulaunum. Önnur rekstrargjöld hækka um 28 659 þús. kr. og er það 13 600 þús. kr. umfram verðlagshækkanir. Er það vegna aukins húsnæðis ráðuneytisins auk prentkostnaðar, lagafrumvarpa o. fl. Aðrir gjaldaliðir hækka um 1 350 þús. kr. í samræmi við almennar verðlagshækkanir.
- 102 Stjórnartíðindi. Framlag til þessa liðar hækkar samtals um 69 209 þús. kr. Laun hækka um 6 659 þús. kr., þar af eru 3 223 þús. kr. vegna ráðningar skrifstofumanns í hálfstöðugildis vegna aukinnar útgáfu. Aðrar hækkanir launa, 3 436 þús. kr., skýrast af almennum launahækkunum. Önnur rekstrargjöld hækka um 63 750 þús. kr. og er það verulega umfram almennar verðlagshækkanir en skýrist af auknum kostnaði við prentun Stjórnartíðinda. Aðrir gjaldaliðir hækka um 300 þús. kr. Sértekjur hækka um 1 500 þús. kr.
- 201 Hæstiréttur. Fjárveiting hækkar um 40 173 þús. kr. og verður 119 406 þús. kr. Laun hækka um 15 789 þús. kr., þar af eru 3 744 þús. kr. vegna hálftrar stöðu skrifstofumanns hjá yfirstjórn. Viðhald hækkar um 6 200 þús. kr. og verður 13 000 þús. kr. sem er að mestu ætlað til endurbóta á húsnæði Hæstaréttar. Aðrir gjaldaliðir hækka um 20 684 þús. kr. sem er í samræmi við almennar verðlagshækkanir. Sértekjur hækka um 2 500 þús. kr. og verða 6 500 þús. kr.
- 203 Borgardómarinn í Reykjavík. Fjárveiting hækkar um 108 608 þús. kr. og verður 326 210 þús. kr. Önnur rekstrargjöld hækka um 22 100 þús. kr. og er það 11 350

- pús. kr. umfram verðlagshækkunar sem skýrist af auknum leigugjöldum í nýju húsnæði. Aðrar hækkunar, 86 508 pús. kr., eru vegna almennra launa- og verðlagshækkana.
- 206 Lögreglustjórinn í Reykjavík.** Framlag hækkar um 1 416 613 pús. kr. og verður 4 585 266 pús. kr. Laun hækka um 1 139 382 pús. kr. Þar af eru 28 488 pús. kr. vegna ráðningar eins löglærðs fulltrúa við yfirstjórn og tveggja rannsóknarlögreglumanna í fíkniefnamálum við almenna löggæslu. Önnur rekstrargjöld hækka um 208 194 pús. kr. sem er 48 150 pús. kr. umfram almennar verðlagshækkunar og skýrist af auknum orku- og eldsneytiskostnaði. Viðhald verður 180 000 pús. kr. og hækkar um 56 491 pús. kr. frá fjárlögum 1980. Gjaldfærður stofnkostnaður hækkar um 36 926 pús. kr. og verður 126 746 pús. kr. sem skiptist í meginatriðum á eftirtalin verkefni: Kaup á bifreiðum og bifhjólum fyrir almenna löggæslu 93 000 pús. kr., kaup á einni bifreið fyrir eftirlit á vegum 9 700 pús. kr., talstöðvar og tengdur búnaður 13 046 pús. kr. og 11 000 pús. kr. eru til kaupa á ýmsum búnaði. Sértekjur hækka um 24 380 pús. kr. í samræmi við verðlagshækkunar.
- 211—237 Embætti sýslumanna og bæjarfógeta.** Heildarhækkun framlaga er 1 998 795 pús. kr. og verða 6 583 862 pús. kr. Laun hækka alls um 1 540 195 pús. kr. Breytingar á starfsmannahaldi eru eftirfarandi: Ráðninganefnd hefur heimilað hálfá stöðu skrifstofumanns í Búðardal sem hefur ekki í för með sér kostnaðarauka fyrir ríkissjóð vegna seldrar skrifstofuþjónustu til heilsugæslustöðvarinnar og sjúkrasamlags Dalasýslu. Önnur rekstrargjöld hækka alls um 351 190 pús. kr. og verða 1 061 518 pús. kr. og er það í samræmi við almennar verðlagshækkunar. Viðhald hækkar um 47 479 pús. kr. og verður 115 345 pús. kr. Sérstakt tillit hefur verið tekið til þarfa á viðhaldi á húseignum, sérstaklega utanhúss. Gjaldfærður stofnkostnaður verður 310 350 pús. kr. sem er 108 272 pús. kr. hærra framlag en var í fjárlögum 1980. Helstu framkvæmdaframlög eru 60 000 pús. kr. til byggingar lögreglustöðvar og sýsluskrifstofuhúss í Borgarnesi, 27 400 pús. kr. vegna byggingar lögreglustöðvar á Bolungarvík, 25 000 pús. kr. til kaupa á húsnæði á Hólmavík, 100 000 pús. kr. til byggingar sýsluskrifstofu á Eskifirði og 50 000 pús. kr. til byggingar lögreglustöðvar á Hvolsvelli. Þá eru ýmsir smærri stofnkostnaðarliðir samtals 47 950 pús. kr. Sértekjur hækka um 48 341 pús. kr. og verða 96 410 pús. kr. Er það í samræmi við endurskoðaða áætlun um tekjur embættanna sem hafa verið verulega vanáætlaðar í fjárlögum undanfarinna ára.
- 241 Hegningarhús.** Fjárveiting hækkar um 68 688 pús. kr. og verður 185 005 pús. kr. Laun hækka um 47 828 pús. kr. sem er um 10 720 pús. kr. umfram almennar launahækkunar og skýrist af yfirvinnu sem er nú áætluð 4 800 tímar en var áætluð 3 000 tímar í fjárlögum 1980. Unnið er að athugun á fyrirkomulagi gæslu o. fl. í fangelsum og vinnuhælum af hálfu fjárlaga- og hagsýslustofnunar. Önnur rekstrargjöld hækka um 19 560 pús. kr. og verða 45 420 pús. kr. sem er um 7 000 pús. kr. umfram verðlagshækkunar. Skýringin er fólgin í skipulagsbreytingu á fullnustu refsíðoma og nýtingu hússins því samfara, en fæðis-kostnaður er þar stærsti kostnaðarþátturinn. Viðhald og gjaldfærður stofnkostnaður hækka um 1 300 pús. kr.
- 242 Vinnuhælið Litla-Hrauni.** Framlag hækkar um 248 025 pús. kr. og verður 644 424 pús. kr. Laun hækka um 173 111 pús. kr., þar af eru 33 500 pús. kr. vegna fangavinnu, sem er nýr liður. Önnur rekstrargjöld hækka um 87 914 pús. kr. sem er um 41 000 pús. kr. umfram almennar verðlagshækkunar. Fæðis-kostnaður er þar stærsti þátturinn en fæðisdögum fjölga vegna stækkunar hælisis. Hráefni til framleiðslu á steinsteypuvörum vege einnig þungt aukorkuliðarins. Viðhald verður 16 000 pús. kr. sem er 5 500 pús. kr. hærra fram-

lag en var árið 1980. Áætlað er að verja 10 000 þús. kr. til viðhalds húseigna, 2 000 þús. kr. til viðhalds innanstokksmuna og 4 000 þús. kr. til viðhalds bifreiða og vinnuvéla. Gjaldfærður stofnkostnaður verður 15 500 þús. kr. sem er 4 500 þús. kr. hærri fjárveiting en var 1980. Verja skal 10 000 þús. kr. til að girða lóð vinnuhælisins og 5 500 þús. kr. til ýmiss búnaðar. Sértekjur vegna seldra framleiðsluvara hækka um 23 000 þús. kr. og verða 65 000 þús. kr.

- 243 **Vinnuhælið Kvíabryggju.** Framlag hækkar um 64 719 þús. kr. og verður 147 100 þús. kr. Það skiptist sem hér segir á einstakar gjaldategundir: Laun hækka um 41 777 þús. kr. sem er verulega umfram almennar launahækkanir, þar af eru um 7 000 þús. kr. vegna aukningar yfirvinnustunda úr 7 100 árið 1980 í 8 700 árið 1981. Unnið er að athugun á skipulagi gæslu vegna mikillar yfirvinnu fárra starfsmanna og verður tillögum um úrbætur komið til fjárveitinganefndar um leið og þær liggja fyrir. Önnur rekstrargjöld hækka um 22 442 þús. kr. sem er verulega umfram almennar verðlagshækkanir. Sérstakt tillit hefur verið tekið til raunútgjalda undanfarinna ára og vanáætlun í fjárlögum er nú lagfærð. Viðhald og gjaldfærður stofnkostnaður eru áætluð 2 800 þús. kr. hærri en var í fjárlögum 1980. Sértekjur eru áætlaðar 5 000 þús. kr. sem er 2 300 þús. kr. hækkun frá fjárlögum 1980.
- 244 **Fangelsi við Síðumúla.** Hækkun á þessum lið nemur 63 386 þús. kr. og verður framlagið 176 115 þús. kr. Önnur rekstrargjöld hækka um 18 759 þús. kr. sem er um 9 300 þús. kr. umfram almennar verðlagshækkanir og ræðst að mestu af hækkun fæðiskostnaðar. Aðrir liðir hækka alls um 44 627 þús. kr. sem er í samræmi við almennar launa- og verðlagshækkanir.
- 247 **Eftirlitsstofnun með brotamönnum.** Fjárveiting hækkar um 15 763 þús. kr. og verður 31 375 þús. kr. Laun hækka um 13 748 þús. kr., þar af eru 7 954 þús. kr. vegna launa eins eftirlitsmanns sem fjárveitinganefnd heimilaði á árinu. Aðrir liðir hækka alls um 2 015 þús. kr.
- 251 **Landhelgisgæslan.** Fjárveiting hækkar um 1 205 300 þús. kr. og verður alls 4 118 858 þús. kr. Miðað er við rekstur þriggja skipa allt árið, þó svo að skip verði í höfn um sumartímann meðan sumarleyfi standa yfir. Í fluggæslu er gert ráð fyrir rekstri einnar F-27 flugvélar (TF-SYN) og tveggja þyrila (TF-GRÓ og TF-RÁN) en önnur þessara þyrila (TF-RÁN) er ný af gerðinni Sikorsky S-76. Í greinargerð með fjárlag afrumvarpi 1980 var greint frá því að eldri F-27 flugvél gæslunnar (TF-SÝR) og Árvakur yrðu seld á árinu 1980 og er gert ráð fyrir því að svo muni verða. Að auki er gert ráð fyrir sölu á varðskipinu Þór á árinu 1981. Launaliður hækkar um 617 643 þús. kr. og verður 1 943 541 þús. kr. Fjölgað er um þrjár stöður alls, þ. e. um eina stöðu fulltrúa sem áður var talin með fóstum starfsmönnum rekstrardeildar ríkisskipa og kostar 8 543 þús. kr., hjá fluggæslu er fjölgað um einn flugstjóra og einn loftskeytamann sem kosta með öllum launagreiðslum alls 51 519 þús. kr. Þá er ein staða yfirflugvirkja flutt á yfirstjórn. Önnur rekstrargjöld hækka um 157 320 þús. kr. eða 12.6%. Er það í samræmi við áætlun um rekstur stofnunarinnar. Viðhald hækkar um 85 876 þús. kr. og verður 332 676 þús. kr. Gjaldfærður stofnkostnaður lækkar um 298 þús. kr. og verður 13 250 þús. kr., þar af eru 10 900 þús. kr. hjá fluggæslu og 2 350 þús. kr. vegna tækjakaupa og búnaðar í Tý. Yfirfærslur til B-hluta í Landhelgissjóð hækka um 346 759 þús. kr. og verða 438 343 þús. kr., en í fjárlögum 1980 var framlagið tengt færslu á söluandvirði TF-SÝR og Árvakurs til greiðslu á afborgunum og vöxtum sjóðsins. Þá hækka sértekjur um 2 000 þús. kr. og verða 6 000 þús. kr.
- 254 **Sjómaelingar og sjókortagerð.** Framlag hækkar um 39 397 þús. kr. og verður 160 517 þús. kr. Gjaldaliðir hækka alls um 63 397 þús. kr. sem er í samræmi við

almennar launa- og verðlagshækkunir. Sértekjur hækka um 24 000 þús. kr. og verða 42 000 þús. kr. sem er andvirði seldra sjó korta og þjónustu, en þessi liður hefur verið vanáætlaður verulega í fjárlögum undanfarinna ára.

- 261 Öryggiseftirlit ríkisins. Stofnun þessi hefur verið lögð niður og starfsemi hennar sameinuð nýrri stofnun, Vinnueftirliti ríkisins, undir félagsmálaráðuneyti í samræmi við lög nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.
- 283 Fangamál, ýmis kostnaður. Liðurinn lækkar um 86 204 þús. kr. Laun hækka um 3 046 þús. kr. sem nemur almennum launahækkunum. Önnur rekstrargjöld hækka um 35 750 þús. kr. og verða 42 250 þús. kr. Þar af lækkar sjúkrakostnaður refsifanga um 10 000 þús. kr. og verður 15 000 þús. kr. vegna vistunar geðsjúkra afbrotamanna erlendis. Gjaldfærður stofnkostnaður, sem er bygging ríkisfangelsis og vinnuhæla, lækkar um 125 000 þús. kr. og verður 15 000 þús. kr. sem er lögbundið framlag. Framlag til fangahjálpar er óbreytt 4 600 þús. kr.
- 301 Þjóðkirkjan. Framlag lækkar alls um 619 377 þús. kr. og verður 1 901 568 þús. kr. Helstu breytingar á einstökum viðfangsefnum eru sem hér segir: Skálholtsstaður lækkar um 4 600 þús. kr., Hallgrímskirkja lækkar um 12 500 þús. kr., nýtt viðfangsefni er tekið upp, prestastefna 1 500 þús. kr., byggingar á prestsetrum lækkar um 23 000 þús. kr., viðhald embættisbústaða lækkar um 60 000 þús. kr., útihús á prestsetrum lækkar um 3 000 þús. kr., niður fellur framlag til bændakirkju í Bjarnarhöfn 2 000 þús. kr. Aðrir liðir eru óbreyttir eða breyttast í samræmi við almennar launa- og verðlagshækkunir, nema liðurinn æskulýðsstörf sem lækkar um 17 519 þús. kr. eða 59,8%.

07 Félagsmálaráðuneytið

Útgjöld helstu málefnaflokka félagsmálaráðuneytisins breytast milli ára eins og fram kemur í eftirfarandi yfirliti í m.kr.:

| | Fjárlög | | Hækkun | |
|------------------------------------|----------|---------------|---------|------|
| | 1980 | Frumvarp 1981 | M.kr. | % |
| Yfirstjórn | 131,5 | 208,2 | 76,7 | 58,3 |
| Húsnæðismál | 7 533,0 | 11 800,0 | 4 267,0 | 56,5 |
| Önnur félagsmál | 2 914,8 | 5 072,8 | 2 158,0 | 74,0 |
| | | | | |
| Gjöld samtals | 10 579,3 | 17 081,0 | 6 501,7 | 61,5 |
| Þar af markaðir tekjustofnar | 7 590,3 | 8 319,6 | 729,3 | 9,6 |

Markaðir tekjustofnar þessa ráðuneytis hækka frá fjárlögum sem hér segir: Samkvæmt lögum nr. 51/1980 renna engir markaðir tekjustofnar til Byggingarsjóðs ríkisins en samkvæmt sömu lögum rennur eitt prósentustig launaskatts til Byggingarsjóðs verkamanna. Markaðar tekjur til byggingarsjóðanna hækka um 449,8 m.kr. frá fjárlögum. Skipulagsgjald lækkar um 130,4 m. kr., erfðafjár sjóður lækkar um 163,7 m. kr. Þá fellur niður sem markaður tekjustofn hluti gjalds af seldum vindi- ingum sem var 14,6 m. kr. í fjárlögum 1980. Verður nú vikið að helstu fjárlagalið- um til skýringar á hækkun framlags til málefnaflokka félagsmálaráðuneytisins.

- 101 Aðalskrifstofa. Útgjöld skrifstofunnar nema alls 208 152 þús. kr. og er það hækkun um 76 677 þús. kr. eða 58,3%. Hækkun þessi skýrist á eftirfarandi hátt: Laun hækka um 66 177 þús. kr., þar af 9 175 þús. kr. vegna stöðu lausráðins fulltrúa sem heimiluð var af ráðninganefnd í mars 1980, 3 840 þús. kr. vegna hálftrar stöðu fulltrúa, 12 660 þús. kr. vegna sérstakra verkefna og nefnda og 40 502 þús. kr. vegna almennra launahækkana. Önnur rekstrargjöld hækka

um 21 500 þús. kr. og er það umfram verðlagsþróun enda hefur verið tekið tillit til aukins rekstrarkostnaðar vegna tveggja nýrra deilda ráðuneytisins. Viðhald og gjaldfærður stofnkostnaður eru 2 400 þús. kr. og lækka um 11 000 þús. kr.

- 271 **Húsnæðisstofnun ríkisins.** Framlag ríkissjóðs til stofnunarinnar lækkar um 2 800 500 þús. kr. og nemur alls 4 300 000 þús. kr. Samkvæmt lögum nr. 51/1980 skal afla fjár í Byggingarsjóð ríkisins með eftirfarandi hætti: Með tekjum af eigin fé sjóðsins, með sölu skuldabréfa til Atvinnuleysistryggingasjóðs og lífeyrissjóða, með tekjum af skyldusparnaði, með árlegum framlögum úr ríkissjóði af launaskatti, með byggingarsjóðsgjöldum af tekjuskatti, eignarskatti og aðflutningsgjöldum og loks með árlegum framlögum úr ríkissjóði. Í lögnum er ekki kveðið á um hvernig leggja skal á byggingarsjóðsgjöld. Því er litið svo á að markaðir tekjustofnar Byggingarsjóðs séu engir, en framlag ríkissjóðs aftur á móti ákveðið þannig að sjóðurinn geti staðið undir áætluðum útlán-um. Á árinu 1980 nema heildarlánveitingar Byggingarsjóðs ríkisins alls um 22 000 000 þús. kr. Í áætlun fyrir árið 1981 er gert ráð fyrir því að sjóðurinn hafi til útlána um 30 000 000 þús. kr. Mun sjóðurinn hafa til ráðstöfunar fé sem nægir til þess að halda starfsemi hans í eðlilegu horfi og taka upp nokkra nýja lánaflokka í samræmi við nýju húsnæðislögin. Fjáröflun til sjóðsins er áætluð þannig að fjárveiting ríkissjóðs nemur 4 300 000 þús. kr., eigin fjáröflun til sjóðsins af vöxtum og afborgunum nemur 9 160 000 þús. kr. og sala skulda-
bréfa til Atvinnuleysistryggingasjóðs 3 640 000 þús. kr. Auk þess er fyrirhuguð lántaka hjá lífeyrissjóðum og skyldusparendum, en skipting þeirra fjárhæða verður skýrð í fjárfestingar- og lánsfjáráætlun fyrir árið 1981 og er þar af leiðandi ekki sett fram í yfirliti yfir sjóðinn í B-hluta fjárlagafrumvarpsins. Þessi háttur hefur verið hafður á í fjárlagagerð hingað til.
- 272 **Byggingarsjóður verkamanna.** Framlag til sjóðsins hækkar um 7 067 500 þús. kr. og nemur alls 7 500 000 þús. kr. Um leið og hækkun á ráðstöfunarfé Byggingarsjóðs ríkisins er takmörkuð er gert ráð fyrir auknum fjárframlögum til Byggingarsjóðs verkamanna. Framlag úr ríkissjóði verður 7 500 000 þús. kr. árið 1981 sem nemur tekjum af 1%-stigi launaskatts, en það er markaður tekjustofn sjóðsins skv. lögum nr. 51/1980. Að meðtöldum framlögum sveitarfélaga og áformuðum lántökuheimildum ætti sjóðurinn að hafa til ráðstöfunar um 10 000 000 þús. kr. á árinu 1981. Gert er ráð fyrir að þá hefjist framkvæmdir við um 400 íbúðir í verkamannabústöðum og búist er við að um 40% lánveitinga til þeirra falli á sjóðinn á árinu 1981. Að auki er gert ráð fyrir að sjóðurinn hafi svigrúm til þess að stuðla að frágangi þeirra íbúða sem féllu undir ákvæði eldri laga um leigu- og söluíbúðir og til þess að gera upp framlag á móti framlögum sveitarfélaga vegna ársins 1980. Lánageta Byggingarsjóðs verkamanna nemur á árinu 1980 um 1 000 000 þús. kr. en sú fjárhæð tífaldast á árinu 1981. Samtals er lánageta Byggingarsjóðs ríkisins og Byggingarsjóðs verkamanna um 23 000 000 þús. kr. á árinu 1980 en verður á árinu 1981 um 40 000 000 þús. kr., en það felur í sér verulega aukningu lána að raungildi.
- 301 **Skipulagsstjóri.** Hækkun útgjalda nemur 150 834 þús. kr. eða 59,8%. Hækkunin skintist þannig á einstaka liði: Laun hækka um 43 177 þús. kr., þar af eru 14 094 þús. kr. vegna tveggja nýrra stöðugilda, annað var viðurkennt en hafði fallið niður, hitt heimilað 12. febrúar 1980 af ráðninganefnd. Aðrir liðir hækka um 107 657 þús. kr. Samkvæmt lögum nr. 42/1974 er skylt að greiða árlega úr ríkissjóði til framkvæmda skipulagsmála eigi lægri fjárhæð en sem nemur helmingi skipulagsgjalda liðins árs. Auk þess rennur til embættisins skipulagsgjald sem er markaður tekjustofn.
- 302 **Embætti ríkissáttasemjara.** Framlag til embættisins hækkar um 4 974 þús. kr. Laun hækka um 24 789 þús. kr. eða 42,9%. Þar af eru laun vegna stöðu aðal-

fulltrúa ríkissáttasemjara 10 435 þús. kr. en á móti kemur lækkun annarra dagvinnulauna. Almenn hækkun launa nemur 14 354 þús. kr. Önnur rekstrargjöld hækka um 5 685 þús. kr. Framlag vegna stofnkostnaðar er ekkert og er það lækkun um 25 500 þús. kr.

- 371 **Lánasjóður sveitarfélaga.** Framlag til lánasjóðs sveitarfélaga hækkar um 113 187 þús. kr. og verður fjárveitingin þá 315 000 þús. kr. Samkvæmt lögum skal árlegt framlag ríkissjóðs eigi vera lægra en sem nemur 2½% af tekjum jöfnunarsjóðs sveitarfélaga sama ár, en framlagið hefur verið skert í samræmi við meginstefnu frumvarpsins um fjárfestingarlánasjóði.
- 372 **Landakaup kaupstaða og kauptúna.** Lög nr. 35/1973 kveða á um að lágmarksframlag ríkissjóðs til landaupa kaupstaða og kauptúna á árunum 1974—1983 skuli árlega vera 10 000 þús. kr. Frá því lög um þetta efni voru samþykkt hefur verðgildi framlagsins rýrnað mjög mikið og er tæplega til þess fallið eins og nú stendur að veita kaupstöðum og kauptúnum stuðning sem heitið getur. Því var ákveðið að fella þetta framlag niður, en það nam 10 000 þús. kr. í fjárlögum ársins 1980. Ríkisstjórnin hefur sett á stofn nefnd til að gera tillögur um breytingu laganna.
- 399 **Vatnsveitur.** Framlag til vatnsveitna er nú 170 000 þús. kr. og er þar um að ræða 65 000 þús. kr. hækkun frá fjárlögum ársins 1980 eða 61,9%.
- 952 **Endurhæfingarráð.** Framlag þessa liðar hækkar um 16 787 þús. kr. eða 89,3%. Hækkun þessi skýrist á eftirfarandi hátt: Laun hækka um 14 043 þús. kr. sem er verulega umfram almenna launaþróun. Þetta er vegna lausráðningar félagsráðgjafa í hálfu starf auk þess sem hækkun varð á öðrum dagvinnulaunum um 4 226 þús. kr. Önnur rekstrargjöld hækka um 2 720 þús. kr. og er það nokkuð umfram verðlagsþróun en þá hefur verið tekið tillit til reikningsniðurstöðu 1979. Þá hækkar viðhald um 24 þús. kr.
- 954 **Vinnueftirlit ríkisins.** Hér er um nýja stofnun að ræða. Í lögum um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum nr. 46/1980 segir að stofnun undir stjórn félagsmálaráðherra skuli sjá um eftirlit á þessu sviði. Við þessa ákvörðun leggst starfsemi Öryggiseftirlits ríkisins niður en það var undir stjórn dómsmálaráðherra. Fimmtán stöðugildi sem Öryggiseftirlitið hafði til umráða flytjast yfir á hina nýju stofnun að viðbættum þremur nýjum stöðum. Grunnheimildir Vinnueftirlitsins eru því átján samkvæmt frumvarpi þessu og nemur launaliður 212 954 þús. kr. Önnur rekstrargjöld eru áætluð 50 000 þús. kr., viðhald 2 050 þús. kr., vextir 2 224 þús. kr. og gjaldfærður stofnkostnaður 7 000 þús. kr. Sértekjur eru áætlaðar 274 228 þús. kr., þ. e. sama fjárhæð og útgjöld stofnunarinnar, enda mun stofnunin hafa tekjur af skrásetningu og eftirlitgjöldum samkvæmt gjaldskrá auk iðgjalds sem reiknast af sama stofni og slysatryggingagjald, sbr. lög um almannatryggingar.
- 971 **Erfðafjárjóður.** Framlag til erfðafjárjóðs nemur nú 491 000 þús. kr. og er það hækkun um 163 700 þús. kr. frá fjárlögum ársins 1980 eða 50%. Hefur framlagið þá verið skert í samræmi við meginstefnu frumvarpsins, þar sem við það er miðað að hækkun fjárfestingarlánasjóða milli ára fari ekki yfir 50%.
- 972 **Bjargráðasjóður.** Framlag ríkissjóðs til Bjargráðasjóðs Íslands verður 243 000 þús. kr. og er það hækkun fjárveitingar um 117 938 þús. kr. frá fjárlögum ársins 1980. Samkvæmt lögum nr. 57/1980 um breytingu á lögum nr. 51/1972 um Bjargráðasjóð Íslands er kveðið á um framlagsskyldu ríkissjóðs til sjóðsins. Samkvæmt ofangreindum lögum skal framlag ríkissjóðs nema 300 kr. fyrir hvern íbúa landsins og hins vegar fjárhæð sem svarar til 0,35% af söluvörum landbúnaðarins. Framlag sveitarfélaga til sjóðsins nemur jafnhárra fjárhæð.

976 **Framkvæmdasjóður öryrkja og þroskaheftra.** Samkvæmt lögum nr. 47/1979 og breyting á sömu lögum nr. 59/1980 um aðstoð við þroskahefta skal ríkissjóður árlega leggja sjóði þessum til a. m. k. 1 000 000 þús. kr. og skal sú fjárhæð hækka í hlutfalli við verðlagsvisitölu miðað við árið 1979 að grunni. Framlag ríkissjóðs samkvæmt frumvarpinu er 2 010 000 þús. kr. og hefur þá verið tekið tillit til áætlaðrar verðlagshækkunar á árinu 1981. Þrátt fyrir meginstefnu frumvarpsins um að hækkun fjárfestingarlánasjóða fari eigi fram úr 50% var í þessu tilfelli gerð undantekning, og eru framlög til sjóðsins hækkuð um 89,6%, enda voru verkefni sjóðsins aukin með breytingu á lögum nr. 59/1980 þar sem sjóðnum er ætlað að veita styrk til sjálfseignarstofnana sem um málefni þroskaheftra fjalla.

977 **Framkvæmd laga um aðstoð við þroskahefta.** Hér er um nýjan fjárlagalið að ræða vegna ákvæða laga nr. 47/1979 um aðstoð við þroskahefta. Skiptist kostnaður þannig eftir verkefnum:

| | Þús. kr. |
|-------------------------------------------------------------------------------------|----------|
| 1. Stjórnarnefndarlaun | 4 020 |
| 2. Svæðisstjórnir | 7 860 |
| 3. Heimili fyrir einhverf börn, Trönuhólum 1 | 87 229 |
| 4. Sambýli, Sigluvogi | 12 750 |
| 5. Sambýli, Auðarstræti | 22 100 |
| 6. Afþreyingarheimili, Stjörnugróf | 124 163 |
| 7. Vonarland, Egilsstöðum | 59 500 |
| 8. Leikfangasafn í Keflavík | 1 275 |
| 9. Kostnaður samkvæmt 15. gr. laganna, dagvistargjöld fyrir börn í heimahúsum | 50 500 |
| | <hr/> |
| Samtals | 369 397 |

Í fyrsta lið eru áætluð laun stjórnarnefndar samkvæmt 3. gr. laganna og í öðrum lið, laun og annar kostnaður vegna starfa eins fulltrúa í hverri af átta svæðisstjórnnum (sbr. 4. gr. laganna), en sá er skipaður af ráðherra í viðkomandi svæðisstjórn samkvæmt tilnefningu foreldrasamtaka þroskaheftra á svæðinu.

Heimili fyrir einhverf börn. Stjórn Framkvæmdasjóðs öryrkja og þroskaheftra úthlutaði á árinu 1980 20,0 m.kr. til kaupa á húsnæði fyrir dvalar- og meðferðarheimili fyrir einhverf börn. Hefur húsnæðið verið keypt fyrir milligöngu félagsmálaráðuneytisins og er áformað að rekstur heimilisins verði á þess vegum. Rekstrarkostnaður er áætlaður 87 229 þús. kr., laun 52 229 þús. kr. og önnur rekstrargjöld 35 000 þús. kr. Er þá gert ráð fyrir 6 starfsmönnum, þ. e. einum forstöðumanni og 5 fóstrum og/eða þroskaþjálfum. Stefnt er að því að rekstur heimilisins geti hafist í byrjun árs 1981 og að það rúmi 10–12 börn.

Sambýlið að Sigluvogi hefur verið í rekstri nokkur undanfarin ár en kemur nú fyrst inn í fjárlög vegna laganna um aðstoð við þroskahefta.

Sambýlið í Auðarstræti, afþreyingarheimili í Stjörnugróf og vistheimilið Vonarland, Egilsstöðum eru senn tilbúin til að hefja rekstur og er áformað að hann hefjist á árinu 1981. Hér er gert ráð fyrir að þau verði rekin af samtökum einstaklinga og ríkissjóður greiði 85% af rekstrarkostnaði en viðkomandi sveitarfélag 15% (sbr. 18. gr. laganna). Hins vegar hefur þessi tilhögun á rekstri heimilanna ekki verið endanlega ákveðin og er því hugsanlegt að einhver þeirra verði að fullu rekin með fjárveitingum úr ríkissjóði. Þriðji möguleikinn er sá að stofnanir þessar verði reknar með tilstyrk daggjalda úr hinu almenna tryggingakerfi og mundi þá fjárveiting til þeirra falla niður á þessum fjárlagalið.

Leikfangasafn í Keflavík hefur verið rekið í tvö ár af félagssamtökum, þ. e. Þroskahjálpi á Suðurnesjum, og er hér reiknað með 85% af áætluðum rekstrar-kostnaði 1981. Í 15. gr. laga nr. 47/1979 er heimild til að greiða framfærendum þroskaheftra er annast þá sjálfir í heimabúsum sem svarar hálfu daggjaldi, enda séu framfærendurnir hæfir til þess að mati svæðisstjórnar. Kostnaður ríkissjóðs vegna þessara ákvæða er metinn 50 500 þús. kr. fyrir árið 1981.

- 981 Vinnumál. Liður þessi hækkar um 150 590 þús. kr. og verður 478 372 þús. kr. Hækkunin skýrist þannig: Framlag til félagsdóms hækkar um 3 990 þús. kr., framlag til stuðnings við samtök vinnumarkaðarins vegna hagræðingarstarfsemi hækkar um 20 000 þús. kr., bygging orlofsheimila verkalýðssamtakanna hækkar um 32 000 þús. kr. Framlag til Alþýðusambands Íslands vegna menningar- og fræðslusambands alþýðu hækkar um 12 000 þús. kr. Framlag til Félagsmála-skóla alþýðu hækkar um 16 000 þús. kr. Framlag til hagdeilda Alþýðusambands Íslands, Vinnuveitendasambands Íslands, Vinnumálasambands samvinnufélaganna, BSRB og BHM hækkar um 20 000 þús. kr. Framlag til Iðnnemasambands Íslands hækkar um 1 000 þús. kr. Framlag til Alþýðusambands Íslands vegna orlofsmála hækkar um 4 000 þús. kr. Framlag til Alþýðusambands Íslands vegna norræna verkalýðsskólans í Genf hækkar um 600 þús. kr. og framlag til þátttöku í starfi ILO hækkar um 3 000 þús. kr. Tekin eru inn tvö ný viðfangsefni og eru framlög til þeirra sem hér segir: Orlofsheimili BSRB 50 000 þús. kr. og Sjómannadagsráð 3 000 þús. kr. Út falla þrjú viðfangsefni, þ. e. fræðslumál BSRB 10 000 þús. kr., fræðslumál BHM 2 000 þús. kr. og fræðslumál annarra samtaka launafólks 3 000 þús. kr., en framlög til fræðslumála BSRB og BHM reiknast nú sem hluti launa.
- 999 Ýmis framlög. Framlög á þessum lið hækka um 60 000 þús. kr. og eru samtals 434 920 þús. kr. Eftirtaldir liðir eru þar til skýringar: Meðlög skv. 21., 22. og 23. gr. framfærslulaga hækka um 5 000 þús. kr. og meðlög skv. lögum nr. 87/1947 hækka um 42 000 þús. kr. Framlög til sjómannastofa hækka um 3 000 þús. kr. og framlag vegna alþjóðaárs fatlaðra hækkar um 30 000 þús. kr. en það viðfangsefni var nýtt í fjárlögum 1980. Liðurinn aðstoð við þroskahefta, sem var 20 000 þús. kr. í fjárlögum 1980, fellur út af þessum fjárlagalið og færast á sérstakt fjárlaganúmer 07-977 framkvæmd laga um aðstoð við þroskahefta. Aðrir liðir eru óbreyttir.

08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti

Útgjöld helstu málefnaflokka þessa ráðuneytis breytast milli ára eins og eftirfarandi yfirlit sýnir:

| | Fjárlög | Frumvarp | Hækkun | |
|------------------------------------|-----------|-----------|----------|-------|
| | 1980 | 1981 | M.kr. | % |
| Yfirstjórn | 201,6 | 288,2 | 86,6 | 43,0 |
| Tryggingamál | 89 889,6 | 136 515,6 | 46 626,0 | 51,9 |
| Heilbrigðismál | 25 337,8 | 39 849,9 | 14 512,1 | 57,3 |
| Annað | 243,6 | 359,4 | 115,8 | 47,5 |
| | <hr/> | <hr/> | <hr/> | <hr/> |
| Gjöld samtals | 115 672,6 | 177 013,1 | 61 340,5 | 53,0 |
| Þar af markaðir tekjustofnar | 8 133,0 | 11 703,0 | 3 570,0 | 43,9 |

Markaðir tekjustofnar sem teljast til þessa ráðuneytis eru atvinnurekendaiðgjöld til lífeyristrygginga er hækka um 2 983,0 m.kr., slysatryggingaiðgjöld atvinnurekenda sem lækka um 71,6 m.kr., iðgjald til atvinnuleysistryggingasjóðs er hækkar um 705,0 m.kr. og hluti gæsluvistarsjóðs af hagnaði ÁTVR sem er óbreyttur frá fyrra ári. Hluti Krabbameinsfélagsins í vindlingagjaldi fellur niður en nam í fjárlögum 1980

53,4 m.kr. Sérlyfjagjald og gjald af eyðublöðum heillaskeyta verða óbreytt. Aftur á móti verða tekjur af samúðarskeytum Landssímans, er renna til Minningarsjóðs Landspítalans, 25,0 m.kr. og hækka um 7,0 m.kr. Helstu fjárlagaliðir skulu nú skýrðir nánar.

- 101 **Aðalskrifstofa.** Útgjöld eru alls 288 228 þús. kr. og er það hækkun um 86 598 þús. kr. eða 42,9% frá fjárlögum. Launaútgjöld aukast um 66 948 þús. kr., þar af um 10 050 þús. kr. vegna aðkeyprar aðstoðar við sérstök verkefni á sviði áætlunargerðar og annarra þátta í heilbrigðismálum. Laun hækka að öðru leyti vegna almennra launabreytinga, alls 56 898 þús. kr. Önnur rekstrargjöld og viðhald hækkar um 26 750 þús. kr. vegna verðlagsbreytinga milli ára. Viðhald hækkar um 400 þús. kr. en gjaldfærður stofnkostnaður lækkar um 7 000 þús. kr. og nemur alls 5 000 þús. kr. Á árinu 1980 flutti hluti aðalskrifstofunnar úr húsnæði á Skólavörðustíg í nýtt húsnæði að Laugavegi 116 og skýrir það há útgjöld vegna stofnkostnaðar á því ári.
- 271 **Tryggingastofnun ríkisins.** Framlög á þessum lið renna til slysa-, lífeyris- og sjúkratrygginga. Í eftirfarandi yfirliti eru niðurstöður allra tryggingaþátta dregnar saman og hækkunin frá fjárlögum 1980 sýnd:

Almannatryggingar 1980 og 1981
(Í m.kr.)

| | Fjárlög | | Hækkun | |
|-------------------------------|---------|---------|---------|------|
| | 1980 | 1981 | M.kr. | % |
| Slysatryggingar | 931 | 859 | -72 | |
| Lífeyristryggingar | 42 755 | 64 653 | 21 898 | 51,2 |
| (þ. a. atvinnurekendur) | (5 985) | (8 968) | (2 983) | |
| Sjúkratryggingar | 42 850 | 64 100 | 21 250 | 49,6 |
| Samtals | 86 536 | 129 612 | 43 076 | 49,8 |
| Hlutur ríkissjóðs | 79 620 | 119 785 | 40 165 | 50,4 |
| Hlutur atvinnurekenda | 6 916 | 9 827 | 2 911 | 42,1 |

Framlög til almannatrygginga hækka samkvæmt yfirlitinu um 43 076 m.kr. eða 49,8% og koma af þeirri fjárhæð 2 911 m.kr. í hlut atvinnurekenda og 40 165 m.kr. í hlut ríkissjóðs. Verðlagshækkun þessa liðar er frá meðalverðlagi 1980 til meðalverðlags 1981 eins og það er áætlað í forsendum frumvarpsins. Útgjöld slysatrygginga bera atvinnurekendur með greiðslu iðgjalda, sbr. 36. gr. almannatryggingalaga, og eru þau miðuð við áætlun um bótagreiðslur, varasjóðstillag og rekstrarkostnað slysatrygginga ár hvert. Iðgjald af launþegum er ákveðið með reglugerð fyrir eitt ár í senn og er reiknað sem hundradshluti af greiddum launum ársins áður en bótagreiðslur verða til. Meginástæða þess að áætluð iðgjöld slysatrygginga 1981 lækka um 72 m.kr. er að búist er við færri bótagreiðslum svo og að ráðgert er að varasjóður slysatrygginganna standi undir hluta væntanlegra bótagreiðslna. Heildarhækkun kostnaðar við lífeyristryggingar er 21 898 m.kr. eða 51,2% frá fjárlögum 1980. Þar af koma 18 915 m.kr. í hlut ríkissjóðs og 2 983 m.kr. í hlut atvinnurekenda. Kostnaður við lífeyristryggingar samkvæmt fjárlögum 1980 og frumvarpi 1981 er sýndur í eftirfarandi yfirliti:

Lífeyristryggingar 1980 og 1981
(Í m.kr.)

| | Fjárlög 1980 | Frumvarp 1981 | Hækkun |
|----------------------------------|-----------------|------------------|--------|
| 1. Elli- og örorkulífeyrir | 22 180 | 32 050 | 9 870 |
| 2. Tekjutrygging | 10 635 | 17 570 | 6 935 |
| 3. Uppbót á lífeyri | 1 800 | 3 850 | 2 050 |
| 4. Heimilisuppbót | 1 325 | 1 550 | 225 |
| 5. Örorkustyrkur | 1 800 | 2 550 | 750 |
| 6. Barnalífeyrir | 1 450 | 2 000 | 550 |
| 7. Mæðralaun | 1 135 | 1 730 | 595 |
| 8. Ekkju- og makabætur | 1 460 | 1 950 | 490 |
| Bætur alls | 41 785 | 63 250 | 21 465 |
| 9. Kostnaður | 550 | 763 | 213 |
| 10. Til varasjóðs | 420 | 640 | 220 |
| Gjöld alls | 42 755 | 64 653 | 21 898 |
| Hlutur ríkissjóðs | 36 770 | 55 685 | 18 915 |
| Hlutur atvinnurekenda | 5 985 | 8 968 | 2 983 |

Áætlaðar útgjaldabreytingar vegna lífeyristrygginga, auk fjölgunar bótaþega í hverjum bótaflokki, eru í höfuðdráttum fólgnar í hækkun bótagreiðslna á árinu 1980. Bótahækkunarir sem orðið hafa á árinu eru 6,67% 1. mars, 11,7% 1. júní en þá hækkaði tekjutrygging auk þess sérstaklega um 5%, 8,57% 1. september og áætluð hækkun 1. des. n.k. er 10,5%. Þá er gengið út frá 15% meðalhækkun á árinu 1981 auk sérstakrar 5% hækkunar á tekjutryggingu frá miðju ári 1981 en síðasttalda hækkunin veldur um 600 m.kr. auknum útgjöldum. Á það ber að líta að einstakir bótaflokkar hækka mismikið. Þessu veldur að útgjalda-áætlun fyrir 1981 er byggð á greiðslutölu fyrstu mánuði ársins 1980 og útgjöldum ársins 1979. Athygli er vakin á, að tillag til varasjóðs lífeyristrygginga er miðað við 1% af útgjöldum lífeyristrygginga en skv. 21. gr. almannatryggingalaga má gera ráð fyrir tillagi til varasjóðsins allt að 2% af áætluðum útgjöldum. Ástæða þess að aðeins er gert ráð fyrir 1% varasjóðstillagi er að frumvarpið byggir á þeirri forsendu að lög og reglur um uppgjör sveitarfélaga á barnsmeðlögum verði endurskoðað fyrir afgreiðslu fjárlaga. Í fjárlögum ársins 1980 var gert ráð fyrir hliðstæðri breytingu en hún komst ekki á. Eins og málum er nú háttáð leggur Tryggingastofnun ríkisins út fyrir barnsmeðlögum en fær þau síðan endurgreidd af Innheimtustofnun sveitarfélaga. Horfur eru á að skuld sveitarfélaga vegna þessa nemi um 4 000 m.kr. um árslok næstkomandi en það lætur nærri að allir varasjóðir lífeyristrygginganna hafi verið bundnir í þessu verkefni.

Framlög ríkissjóðs til sjúkratrygginga á árinu 1981 nema alls 64 100 m.kr. Hækkun einstakra liða frá fjárlögum 1980 er eins og fram kemur í eftirfarandi yfirliti:

Sjúkratryggingar 1980 og 1981
(í millj. kr.)

| | Fjárlög 1980 | Frumvarp 1981 | Hækkun |
|---------------------------------------|-----------------|------------------|--------|
| 1. Vistgjöld á sjúkrahúsum og hælum | 30 040 | 44 600 | 14 560 |
| 2. Vistgjöld á stofnunum þroskaheftra | 1 200 | 2 400 | 1 200 |
| 3. Læknishjálpar | 3 570 | 5 300 | 1 730 |
| 4. Lyf | 5 945 | 8 200 | 2 255 |
| 5. Dagpeningar | 1 575 | 2 250 | 675 |
| 6. Tannlækningar | 1 820 | 2 900 | 1 080 |
| 7. Ýmis kostnaðir | 3 480 | 5 000 | 1 520 |
| 8. Rekstrarkostnaðir | 550 | 1 085 | 535 |
| 9. Til varasjóðs | 230 | 375 | 145 |
| Samtals | 48 410 | 72 110 | 23 700 |
| Hlutur rikissjóðs | 42 850 | 64 100 | 21 250 |

Af heildarútgjöldum vegna sjúkratrygginga nemur framlag rikissjóðs um 89% og hlutur sveitarfélaga um 11%. Hækkun á framlagi rikissjóðs frá fjárlögum er 23 700 m.kr. eða 48,9%. Um hækkunir einstakra liða sjúkratrygginga er þetta að segja: Vistgjöld á sjúkrahúsum og hælum eru alls áætluð 44 600 m.kr. og er það hækkun um 14 560 m.kr. eða 48,5%. Taxtar rekstrardaggjalda hækkuðu um 7,0% 1. mars 1980, 11,1% í júní og síðan aftur um 11,8% 1. september. Þá er gert ráð fyrir að rekstrardaggjöld sjúkrahúsa hækki um 10,5% 1. des. n. k. og að vegin hækkun á árinu 1981 nemi 15% og er það í hátt við launa- og verðlagsforsendur frumvarpsins. Áætlunin felur í sér að grunnrekstrargjöld sjúkrahúsa nemi 42 200 m.kr. en auk þess eru 2 400 m.kr. ætlaðar til þess að mæta rekstrarbreytingum og til að mæta hugsanlegum halla á rekstri sjúkrahúsanna á árinu 1980. Þess ber að geta að úr daggjöldum fyrir árið 1981 hafa verið felldar 1 800 m.kr. vegna laga nr. 57/1978, en þar er gert ráð fyrir að viðhald sjúkrahúsa greiðist að jöfnu af ríki og sveitarfélögum og til þess komi bein fjárveiting í fjárlögum. Sú fjárveiting verður 900 m.kr. og er færð á lið 08-391. Verði þátttaka rikissjóðs í viðhaldi greidd í formi daggjalda með 85% þátttöku ber nauðsyn til að breyta lögum þar að lútandi og afla tekna til þessa verkefnis. Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra og fjármálaráðherra hafa beitt sér fyrir því að fram fari athugun á starfsmannahaldi og starfstilhögun á sjúkrahúsum sem rekin eru með daggjöldum og er þá haft í huga að stjórn á fjárstreymi og starfstilhögun allri verði styrkari.

Með lögum nr. 47/1979 um aðstoð við þroskahefta eru sett ákvæði um vistgjöld á stofnunum þroskaheftra. Vistgjöld þessi eru nú færð sem sérstakur liður og er áætlað að þau nemi alls 2 400 m.kr., en þar er um verulega hækkun að ræða frá fjárlögum 1980. Útgjöld vegna læknishjálpar aukast um 1 730 m.kr., vegna lyfja um 2 255 m.kr. og vegna tannlækninga um 1 080 m.kr. Hækkun þessara liða er á bilinu 37—60%. Hækkun kostnaðar vegna lyfja er ívið undir verðlagshækkunum. Þess ber að geta að miðað er við að þátttaka sjúklunga í lyfjakostnaði haldist hlutfallslega svipuð og hún hefur verið. Þáttökugjald sjúklunga í lyfjakostnaði og sérfræðiaðstoð var breytt þannig með reglugerð nr. 185/1980 að ellilífeyrisþegar og öryrkjar greiða til hálfis á við aðra. Jafnframt var gjaldið hækkað um 35% og nam þá fyrir erlend lyf 2 700 kr. og fyrir innlend lyf 1 000 kr. Hinn 1. september 1980 tók gildi ný reglugerð, nr. 436/1980, sem fól í sér 10% hækkun og nemur gjaldið nú 3 000 kr. fyrir erlend lyf og

1 100 kr. fyrir innlend. Um aðra liði er ekki að fjölyrða en þeir hækka yfirleitt í samræmi við hækkun verðlags og væntanlega magnaukningu þegar tekið er mið af reynslu síðustu mánaða.

- 273 Atvinnuleysistryggingasjóður. Heildarframlag til sjóðsins hækkar um 2 115 000 þús. kr. eða 63,0%, þar af nemur atvinnuleysistryggingagjald atvinnurekenda 705 000 þús. kr. sem færast jafnframt á tekjuhlið frumvarpsins. Mótframlag ríkissjóðs er tvöfalt framlag atvinnurekenda og hækkar því um 1 410 000 þús. kr.
- 274 Eftirlaunasjóður aldraðra. Í lögum nr. 97/1979 er kveðið á um eftirlaunasjóð aldraðra og fjárframlög til hans. Hér er um nýjan lið að ræða undir heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu. Á árinu 1980 var fjárveiting til sjóðsins færð undir fjármálaráðuneytið. Útgjöld sjóðsins breytast í aðalatriðum með launabreytingum og er fjárveiting því færð undir launaútgjöld og verðbætist á hliðstæðan hátt og launagreiðslur. Í lögum um eftirlaunasjóð aldraðra eru bráðabirgðaákvæði þess efnis að ríkissjóður greiði hlut atvinnuleysistryggingasjóðs þar til annað verði ákveðið. Fjárveitingin er miðuð við að sá háttur haldist á árinu 1981. Heildarframlagið nemur 1 434 604 þús. kr. en nam á árinu 1980 1 003 688 þús. kr. á liðum fjármálaráðuneytisins. Framlagið hækkar því um 430 916 þús. kr. eða 42,9%.
- 310 Ríkisspítalar og heilsugæslustöðvar. Í fjárlögum undanfarinna ára hefur verið nokkur fjárhæð á þessum lið sem fjárveitinganefnd hefur síðan ráðstafað. Í fjárlögum 1980 nam fjárhæðin 367 605 þús. kr. Nú eru áætlaðar 536 000 þús. kr. og er það hækkun um 168 395 þús. kr. eða 45,8%.
- 321 Geislavarnir ríkisins. Framlag fellur niður en er fært undir liðinn Landspítali. Framlag vegna launa nemur alls 18 818 þús. kr., til rekstrargjalda 4 300 þús. kr. og stofnkostnaðar 3 000 þús. kr. Staða Geislavarna ríkisins er óviss eins og sakir standa, m. a. vegna frumvarps til laga um hollustuhætti og hollustuvernd, en þar er stefnt að því að samræma undir eina stofnun ýmsar stofnanir er að hollustueftirliti starfa.
- 323 Tryggingaeftirlitið. Útgjöld hækka um 26 634 þús. kr. og nema alls 75 952 þús. kr. Hækkun launa nemur alls 23 424 þús. kr., þar af 9 353 þús. kr. vegna nýrrar stöðu lögfræðings, 6 700 þús. kr. vegna sérstakra verkefna á árinu 1981 og 7 371 þús. kr. vegna almennra launahækkana. Hækkun rekstrargjalda og viðhalds nemur 7 070 þús. kr. sem er í hátt við verðlagsbreytingar. Þá lækkar stofnkostnaður um 3 860 þús. kr. en á árinu 1980 aflaði stofnunin sér ýmiss konar tækjabúnaðar.
- 324 Heyrnar- og talmeinstöð Íslands. Framlag til stöðvarinnar nemur alls 232 842 þús. kr. og hækkar um 140 936 þús. kr. frá fjárlögum 1980. Þessi hækkun er þó ekki raunhæf til viðmiðunar þar sem nokkur fjárhæð var millifærð á árinu 1980 af Tryggingastofnun ríkisins á Heyrnar- og talmeinstöð. Heimiluð stöðugildi samkvæmt fjárlögum 1980 eru 11,5. Ráðninganefnd heimilaði á árinu tvær nýjar stöður, þ. e. stöður heyrnarfræðings og talkennara. Í samræmi við lög um stöðina á yfirlæknir að starfa þar í fullu starfi. Vegna þessa er bætt við hálfri stöðu yfirlæknis en þessi staða er aðeins setin að hluta 1980. Heimildir eru því alls 14,0. Launahækkun nemur alls 43 335 þús. kr., þar af 24 730 þús. kr. vegna nýrra staða og breytinga á stöðum og 18 605 þús. kr. vegna almennra launabreytinga. Rekstrargjöld nema alls 120 000 þús. kr. en námu 10 000 þús. kr. í fjárlögum 1980. Með lögum nr. 35/1980 er kveðið svo á að stofnunin annist útvegum á hvers konar hjálpartækjum fyrir heyrnarskerta og málhalta. Ráðherra setur reglur um þátttöku ríkisins í kostnaði vegna slíkra tækja í samræmi við hliðstæðar greiðslur almannatryggingalaga. Þessi ákvæði skýra hækk-

un rekstrargjalda svo og sértekjur stofnunarinnar, alls 28 000 þús. kr., en sértekjur námu 9 101 þús. kr. í fjárlögum 1980. Jafnframt féll niður framlag sveitarfélaga til stöðvarinnar en það nam 10% af rekstrargjöldum. Framlag til stofnkostnaðar og viðhalds hækkar um 6 500 þús. kr. og nema liðirnir 26 500 þús. kr.

302, 311, 312, 371—377 Ríkisspítalar. Í athugasemdum með fjárlagafrumvarpi fyrir árið 1980 var gerð allnákvæm grein fyrir starfsmannahaldi á ríkisspítölum og sundurliðun fjárveitinga til stofnana er til ríkisspítala teljast. Í þessu frumvarpi þykir rétt að skýra fjárframlög til ríkisspítala á hliðstæðan hátt og á síðasta ári. Fjöldi heimilaðra staða hefur breyst nokkuð frá fyrra ári. Í eftirfarandi yfirliti er sýndur fjöldi heimilaðra staða samkvæmt fjárlögum 1980, viðbótarheimildir á árinu 1980 og heimildir sem frumvarpið felur í sér og loks heildarstöðufjöldi samkvæmt frumvarpi fyrir 1981.

| | Fjárlög 1980 | Viðbætur 1980 heimilaðar af fjárveitinga- nefnd | | Viðbætur skv. frum- varpi 1981 | | Stöður alls |
|--------------------------------|-----------------|----------------------------------------------------------|-----------------|--------------------------------------|-----------------|----------------|
| | | núverandi starfsemi | ný starfsemi | núverandi starfsemi | ný starfsemi | |
| Skrifstofa ríkisspítala | 38,5 | 3,0 | — | — | — | 41,5 |
| Rannsóknastofa Háskólans | 54,7 | — | 2,0 | 6,0 | — | 62,7 |
| Blóðbanki | 18,7 | 1,0 | 2,0 | — | — | 21,7 |
| Landspítali | 815,5 | 28,0 | 10,3 | 45,0 | — | 898,8 |
| Kvennadeild Landspítala | 110,5 | 1,0 | 3,0 | — | — | 114,5 |
| Kleppsspítali | 295,7 | 1,0 | 1,0 | — | — | 297,7 |
| Vífilsstaðaspítali | 115,9 | 1,0 | — | — | — | 116,9 |
| Kristneshæli | 40,9 | 4,0 | — | — | — | 44,9 |
| Kópavogshæli | 170,2 | 5,0 | 3,0 | — | — | 178,2 |
| Vistheimili Gunnarsholti | 10,0 | — | 2,0 | — | — | 12,0 |
| Samtals | 1 670,6 | 44,0 | 23,3 | 51,0 | — | 1 788,9 |

Með bréfi frá 12. maí 1980 heimilaði fjárveitinganefnd 44,0 stöður á stofnunum ríkisspítala. Frumvarp fyrir 1981 er auk þess miðað við að stöðum vegna núverandi starfsemi fjölgi um 23,3 stöður. Þar af eru 13 stöður sem tengjast því er ríkisspítalar voru teknir á föst fjárlög og 10,3 viðbótarstöður vegna núverandi starfsemi sem skiptist niður á Landspítala og Kópavogshæli¹⁾. Að auki er ráð fyrir því gert að stöðu sérfræðings á rannsóknardeild Landspítalans verði breytt í stöðu yfirlæknis. Miðað er við að stöðum vegna nýrrar starfsemi fjölgi um 51,0. Þar er um að ræða 40,0 stöður vegna geðdeildar, 5,0 stöður vegna krabbameinslækninga og 6,0 stöður á Rannsóknastofu Háskólans. Áætlað er fyrir launum 185 nema á fjórum stofnunum ríkisspítala. Þar af eru 125 hjúkr-unarnemar og 60 nemar sem starfa í öðrum greinum heilbrigðisþjónustunnar. Fjárveitingar vegna nýrrar starfsemi á ríkisspítölum er sem hér segir í þús. kr.:

1) Skipting 10,3 staða er þannig: Landspítali, 0,5 staða yfirlæknis á göngudeild, 1,0 staða félagsráðgjafa, 1,0 staða hjúkrunarfræðings, 1,0 staða sjúkraliða, 1,0 staða meina-tæknis og 2,8 stöður starfsstúlkna Sóknar við barnaheimili Landspítalans. Kópavogshæli, 1,0 staða deildarþroskaþjálfara, 1,0 staða þroskaþjálfara og 1,0 staða sjúkraþjálfara vegna sundlaugar.

| | Stöður | Laun | Rekstrar- gjöld | Stofn- kostnaður |
|--------------------------------|--------|---------|--------------------|---------------------|
| Geðdeild | 40,0 | 250 000 | 50 000 | — |
| Krabbameinslækningar | 5,0 | 85 000 | 30 000 | 180 000 |
| Rannsóknastofa Háskólans | 6,0 | 67 000 | 20 000 | 50 000 |
| Samtals | 51,0 | 402 000 | 100 000 | 230 000 |

Fjárveiting vegna nýrrar starfsemi er aðeins til ofanefndra þriggja þátta og er hún við það miðuð að starfsemi hefjist í áföngum á árinu 1981. Endanleg ákvörðun um dreifingu nýrra stöðuheimilda innan ársins hefur ekki verið tekin og vísast til fjárveitinganefndar þar sem sú ákvörðun getur haft veruleg áhrif á endanlegan stöðufjölda. Í eftirfarandi yfirliti er sýndur launakostnaður við ríkisspítala samkvæmt fjárlögum 1980 og frumvarpi 1981 að frádrögnum framlagi til nýrrar starfsemi 1981. Launaliðurinn er miðaður við áramót hvors árs.

| | Fjárlög | | Hækkun | |
|--------------------------------|----------|----------|---------|------|
| | 1980 | 1981 | M.kr. | % |
| Skrifstofa ríkisspítala | 261,5 | 406,7 | 145,2 | 55,4 |
| Rannsóknastofa Háskólans | 486,1 | 753,1 | 267,0 | 54,9 |
| Blóðbanki | 144,7 | 254,5 | 109,8 | 75,8 |
| Landspítali | 6 519,1 | 10 626,1 | 4 107,0 | 63,0 |
| Kvennadeild Landspítala | 958,0 | 1 526,0 | 568,0 | 59,2 |
| Kleppsspítali | 2 268,9 | 3 527,8 | 1 258,9 | 55,4 |
| Vífilsstaðaspítali | 785,6 | 1 220,2 | 434,6 | 55,3 |
| Kristneshæli | 346,4 | 508,7 | 162,3 | 46,8 |
| Kópavogshæli | 1 024,2 | 1 648,9 | 624,7 | 60,9 |
| Vistheimili Gunnarsholti | 91,8 | 117,3 | 25,5 | 27,7 |
| Samtals | 12 886,3 | 20 589,3 | 7 703,0 | 59,8 |

Launaliður hækkar alls um 7 703,0 m.kr. eða 59,8% og er þá framlag til nýrrar starfsemi frátalið. Lætur nærri að launaliðurinn í heild hækki um rúmar 2 100 m.kr. umfram almennar taxtabreytingar. Margir þættir eru til skýringar. Fyrst skal nefna að útgjöld vegna 23,3 viðbótarstaða nema um 220,0 m.kr. Í annan stað komust í gagnið um og eftir mitt ár 44 stöður sem fjárveitinganefnd heimilaði. Í fjárlagafrumvarpi fyrir 1981 er áætlað fyrir þeim allt árið. Í þriðja lagi hefur viðmiðun um yfirvinnu og álagsgreiðslur verið breytt frá fjárlögum 1980. Í fjárlögum 1980 nam yfirvinna sem hlutfall af föstum launum 16% og álagsgreiðslur námu 14%. — Fjárveitinganefnd breytti framlaginu síðar á árinu 1980 þannig að 17% komu í stað 16% og 16% í stað 14%. — Í frumvarpinu fyrir árið 1981 er almennt miðað við að yfirvinna nemi 21,5% af föstum launum grunnheimilda og að álagsgreiðslur nemi 17,5% af sama stofni. Þá standa 17% vegna veikinda, afleysinga o. fl. óbreytt frá fjárlögum ársins í ár. Hækkun á hlutfalli yfirvinnu og álagsgreiðslna skýrir um 800 m.kr. af hækkun launaliðarins. Í tillögum heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins var farið fram á 58% álag ofan á föst grunnlaun til þess að mæta afleysingum, veikindum, yfirvinnu og álagsgreiðslum. Frumvarpið felur í sér 56% álag á föst laun að jafnaði. Á mismuninn er litið sem hagræðingarpátt í rekstri spítalanna. Fjórtíu atriði til skýringar á hækkun launaliðarins er að föst laun lækna og áhrif verðbótavísitölu á laun Sóknarfólks var hvort tveggja vanmetið í fjárlögum 1980. Þá er að nefna að laun vegna geislavarna ríkisins, alls 18 818 þús. kr., færast á launalið Landspítala, sbr. athugasemd við lið 08-231. Rekstrargjöld ríkisspítalanna aukast alls um 3 019,7 m.kr. eða 55,5% og verða alls 8 457,1

m.kr. Þá er rekstrargjaldaaukning vegna nýrrar starfsemi frátalin. Rekstrargjöld hækka frá fjárlögum 1980 umfram almenna viðmiðun um verðbreytingu 1980—1981. Skýrist þetta í aðalatriðum af því að verðlagsþróun ársins 1980 hefur aukið rekstrarútgjöld spítalanna umfram það sem talið var, auk þess sem ýmis starfsemi, s. s. rannsóknir, hefur aukist verulega. Þá er þess að geta að framlög vegna göngudeildar háþrýstirannsókna, 11,4 m.kr., og vegna rannsókna í samvinnu við Alþjóðaheilbrigðismálastofnunina, 2,9 m.kr., eru færð til rekstrarútgjalda hjá Landspítala. Áður voru báðir liðirnir undir fjárlagaliðnum ýmis heilbrigðismál 08-399. Þá er á hliðstæðan hátt og 1980 reynt að áætla sértekjur sem næst raunveruleikanum. Áætlun um rekstrargjöld svo og sértekjur er byggð á rauntölum fyrstu mánuði ársins 1980 og útkomu ársins 1979. Hækkun rekstrargjalda og sértekna er sýnd í eftirfarandi yfirliti. Bæði rekstrargjöld og sértekjur í frumvarpinu 1980 eru á áætluðu verðlagi ársins 1981.

| | Fjárlög | Frumvarp | Hækkun | |
|---------------------|---------|----------|---------|------|
| | 1980 | 1981 | M.kr. | % |
| Rekstrargjöld | 5 437,4 | 8 457,1 | 3 019,7 | 55,5 |
| ÷ Sértekjur | 1 508,2 | 2 334,3 | 826,1 | 54,8 |
| Mismunur | 3 929,2 | 6 122,8 | 2 193,6 | 55,8 |

Í fjárlögum fyrir 1980 nam fjárveiting til viðhalds ríkisspítala alls 669,5 m.kr. Fjárveiting fyrir 1981 er alls 946,2 m.kr. eða 276,7 m.kr. hærri fjárhæð en 1980. Fjárveiting til stofnkostnaðar, þ.e. framkvæmda og tækjakaupa, nam í fjárlögum 1980 alls 1 110,7 m.kr. Heildarfjárveiting á árinu 1981 er 1 842,0 m.kr. og er það hækkun um 731,3 m.kr. eða 65,8%. Skiptast framlögin þannig:

A Yfirstjórn mannvirkjagerðar á Landspítalalóð

1. Geðdeild

| | | |
|----------------------------------|-------|---------|
| Húsbúnaður og tæki | 80,0 | |
| Framkvæmdir vegna A-álmú | 350,0 | 430,0 |
| 2. Símtöð | | 37,0 |
| 3. Sumargjöf, barnaheimili | | 50,0 |
| 4. K-bygging | | 300,0 |
| 5. Tækjakaup | | 205,0 |
| 6. Stjórn og eftirlit | | 30,0 |
| | | <hr/> |
| | | 1 052,0 |

B Ný starfsemi

| | | |
|--------------------------------------|-------|-------|
| Krabbameinslækningar, tæki | 180,0 | |
| Rannsóknastofa háskólans, tæki | 50,0 | 230,0 |

C Stjórnarnefnd ríkisspítala

| | | |
|--------------------------------------|--|-------|
| Til nýframkvæmda og tækjakaupa | | 560,0 |
|--------------------------------------|--|-------|

Samtals

 1 842,0

Fjárveitingu til viðhalds og stofnkostnaðarverkefna á vegum stjórnarnefndar ríkisspítalanna hefur ekki verið skipt. Gert er ráð fyrir að fjárveitinganefnd muni skipta fjárveitingunni milli stofnana og á einstök verkefni í samvinnu við hlutaðeigandi aðila.

378 Læknishéradasjóður. Framlag til sjóðsins nemur alls 35 000 þús. kr. og hækkar því um 5 000 þús. kr.

- 380 **Námslán læknastúdenta.** Framlag til þessa verkefnis er ekki fært á sjálfstæðan fjárlagalið. Þess í stað eru veittar 3 000 þús. kr. til verkefnisins á lið 399 ýmis heilbrigðismál.
- 381 **Til sjúkrahúsa og læknisbústaða.** Heildarhækkun framlaga til þessa liðar nemur 1 594 684 þús. kr. og verður samtals 5 685 996 þús. kr. Hækkunin skýrist þannig: Bygging sjúkrahúsa, heilsugæslustöðva og læknisbústaða hækkar um 1 220 000 þús. kr., styrkir til heilsuverndarstöðva hækka um 94 684 þús. kr., og viðhald sjúkrahúsa um 300 000 þús. kr. Samkvæmt lögum nr. 57/1978 fellur viðhald bygginga og tækja úr daggjöldum. Í staðinn koma að hluta beinar fjárveitingar úr ríkissjóði. Í fjárlögum 1980 nam byggingarstyrkur til sjúkrahúss St. Franciscusarreglunnar í Stykkishólmi 20 000 þús. kr. Sú fjárveiting fellur nú niður, en gert er ráð fyrir að fjárveitinganefnd ákveði framlag til verkefnisins af fjárlagalið (08 381 0301) Bygging sjúkrahúsa, heilsugæslustöðva og læknisbústaða annarra en ríkissjúkrahúsa. Aðrir liðir eru óbreyttir frá fjárlögum.
- 391 **Héraðslæknar og heilsugæslustöðvar.** Framlag hækkar um 902 825 þús. kr. eða 72,8% og skýrist þannig: Laun hækka um 834 425 þús. kr. frá fjárlagatölu 1980. Fjárveitinganefnd ákvað við afgreiðslu fjárlaga 1980 að heimila 6,0 nýjar stöður á heilsugæslustöðvum. Fjárveitingin var miðuð við starf hluta ársins. Á árinu 1980 heimilaði fjármálaráðherra 12,5 nýjar stöður til heilsugæslustöðvar í Kópavogi. Það fól í sér tilflutning á stöðum sem höfðu áður verið greiddar af Tryggingastofnun ríkisins. Frumvarp þetta miðast því við eftirtaldir stöður: 76 læknisstöður, 59 stöður hjúkrunarfræðinga, 12,5 stöður ljósmæðra og 1 stöðu tannlæknis. Að öðru leyti hækka laun í samræmi við launabreytingar. Rekstrargjöld hækka um 18 400 þús. kr. og viðhald og stofnkostnaður um 50 000 þús. kr. sem er almenn verðlagsbreyting milli ára.
- 395 **Lyfjaeftirlit ríkisins.** Samkvæmt XI kafla lyfjalaga nr. 49/1978 skal Lyfjaeftirlit ríkisins starfa sem sjálfstæð stofnun. Fjárveiting til stofnunarinnar er nú veitt á sérstöku fjárlaganúmeri en fjárveitingin var áður viðfangsefni undir liðnum ýmis heilbrigðismál (08-399-0204). Heildarframlag nemur 30 984 þús. kr. en það er hækkun um 9 332 þús. kr. frá fjárlögum. Fjárveitingin felur í sér óbreytta starfsemi frá fyrra ári.
- 399 **Ýmis heilbrigðismál.** Þessi liður hækkar alls um 151 307 þús. kr. eða 25,8%. Á þessum lið hafa átt sér stað umtalsverðar breytingar frá fjárlögum. Fyrst skal nefna liði sem hafa hækkað frá fjárlögum en þeir eru helstir: Skólar heilbrigðisstétta 37 119 þús. kr., ljósmæðralaun 33 750 þús. kr., kostnaður samkvæmt farsóttu- og sóttvarnarlögum 34 661 þús. kr. og ýmsir aðrir liðir 52 329 þús. kr. Nokkrir nýir liðir koma nú til útgjalda en þeir eru: Framlag til lyfsölusjóðs 12 000 þús. kr., rannsóknir á heilsufarsáhrifum ákvæðislaunakerfa 5 000 þús. kr., námslaun læknastúdenta 3 000 þús. kr. sem áður var sérstakt fjárlaganúmer (námslán læknastúdenta) og ýmis framlög 10 000 þús. kr. Þá er þess að geta að nokkrir liðir sem fjárveitingu fengu 1980 falla nú niður eða færast til. Lyfjaeftirlit fær nú fjárveitingu á sérstöku fjárlaganúmeri 08-395 en fékk alls 21 652 þús. kr. 1980, viðfangsefnið 0116 Lækningatæki, lög nr. 43/1965, fellur niður alls 1 500 þús. kr., og tveir liðir færast á stofnanir ríkisspítala, þ. e. göngudeild háþrýstirannsóknna sem nam 1980 11 400 þús. kr. færast á Landspítalann og rannsóknir í samvinnu við WHO 2 000 þús. kr. sem færast á kvennadeild Landspítalans. Aðrir liðir eru óbreyttir frá fjárlögum.
- 471 **Gæsluvistarsjóður, framlag.** Framlag hækkar um 56 000 þús. kr. eða 59,5% og er öll hækkunin á viðfangsefninu, gæsluvistarsjóður. Aðrir liðir eru óbreyttir.

09 Fjármálaráðuneyti

Útgjöld helstu málefnaflokka fjármálaráðuneytisins breytast milli ára sem hér segir í m.kr.:

| | Fjárlög | Frumvarp | Hækkun | |
|----------------------------------------------|----------|----------|----------|-------|
| | 1980 | 1981 | M.kr. | % |
| Yfirstjórn | 678,2 | 1 039,2 | 361,0 | 53,2 |
| Tolla- og skattheimta | 3 174,4 | 4 874,5 | 1 700,1 | 53,5 |
| Lífeyrissjóðir, styrktarfé og eftirlaun | 5 484,4 | 6 884,4 | 1 400,0 | 25,5 |
| Annað | 16 643,0 | 46 732,0 | 30 089,0 | 180,8 |
| Samtals | 25 980,0 | 59 530,1 | 33 550,1 | 129,1 |
| Þar af markaður tekjustofn | 300,0 | 450,0 | 150,0 | 50,0 |

Markaður tekjustofn fjármálaráðuneytisins er áhættugjald vegna ríkisábyrgða sem rennur til ríkisábyrgðasjóðs.

Verður nú nánar vikið að einstökum fjárlagaliðum til skýringar á hækkun framlaga til málefnaflokka.

- 101 **Aðalskrifstofa.** Fjárveiting til reksturs skrifstofu hins almenna ráðuneytis verður 548 341 þús. kr. og er það hækkun um 186 043 þús. kr. frá fjárlögum ársins 1980. Hækkunin skiptist þannig á einstakar gjaldategundir: Laun hækka um 137 265 þús. kr. sem er um það bil 20 000 þús. kr. umfram almennar launahækkunar. Skýringin á þessari hækkun er sú að gert er ráð fyrir launum aðstoðarmanns fjármálaráðherra ásamt því að önnur dagvinnulaun og yfirvinna eru hækkuð til samræmis við reikningsniðurstöðu ársins 1979. Aðrir gjaldaliðir hækka samtals um 48 778 þús. kr. sem er einvörðungu vegna almennra verðlagshækkana.
- 103 **Ríkisbókhald.** Hækkun á þessum fjárlagalið nemur samtals 138 206 þús. kr. og verður fjárveiting 381 007 þús. kr. Hækkun skiptist þannig á einstakar útgjaldategundir: Laun hækka um 97 456 þús. kr., þar af eru 69 200 þús. kr. hækkun vegna almennra launahækkana frá fjárlögum 1980 og 28 256 þús. kr. sem ætlaðar eru til lausráðningar á starfsfólki. Önnur rekstrargjöld hækka um 35 650 þús. kr. sem er eingöngu vegna almennra verðlagshækkana. Viðhald hækkar um 800 þús. kr. og verður 1 800 þús. kr. sem er vegna viðhalds skrifstofuvéla o. þ. h. Stofnkostnaður hækkar um 4 300 þús. kr. og verður 6 600 þús. kr. sem á að verja til kaupa á skrifstofuvélum.
- 202 **Skattstofan í Reykjavík.** Fjárveiting til Skattstofunnar í Reykjavík verður 827 683 þús. kr. og er það hækkun um 278 263 þús. kr. frá fjárlögum ársins 1980. Hækkunin skiptist þannig á einstakar gjaldategundir: Laun hækka um 247 913 þús. kr. sem er 51,5% hækkun frá fjárlögum 1980. Hækkun umfram almennar launahækkunar nemur 41 300 þús. kr. og er fólgin í fjárveitingu að upphæð 32 800 þús. kr. vegna þriggja sérráðinna skatteftirlitsmanna auk þess sem önnur dagvinnulaun, yfirvinna og álagsgreiðslur hækka um 8 500 þús. kr. umfram almennar launahækkunar. Er þar um að ræða leiðréttingar frá fjárlögum 1980 svo og niðurstöðu ríkisreiknings fyrir árið 1979. Aðrir gjaldaliðir skattstofunnar í Reykjavík hækka samtals um 32 350 þús. kr. og verða 101 270 þús. kr. sem er í samræmi við almennar verðlagshækkunar. Þá er nú áætlað fyrir sértekjum að fjárhæð 2 000 þús. kr. sem ekki hefur verið gert fyrir.
- 204 **Skattstofa Vestfjarða, Ísafirði.** Hækkun framlags til skattstofu Vestfjarða nemur samtals 47 382 þús. kr. og verður fjárveiting þá 118 687 þús. kr. Hækkun fjárveitingar skiptist þannig á einstakar gjaldategundir: Laun hækka um 33 882

pús. kr. sem er um það bil 7 840 pús. kr. umfram almennar launahækkunir sem er ætlað til lausráðningar á aðstoðarfólki yfir háannatíma stofnunarinnar. Önnur rekstrargjöld hækka um 5 500 pús. kr. sem er um það bil 2 300 pús. kr. umfram almennar verðlagshækkunir. Er hækkun þessi tilkomin vegna aukinna kaupa stofnunarinnar á aðkeyptri tölvuþjónustu og vegna hækkunar á orkuverði. Viðhald verður 9 000 pús. kr. og hækkar um 6 000 pús. kr. og á að verja þessari fjárhæð til málunar utanhúss og endurnýjunar á gluggum og gleri. Gjaldfærður stofnkostnaður verður 4 000 pús. kr. og er það hækkun um 2 700 pús. kr. frá fjárlögum ársins 1980. Áætlað er að ljúka við frágang lóðarinnar að Urðarvegi 30 svo og að kaupa minni háttar skrifstofuvélar.

- 206 **Skattstofa Norðurlands eystra, Akureyri.** Fjárveiting til skattstofu Norðurlands eystra verður 216 593 pús. kr. og er það hækkun um 71 312 pús. kr. sem skiptist þannig á einstakar gjaldategundir: Laun hækka um 62 891 pús. kr. sem er um það bil 8 400 pús. kr. umfram almennar launahækkunir. Umframfjárhæðin er tilkomin vegna ráðningar í stöðu skrifstofumanns en staða þessi var heimiluð af ráðninganefnd ríkisins frá 1. mars 1980. Önnur rekstrargjöld, viðhald og gjaldfærður stofnkostnaður hækka samtals um 9 121 pús. kr. og verða 28 815 pús. kr. sem er í samræmi við almenna verðlagsþróun. Þá hækka sértekjur um 700 pús. kr. og verða 1 900 pús. kr.
- 207 **Skattstofa Austurlands, Egilsstöðum.** Fjárveiting til skattstofu Austurlands verður 102 558 pús. kr. og er það hækkun um 33 133 pús. kr. frá fjárlögum ársins 1980. Laun og önnur rekstrargjöld hækka samtals um 30 403 pús. kr. og verða 99 358 pús. kr. sem er innan almennrar verðlagsþróunar. Viðhald verður 3 000 pús. kr. og er það hækkun fjárveitingar um 2 200 pús. kr. Áformað er að fé þessu verði varið til að mála húsnæði skattstofunnar utanhúss. Þá hækkar gjaldfærður stofnkostnaður um 1 130 pús. kr. og verður 1 500 pús. kr. sem verja á til kaupa ýmissa skrifstofuáhalda. Þá hækka sértekjur stofnunarinnar um 600 pús. kr. og verða 1 300 pús. kr.
- 209 **Skattstofa Vestmannaeyja, Vestmannaeyjum.** Hækkun fjárveitingar til skattstofu Vestmannaeyja nemur samtals 18 460 pús. kr. og verður fjárveitingin þá 52 860 pús. kr. Hækkunin skiptist þannig milli einstakra gjaldategunda: Laun hækka um 13 660 pús. kr. sem er um það bil 1 800 pús. kr. umfram almennar verðlagshækkunir og er hækkun þessi tilkomin vegna leiðréttingar á öðrum dagvinnulaunum með hliðsjón af niðurstöðum ríkisreiknings fyrir árið 1979. Önnur rekstrargjöld, viðhald og gjaldfærður stofnkostnaður hækka samtals um 4 800 pús. kr. og verða 11 950 pús. kr. sem er í samræmi við almennar verðlagshækkunir. Sértekjur verða 300 pús. kr. en þær voru 300 pús. kr. í fjárlögum ársins 1980.
- 211 **Skattstofa Reykjanesumdæmis, Hafnarfirði.** Fjárveiting til skattstofu Reykjanesumdæmis verður 282 935 pús. kr. og er það hækkun um 100 543 pús. kr. frá fjárlögum ársins 1980. Hækkun fjárveitingar skiptist þannig á einstakar gjaldategundir: Laun verða 261 485 pús. kr. og er það hækkun um 91 093 pús. kr. frá fjárlögum 1980. Hækkun þessi er um það bil 17 800 pús. kr. umfram almennar launahækkunir og á rót sína að rekja til einnar stöðu sem var heimiluð af ráðninganefnd ríkisins frá 14. jan. 1980, svo og að nú er áætlað fyrir fæðispeningum til starfsfólks stofnunarinnar. Önnur rekstrargjöld hækka um 11 150 pús. kr. sem er um 78,5% hækkun frá fjárlögum ársins 1980. Hækkunin, sem er um 4 700 pús. kr. umfram almennar verðbreytingar, er tilkomin vegna hækkunar á húsaleigu hjá stofnuninni. Gjaldfærður stofnkostnaður verður 1 100 pús. kr. og hækkar um 300 pús. kr. Þá verða sértekjur 5 000 pús. kr. og er það hækkun um 2 000 pús. kr. frá fjárlögum 1980.

- 212 Skattstofur, sameiginleg útgjöld. Hækkun á þessum fjárlagalið nemur samtals 157 536 þús. kr. og verður fjárveiting því 342 440 þús. kr. Kostnaðaráhrif hinna nýju skattalaga fyrir hverja einstaka skattstofu eru ekki komin í ljós en ætla má að þau verði veruleg. Væntanlegur kostnaðarauki er því færður undir einn sameiginlegan útgjaldalið þar sem erfitt er að meta hvernig þessi viðbótar-kostnaður muni falla á hverja skattstofu fyrir sig. Laun hækka um 7 536 þús. kr. og verða 21 440 þús. kr. Önnur rekstrargjöld verða 321 000 þús. kr. sem er 150 000 þús. kr. hækkun frá fjárlögum ársins 1980.
- 214 Ríkisskattanevnd og skattsektanevnd. Fjárveiting hækkar samtals um 52 555 þús. kr. og verður 120 798 þús. kr. Skiptist hækkun framlagsins þannig á einstak- ar gjaldategundir: Laun hækka um 47 161 þús. kr. sem er um það bil 22 400 þús. kr. umfram almennar launahækkanir. Í fjárlögum fyrir árið 1980 var við það miðað að í ríkisskattanevnd ættu sæti þrír menn sem hefðu starfið að aðalstarfi. Var það í samræmi við lög nr. 40/1978, en áður hafði ríkisskatta- nevnd verið skipuð sex mönnum sem höfðu starfið að aukastarfi. Í lögum nr. 7/1980 er ákveðið að sex menn skuli eiga sæti í ríkisskattanevnd og tveir nefndarmanna hafi störfina að aðalstarfi. Launahækkunin skýrist að megin- hluta til af þeirri breytingu svo og að ætla má að kærufjöldi aukist í kjölfar nýrra skattalaga. Aðrir gjaldaliðir hækka samtals um 5 394 þús. kr. og verða 15 984 þús. kr. sem er í samræmi við almenna verðlagsþróun.
- 263 Tollgæslan. Fjárveiting til tollgæslunnar hækkar um 264 366 þús. kr. og verður 911 090 þús. kr. Hækkun fjárveitingarinnar skiptist þannig á einstakar gjalda- tegundir: Laun hækka um 241 456 þús. kr. sem er um 20 000 þús. kr. undir almennum launahækkunum og skýrist af eftirfarandi atriðum: Lögð hefur verið niður ein tollvarðarstaða á Fáskrúðsfirði og 67% tollvarðarstarf á Seyðis- firði. Ennfremur hefur ein staða hjá tollgæslunni verið flutt á fjárlagalið tollstjóraembættisins í Reykjavík. Samtals er því hér um að ræða fækkun stöðugilda um 2,67. Aðrir liðir hækka samtals um 34 171 þús. kr. sem er í samræmi við almenna verðlagsþróun. Þá hækka sértekjur um 11 261 þús. kr. og verða 34 977 þús. kr.
- 381 Uppbætur á líffeyri. Liður þessi hækkar um 2 109 807 þús. kr. og verður 6 731 000 þús. kr. sem er vegna greiðslna á líffeyri.
- 385 Eftirlaunasjóður aldraðra. Með lögum nr. 97/1979 var stofnaður eftirlauna- sjóður aldraðra og var hann færður á ofangreint fjárlaganúmer á fjárlögum ársins 1980. Í þessu frumvarpi hefur eftirlaunasjóður aldraðra verið fluttur á fjárlagalið heilbrigðisráðuneytisins 08-274, eftirlaunasjóður aldraðra.
- 402 Fasteignamat ríkisins. Framlag hækkar um 121 392 þús. kr. og verður 351 193 þús. kr. Skiptist hækkun fjárveitingarinnar þannig á einstakar gjaldategundir: Laun hækka um 105 857 þús. kr. sem er um 13 400 þús. kr. umfram almennar launahækkanir. Skýringin á þessari hækkun er sú að heimilað hefur verið 1,0 stöðugildi kerfisfræðings við stofnunina, þannig að grunnheimildir verða 25,5 stöðugildi. Þá hefur ennfremur verið áætlað fyrir fæðispeningum fyrir starfs- fólk stofnunarinnar. Önnur rekstrargjöld hækka um 49 935 þús. kr. sem er í samræmi við almennar verðlagshækkanir. Viðhald og gjaldfærður stofnkostnaður hækka samtals um 5 600 þús. kr. og verða 15 000 þús. kr. Þá hækka sér- tekjur um 40 000 þús. kr. og verða 140 000 þús. kr.
- 999 Ýmislegt. Fjárveiting á þessum fjárlagalið hækkar samtals um 1 951 609 þús. kr. og verður 4 474 091 þús. kr. Hækkun fjárveitingar skiptist þannig á einstök viðfangsefni: Stjórnarráðið, símakostnaður og burðargjöld hækka um 169 647 þús. kr. og verða 322 200 þús. kr. Liðurinn til kaupa á blöðum samkvæmt

nánari ákvörðun ríkisstjórnarinnar hækkar um 70 000 þús. kr. og verður 170 000 þús. kr. Skýrsluvélagkostnaður vegna launagreiðslna hækkar um 276 000 þús. kr. og verður 436 000 þús. kr. Kostnaður vegna kjarasamninga hækkar um 15 100 þús. kr. og verður 35 100 þús. kr. Dómkröfur og málskostnaður hækkar um 20 000 þús. kr. og verður 40 000 þús. kr. en þessi hækkun er tilkomin vegna þess að liðurinn hefur verið verulega vanáætlaður undanfarin ár. Kostnaður vegna millipinganevnda hækkar um 5 000 þús. kr. og verður 15 000 þús. kr. Þungaskattsálagning með ökumælum hækkar um 2 010 þús. kr. og verður 19 000 þús. kr. Lífeyrissjóður bænda hækkar um 184 000 þús. kr. og verður 504 000 þús. kr. Liðurinn Laxárvirkjun vegna yfirtöku lána hækkar um 30 000 þús. kr. og verður 80 000 þús. kr. Þá hækkar liðurinn óviss útgjöld um 1 488 791 þús. kr. og verður 2 598 791 þús. kr. Þá er gert ráð fyrir að 100 000 þús. kr. af þessari fjárhæð renni til endurnýjunar á þaki húseignarinnar að Laugavegi 166 og til lagfæringar á skrifstofuhúsnæði fyrir Siglingamálastofnun samkvæmt ákvörðun sem tekin verður síðar. Eftirfarandi viðfangsefni lækka eða hverfa á brott úr fjárlögum 1980. Ýmis sameiginlegur kostnaður lækkar um 30 000 þús. kr. og verður 30 000 þús. kr. Tryggingabætur samkvæmt kjarasamningum lækka um 826 þús. kr. og verða 30 000 þús. kr. Borgartún 6 lækkar um 113 þús. kr. og verður 182 000 þús. kr. Liðurinn eftirlaun aldraðra félaga í stéttarfélögum skv. lögum nr. 63/1971 fellur út af þessum fjárlagalið en færast framvegis undir heilbrigðisráðuneytið 08-274, eftirlaunasjóður aldraðra. Þessi liður var að upphæð 278 000 þús. kr. í fjárlögum 1980. Aðrir liðir eru óbreyttir.

10 Samgönguráðuneyti

Hækkanir á framlögum til hinna einstöku málefnaflokka samgönguráðuneytisins breytast milli ára sem hér segir í m.kr.:

| | Fjárlög | Frumvarp | Hækkun | |
|------------------------------------|----------|----------|----------|-------|
| | 1980 | 1981 | M.kr. | % |
| Yfirstjórn | 116,6 | 177,8 | 61,2 | 52,5 |
| Vegamál | 23 983,5 | 35 000,0 | 11 016,5 | 45,9 |
| Önnur samgöngumál | 9 505,4 | 12 891,7 | 3 386,3 | 35,6 |
| | <hr/> | <hr/> | <hr/> | <hr/> |
| Samtals | 33 605,5 | 48 069,5 | 14 464,0 | 43,0 |
| Þar af markaðir tekjustofnar | 15 782,0 | 22 244,0 | 6 462,0 | 41,0 |

Markaðir tekjustofnar samgönguráðuneytisins eru þessir: Bifreiðaskattur er í tekjuáætlun talinn vera 5 650 000 þús. kr., gúmmígjald 75 000 þús. kr. og innflutningsgjald af bensíni 15 100 000 þús. kr. Þessir tekjustofnar nema alls 20 825 000 þús. kr. og hækka um 6 150 000 þús. kr. frá fjárlögum 1980. Vitagjald, sem fer til vitamála, er óbreytt eða 18 000 þús. kr. Skipaskoðunargjald hækkar um 6 000 þús. kr. og verður 21 000 þús. kr. Flugvallagjald hækkar um 300 000 þús. kr. og verður 1 350 000 þús. kr. Þá verður sérleyfisgjald 30 000 þús. kr., sem er hækkun um 6 000 þús. kr. frá fjárlögum 1980, en gjaldið rennur til sérleyfissjóðs.

101 Aðalskrifstofa. Fjárveiting hækkar alls um 61 187 þús. kr. og verður 177 826 þús. kr. Laun hækka um 46 087 þús. kr., þar af eru 4 530 þús. kr. vegna ráðningafræðings frá 1. júlí 1981. Að öðru leyti hækka laun um 41 557 þús. kr. Önnur rekstrargjöld hækka um 15 100 þús. kr., sem er nokkuð umfram almenna verðlagsþróun, en bá hefur verið tekið tillit til reikningsniðurstöðu 1979.

- 211 **Vegagerð ríkisins.** Framlag hækkar um 11 016 500 þús. kr. eða 45,9% frá fjárlögum 1980 og nemur framlagið alls 35 000 000 þús. kr. Þar af fara 8 500 þús. kr. til að styrkja vetrarsamgöngur og 34 991 500 þús. kr. til vegagerðar. Markaðir tekjustofnar samkvæmt tekjuáætlun frumvarpsins eru áætlaðir 20 825 000 þús. kr. Auk þess er lántaka vegna vegamála áætluð 11 000 000 þús. kr. en þar af fara 1 000 000 þús. kr. í lagningu bundins slitlags. Ríkisframlag er 3 175 000 þús. kr.
- 321 **Strandferðir, framlög.** Hækkun framlags til Skipaútgerðar ríkisins nemur 322 193 þús. kr. og verður 1 337 573 þús. kr. Laun á yfirstjórn hækka um 45 556 þús. kr., þar af um 18 500 þús. kr. vegna fjölgunar um einn viðskiptafræðing sem ráðninganefnd hefur heimilað og vegna flutnings á einu stöðugildi vélaeftirlitsmanns af rekstrardeild ríkisskipa. Laun hjá starfsfólki við vöruafgreiðslu og hjá skipsáhöfnum hækka alls um 411 150 þús. kr. og er þá gert ráð fyrir rekstri á Heklu og Esju auk leiguskipis allt árið. Fjárfestingarliður er alls 900 000 þús. kr., þar af 400 000 þús. kr. til vöruafgreiðslu og bættrar aðstöðu í Reykjavík og 500 000 þús. kr. til nýrra skipa. Ekki hefur verið tekin endanleg ákvörðun um smíði nýrra skipa. Lántaka þar að lútandi er háð því hvort ráðist verði í þær framkvæmdir. Aðrir gjaldaliðir Skipaútgerðar eru í samræmi við almennar forsendur frumvarpsins. Framlög til flóabáta og vöruflutninga eru óbreytt frá fjárlögum ársins 1980 en samvinnunefnd Alþingis um samgöngumál gerir tillögu um skiptingu framlaga milli viðtakenda.
- 325 **Rekstrardeild ríkisskipa.** Framlag til rekstrardeildar ríkisskipa verður 133 751 þús. kr. Er það um 34 556 þús. kr. hækkun frá fjárlögum ársins 1980 og skintist þannig á einstaka gjaldaliði: Laun hækka um 28 104 þús. kr. og er það undir almennum launahækkunum. Skýringin er sú að tvö stöðugildi eru flutt af rekstrardeild ríkisskipa, annað á landhelgisgæslu og hitt á Skipaútgerð ríkisins. Aðrir gjaldaliðir hækka í samræmi við almennar verðlagsbreytingar um 8 052 þús. kr. og verða 22 635 þús. kr. Þá hækka sértekjur um 1 600 þús. kr. og verða 24 000 þús. kr.
- 331 **Vita- og hafnarmál, aðalskrifstofa.** Fjárveiting til aðalskrifstofu vita- og hafnarmála hækkar samtals um 26 039 þús. kr. frá fjárlögum ársins 1980 og verður alls 257 619 þús. kr. Rekstrarliðir hækka samtals um 113 039 þús. kr. sem er í samræmi við almennar verðlagsbreytingar. Stofnkostnaður lækkar um 7 000 þús. kr. og verður 3 000 þús. kr. Liðurinn framlag til B-hluta 40 000 þús. kr. fellur niður en um var að ræða fiárveitingu til úrbóta á aðstöðu starfsfólks áhaldahúss vitamálastjórnar. Sértekjur hækka um 40 000 þús. kr. en vinna verkfræðinga og tæknifræðinga er seld með álagi þeim aðilum sem að hlutaðeigandi verkefnum standa.
- 332 **Vitamál.** Hækkun framlags nemur samtals 254 890 þús. kr. og verður 685 843 þús. kr. Þar af hækka laun um 128 810 þús. kr. sem er nokkuð undir almennri verðlagsþróun og stafar af því að staða vitaverkfræðings er felld niður. Rekstrargjöld hækka um 38 050 þús. kr. sem er nokkuð umfram almennar forsendur frumvarpsins og hefur þá verið tekið tillit til reikningsniðurstöðu 1979. Viðhald hækkar um 38 000 þús. kr. og nemur alls 88 000 þús. kr. Gjaldfærður stofnkostnaður hækkar um 60 000 þús. kr. og er alls 100 000 þús. kr. sem renna til vitabygginga. Sértekjur hækka um 10 000 þús. kr. og verða alls 50 000 þús. kr. Tekjur eru tvíþættar, annars vegar hlutdeild Veðurstofu Íslands í launum vitavarða og hins vegar þjónusta við innsiglingaljós sem hafnarsjóðir bera kostnað af.

333 Hafnarmál. Framlög til hafnarmála hækka samtals um 645 148 þús. kr. eða 22,5% og skiptist hækkunin þannig á einstaka liði:

| | Fjárlög | | Hækkun | |
|----------------------------------------|-----------|-----------|----------|--------|
| | 1980 | 1981 | M.kr. | % |
| Til hafnarrannsóknna og mælinga | 30 000 | 40 000 | 10 000 | 33,3 |
| Hafnarmannvirki og lendingarbætur | 2 195 700 | 2 800 000 | 604 300 | 27,5 |
| Ferjubryggjur og sjóvarnargarðar | 96 000 | 108 000 | 12 000 | 12,5 |
| Landshafnir | 350 540 | 279 508 | - 71 032 | - 20,3 |
| Hafnarbótasjóður | 190 120 | 280 000 | 89 880 | 47,3 |
| Samtals | 2 862 360 | 3 507 508 | 645 148 | 22,5 |

Samkvæmt framangreindu yfirliti hækkar liðurinn ferjubryggjur og sjóvarnargarðar um 12 000 þús. kr. Sú hækkun er vegna viðfangsefnisins ferjubryggjur. Hafnarbótasjóður hækkar um 89 880 þús. kr. og hefur framlagið þá verið skert í samræmi við meginforsendur frumvarpsins. Liðurinn landshafnir lækkar um 71 032 þús. kr. en hann nær bæði til endurgreiðslu lána og framkvæmda við landshafnir. Lækkun þessi skýrist þannig að viðfangsefnið landshafnir, afborganir lána lækkar um 21 032 þús. kr., viðfangsefnið hafnarframkvæmdir við Grundartanga 100 000 þús. kr. fellur niður, þar sem hafnargerð er lokið þar, og viðfangsefnið landshöfn Keflavík—Njarðvík, framkvæmdir, hækkar um 50 000 þús. kr. og verður 150 000 þús. kr.

341 Siglingamálastofnun ríkisins. Samtals hækkar framlag til stofnunarinnar um 141 465 þús. kr. en það verður alls 431 783 þús. kr. Hækkunin skýrist þannig: Laun hækka um 105 165 þús. kr. sem er nokkuð umfram almennar launahækkanir, þar af eru 9 018 þús. kr. til lausráðninga vegna veikinda fastra starfsmanna. Að öðru leyti hækka laun um 96 147 þús. kr. sem er í samræmi við almennar launahækkanir. Rekstrargjöld hækka um 30 650 þús. kr. sem er allmikil hækkun umfram verðlagsforsendur og er þá tekið tillit til reikningsniðurstöðu 1979, auk þess sem útgáfukostnaður 10 000 þús. kr. færast nú á liðinn önnur rekstrargjöld en var áður áætlaður á liðnum gjaldfærður stofnkostnaður. Viðhald er ákveðið 3 000 þús. kr. og fer það í almennt viðhald á áhöldum, tækjabúnaði, bifreiðum og skrifstofuvélum. Ekki var áætlað fyrir viðhaldi 1980. Gjaldfærður stofnkostnaður hækkar um 4 150 þús. kr. og verður sá liður alls 26 500 þús. kr. Þar af fara 20 000 þús. kr. í mengunarvarnir og 6 500 þús. kr. í annan stofnkostnað.

471 Flugmálastjórn. Ákveðið hefur verið að framvegis verði flugmálastjórn stofnun í A-hluta fjárlaga. Fjárveiting til stofnunarinnar verður 4 316 852 þús. kr. sem er hækkun framlags um 1 572 387 þús. kr. eða 57,3% frá fjárlögum ársins 1980. Fjárveitingin skiptist þannig milli einstakra gjaldategunda: Laun hækka um 511 112 þús. kr. og verða 1 777 188 þús. kr. Önnur rekstrargjöld verða 752 818 þús. kr. sem er hækkun um 347 818 þús. kr. eða 160 000 þús. kr. umfram almennar verðlagshækkanir. Þessi umframhækkun er vegna þess að nú er áætlað fyrir leigugreiðslum á símalínu er flugmálastjórn hefur afnot af hjá Póst- og símamálastofnun. Viðhald verður 137 846 þús. kr. og hækkar um 45 866 þús. kr. Gjaldfærður stofnkostnaður verður 1 885 000 þús. kr. og hækkar hann um 435 000 þús. kr. Gert er ráð fyrir að fjárveitinganefnd Alþingis geri tillögu um skiptingu fjárlags milli einstakra framkvæmda. Framlag til einstaklinga og samtaka hækkar um 1 000 þús. kr. og verður 4 000 þús. kr. Sértekjur eru óbreyttar frá fjárlögum 1980 eða 240 000 þús. kr. Vextir og afborganir, sem áætlað var fyrir hjá flugmálastjórn meðan hún var í B-hluta

fjárlaga, færast nú yfir á ýmis lán rikissjóðs og eru samtals að fjárhæð 326 409 þús. kr. Innheimtar afborganir sem námu 10 500 þús. kr. í fjárlögum 1980 falla nú niður.

- 485 **Ýmis framlög.** Fjárlagaliður þessi nemur alls 70 596 þús. kr. Þar eru þrjú viðfangsefni, þ. e. framlög til flugbjörgunarsveita 2 000 þús. kr., framlag til Slysavarnafélags Íslands vegna tilkynningarskyldu fiskiskipa 62 596 þús. kr. og velferðarráð sjómanna 6 000 þús. kr.
- 651 **Ferðamál.** Framlag vegna launa nemur alls 48 729 þús. kr. og er það miðað við fjóra fastráðna starfsmenn auk annarra launa. Önnur rekstrargjöld eru 58 000 þús. kr. og gjaldfærður stofnkostnaður 103 271 þús. kr. Framlög til launa, annarra rekstrargjalda og stofnkostnaðar eru í samræmi við það fé sem stofnuninni er ætlað af skilafé Frihafnarinnar í Keflavík. Miðað er við að til stofnunarinnar renni 210 000 þús. kr. og er það 30% af áætluðu skilafé Frihafnarinnar. Auk þess renna 25 000 þús. kr. til Ferðamálasjóðs og hefur þá framlagið verið skert um sömu fjárhæð og í fjárlögum 1980. Þá eru stofnuninni ætlaðar 3 000 þús. kr. í sértekjur.
- 652 **Veðurstofa Íslands.** Fjárveiting til stofnunarinnar er alls 1 123 124 þús. kr. og er það hækkun um 382 332 þús. kr. frá fjárlögum 1980. Hækkunin skiptist sem hér greinir: Laun hækka um 284 176 þús. kr. vegna almennra launabreytinga. Önnur rekstrargjöld hækka um 179 545 þús. kr. sem er nokkuð umfram verðlagsþróun. Það skýrist af hækkun rekstrarkostnaðar, sem færður er á viðfangsefnið 0103 síma- og útvarpskostnaður, en kostnaður við þennan lið er reiknaður í samræmi við gildandi gjaldskrár póst- og símamálastofnunarinnar. Kostnaður vegna aukinna veðurfregna í útvarpi til sjófarenda er hér meðtalinn. Aðrir gjaldaliðir hækka samtals um 24 198 þús. kr. og er það í samræmi við verðlagsþróun, en stofnkostnaður alls verður 38 025 þús. kr. Liðurinn sértekjur hækkar um 105 587 þús. kr. og er alls 366 910 þús. kr.
- 656 **Landmælingar Íslands.** Endurskipulagning á starfsemi og rekstri Landmælinga ríkisins hefur staðið yfir á árinu 1980. Á árinu 1980 var tækjakostur stofnunarinnar bættur auk þess sem gjaldskrármál stofnunarinnar hafa verið endurskoðuð. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að heildarfjárveiting til stofnunarinnar lækki um 60 962 þús. kr. Laun hækka um 60 498 þús. kr. sem er nokkuð umfram almennar launahækkunir. Heimiluð stöðugildi eru 18,25. Í fjárlögum 1980 var gert ráð fyrir 17,25 stöðugildum en nú er miðað við 18,25 stöðugildi sem skýrir 8 780 þús. kr. hækkun umfram launaþróun. Önnur rekstrargjöld hækka um 47 500 þús. kr. og er það umfram verðlagshækkunir, en þá hefur verið tekið tillit til reikningsniðurstöðu 1979. Viðhald lækkar um 275 þús. kr. Stofnkostnaður var í fjárlögum 1980 54 310 þús. kr. en í frumvarpi 1981 20 815 þús. kr., þar af 14 200 þús. kr., vegna kaupa á leturvél. Lækkun liðarins er því 33 495 þús. kr. Sértekjur hækka um 134 990 þús. kr. og eru alls 258 190 þús. kr., en hækkun tekna er vegna breytinga á gjaldskrá og aukinna verkefna. Framlög til einstaklinga og samtaka falla niður en voru 200 þús. kr. á s. l. ári.

11 Iðnaðarráðuneyti

Framlög til hinna einstöku málefnaflokka iðnaðarráðuneytisins breytast milli ára sem hér segir í m.kr.:

| | Fjárlög | Frumvarp | Hækkun | |
|------------------------------------|----------|----------|---------|-------|
| | 1980 | 1981 | M.kr. | % |
| Yfirstjórn | 139,6 | 212,0 | 72,4 | 51,9 |
| Iðnaðarmál | 2 261,9 | 2 882,8 | 620,9 | 27,5 |
| Orkumál | 11 949,7 | 20 684,0 | 8 734,3 | 73,1 |
| | <hr/> | <hr/> | <hr/> | <hr/> |
| Gjöld samtals | 14 351,2 | 23 778,8 | 9 427,6 | 65,7 |
| Þar af markaðir tekjustofnar | 4 202,3 | 6 000,6 | 1 798,3 | 42,8 |

Markaðir tekjustofnar iðnaðarráðuneytisins breytast sem hér segir: Byggingar-iðnaðarsjóðsgjald hækkar um 44,0 m.kr. og verður 127,0 m.kr. Verðjöfnunargjald af raforku hækkar um 1 625,0 m.kr. og verður 5 500,0 m.kr., rafmagnseftirlitsgjald hækkar um 129,3 m.kr. og verður 373,6 m.kr.

- 101 **Aðalskrifstofa.** Fjárveiting hækkar um 72 404 þús. kr. og verður 212 004 þús. kr. Hún skiptist þannig á einstakar gjaldategundir: Laun hækka um 62 645 þús. kr. sem er um 12 708 þús. kr. umfram almennar launahækkunarir. Gert er ráð fyrir nýrri stöðu háskólamenntaðs fulltrúa 9 063 þús. kr. (launatengd gjöld meðtalin) og önnur laun hækka um 3 645 þús. kr. umfram almennar launahækkunarir. Önnur rekstrargjöld hækka um 18 809 þús. kr., viðhald um 350 þús. kr. og gjaldfærður stofnkostnaður um 600 þús. kr. Sértekjur eru hækkaðar verulega eða um 10 000 þús. kr. (66,6%) vegna hækkunar á gjaldskrá fyrir skráningu vörumerkja og einkaleyfa og er þá miðað við að tekjur af henni geti staðið undir nauðsynlegri þjónustu á þessu sviði.
- 201 **Iðntæknistofnun Íslands.** Fjárveiting hækkar um 47 155 þús. kr. og verður 473 108 þús. kr. Gjaldaliðirnir, laun, önnur rekstrargjöld, viðhald og gjaldfærður stofnkostnaður, hækka samtals um 213 218 þús. kr. og er það því sem næst í samræmi við almennar launa- og verðlagshækkunarir. Hins vegar eru sértekjur stofnunarinnar næstum fimmfaldaðar frá fjárlögum 1980 og er þar byggt á reynslu fyrri ára, en hækkun frá reikningi 1979 er tæplega 73%. Iðntæknistofnun Íslands er ein af þeim stofnunum sem fjallað hefur verið um m.t.t. langtímaáætlunar Rannsóknaráðs ríkisins og vísast í því sambandi til greinargerðar um það (02-232).
- 203 **Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins.** Fjárveiting hækkar um 99 799 þús. kr. Laun hækka um 146 939 þús. kr. og er það um 40 200 þús. kr. umfram almennar launahækkunarir. Föst laun voru vanreiknuð í fjárlögum 1980 og nemur sú hækkun samkvæmt launagrundvelli frumvarpsins um 8 363 þús. kr. Önnur laun hækka um mismuninn, 31 837 þús. kr., og eru sértekjur hækkaðar á móti. Önnur rekstrargjöld hækka um 66 860 þús. kr. og rúmlega tvöfaldast frá fjárlögum 1980. Er þeirri hækkun ásamt launahækkuninni mætt með auknum sértekjum. Viðhald hækkar um 3 000 þús. kr. og verður 7 200 þús. kr. Gjaldfærður stofnkostnaður hækkar um 8 000 þús. kr. og verður 20 000 þús. kr. Sértekjur hækka um 125 000 þús. kr. eða 166,6% og hefur áður verið vikið að ástæðum þess.
- 221 **Lánasjóðir iðnaðarins og aðlögunargjald.** Framlag til lánasjóða iðnaðarins og greiðsla aðlögunargjalds hækkar um 375 000 þús. kr. og verður 1 625 000 þús. kr. Iðnlánasjóður hækkar um 125 000 þús. kr. og verður 425 000 þús. kr. Iðnrekstrar-sjóður hækkar um 50 000 þús. kr. og verður 150 000 þús. kr. Aðlögunargjald hækkar um 200 000 þús. kr. og verður 1 050 000 þús. kr. og er þar um að ræða greiðslu aðlögunargjalds frá 1980.

- 234 **Lagmetisiðjan Siglósíld.** Framlag til fyrirtækisins hækkar um 4 000 þús. kr. frá fjárlögum og nemur alls 100 000 þús. kr. Fyrirtækið átti við rekstrarerfiðleika að etja á árinu 1979 og 1980. Auk fjárveitingarinnar er áformað að afla fyrirtækinu 100 000 þús. kr. lánsfjár.
- 235 **Fyrirtæki og stofnanir, framlög.** Framlag hækkar um 50 000 þús. kr. Verður fjárveitingin 117 400 þús. kr. og rennur óskipt til Útflutningsmiðstöðvar iðnaðarins.
- 299 **Iðja og iðnaður.** Framlög á þessum lið hækka um 15 800 þús. kr. og verða 125 450 þús. kr. Einstök viðfangsefni breytast sem hér segir: Til eflingar iðnþróunar og tækninýjunga hækkar um 10 000 þús. kr. og verður 40 000 þús. kr. Til athugunar á orkufrekum iðnaði hækkar um 5 000 þús. kr. og verður 20 000 þús. kr. Til ullar- og skinnaverkefna hækkar um 6 000 þús. kr. og verður 18 000 þús. kr. Til orkusparnaðar hækkar um 5 000 þús. kr. og verður 45 000 þús. kr. og til Heimilisiðnaðarfélags Íslands hækkar um 700 þús. kr. og verður 1 200 þús. kr. Framlag til iðnráða og annarrar starfsemi á sviði iðnaðar er óbreytt, 1 250 þús. kr. Þá falla niður tvö viðfangsefni úr fjárlögum 1980, til Landgræðslusjóðs vegna vatnstöku 2 400 þús. kr. og til byggingarþjónustu Arkitektafélags Íslands 8 500 þús. kr.
